


**skoðun 16**

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Gluggar




## Litríkir herramenn
*Skræpótt jakkaföt í öllum mögulegum litum er það sem bandaríski hönnuðurinn Thom Browne leggur til á tískuvikunni í París.*
**FÓLK**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
**5. júlí 2012**
156. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## 22 ára Don Giovanni
*Fjölnir Ólafsson syngur titilhlutverkið í uppfærslu Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins.*
**tímamót 26**

## Áhugakokkar keppa
*Saga Film undirbýr nú íslenska útgáfu af raunveruleikaþættinum Masterchef.*
**popp 50**



## Elskar enska boltann
*Gylfi Þór Sigurðsson hefur skrifað undir fimm ára samning við Tottenham.*
**sport 44**

### veðrið í dag




**VÍÐA BJART** með köflum í dag má búast við hægri V-lægri eða breytilegri átt og hafgolu. Léttskýjað SA-til en skýjaðra annars staðar og stöku skúrir vestanlands og allra austast. Hiti 10-16°C yfir daginn.
**VEÐUR 4**



**HLAÐNAR VÖRÐUR VEKJA ATHYGLI** Þar sem hallar austur af Mosfellsheiðinni og Þingvallavatn blasir við er vinsæll áningarstaður ferðamanna, enda útsýnið fallegt yfir vatnið og Sandey. Ferðamenn hafa hlaðið fjöldann allan af vörðum þar, sem vekja athygli þeirra sem fara fram hjá.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Sveddi tönn tekinn höndum í Brasilíu

**Sverrir Þór Gunnarsson, einn höfuðpauranna í stóra fíkniefnamálinu, handtekinn í Rio de Janeiro vegna smygls á 46.000 e-töflum. Gaf upp falskt nafn.**

**LÖGREGLUMÁL** Sverrir Þór Gunnarsson, einnig þekktur sem Sveddi tönn, var handtekinn á Galeão-alþjóðaflugvellinum í Rio de Janeiro í Brasilíu á mánudag grunaður um að hafa skipulagt smygl á 46 þúsund e-töflum til landsins frá Lissabon í Portúgal.

Sverrir, sem var einn af höfuðpaurunum í stóra fíkniefnamálinu svokallaða um síðustu aldamót, hefur svo árum skiptir verið undir smásjá íslenskra lögregluyfirvalda grunaður um að hafa staðið á bak við mörg stór smyglmál Íslendinga hingað til lands og til Suður-Ameríku. Ekki hefur hins vegar tekist að hafa hendur í hári hans fyrr en nú.

Sverrir gaf upp falskt íslenskt nafn við komuna til Rio de Janeiro. Hann þóttist vera 43 ára Breiðhyltingur en þegar nafnið var sent íslenskum yfirvöldum komust þau fljótlega að því að sá maður var alls ekki í haldi lögreglu þar ytra.

Heimildarmenn Fréttablaðsins hafa hins vegar staðfest að Sverrir



**HANDTEKINN** Sverrir er annar þeirra sem sjást í brasilískum fréttum af málinu.

sé annar hinna handteknu sem sjáist á myndskeiðum með brasilískum fréttum af málinu.

Fram kemur á fréttavefnum Correio do Brasil að Sverrir hafi verið handtekinn á kaffihúsi ásamt brasilískum manni eftir að e-töflurnar fundust í farangri kærustu þess síðarnefnda. Hún hafi vísað þeim á mennina, sem hún hafi ætlað að afhenda fíkniefnin.

Þar segir einnig að Sverrir hafi komið til landsins með sama flugi og konan, og að á hótelherbergi hans hafi fundist hass sem hann hafi komist óáreittur með fram hjá tollvörðum á flugvellinum.

Efnin eru sögð um 300 milljóna króna virði í götusölu. Á vef brasilísku ríkislögreglunnar segir að þetta sé mesta magn verksmiðjuframleiddra fíkniefna sem fundist hefur á flugvellinum.

Sverrir hefur verið búsettur í Brasilíu og á Spáni síðan um miðjan síðasta áratug og nafn hans hafi ítrekað komið upp við rannsóknir á fíkniefnasmygli til Íslands, einkum frá Suður-Ameríku og Spáni.

Sakborningur í fíkniefnamáli benti síðast á Sverri fyrir dómi árið 2010 og sagði hann hafa skipulagt smygl á einu og hálfu kílói af kókaíni til landsins frá Spáni. Í málinu hlaut vinur hans, Davíð Garðarsson, fjögurra ára fangelsisdóm og var Sverris leitað um skeið á Spáni með hjálp þarlendra yfirvalda, án árangurs. **- sh**

Bjarndýrs leitað við Húnaflóa:

## Hvítabjarnarspor í fjörunni

**FÓLK** Hvítabjarnar var leitað í kringum Vatnsnes við Húnaflóa þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Ítalskir ferðamenn sem komu á veitingahúsið Geitafell í gærkvöldi fullyrtu að þeir hefðu séð hvítabjörn á sundi í sjónum. Húsráðendur á Geitafelli gerðu lögreglu viðvart. Þyrla Landhelgisgæslunnar aðstoðaði við leitina og í gærkvöldi höfðu spor fundist í fjörunni. Að sögn lögreglunnar á Blönduósi var gengið út frá því að um hvítabjarnarspor væri að ræða. **- þeb**








**YFIR 10.000 EINSTAKLINGAR** hafa nýtt sér legugreininguna frá okkur og fengið rúm sérsniðið að þeirra þörfum. Komdu og prófaðu og við gerum þér tilboð í heilsurúm sem hentar þér!

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

## SPURNING DAGSINS



*Sigurður Már, er þetta ekki svolítið kindarlegt?*

„Jú, það hefur þó ekki komið mér í koll enn.“

Sigurður Már Helgason hannaði gærukoll árið 1970 sem nú ber hróður íslenskrar hönnunar víða um heim.

Örykjabandalag Íslands safnar upplýsingum um fatlaða sem voru beittir órétti:

# Kæra framkvæmd kosninganna

**DÓMSMÁL** Örykjabandalag Íslands hyggst kæra framkvæmd forsetakosninga og krefjast þess að þær verði ógildar. Fatlaðir, sem ekki gátu kosið án aðstoðar, þurftu að fá hjálp einstaklinga úr kjörstjórn. Þó voru undantekningar gerðar á því. Með þessu eru kosningarnar ekki leynilegar, að sögn bandalagsins.

Blindrafélagið krafðist þess meðal annars fyrir kosningar að blindir fengju að velja fulltrúa til að aðstoða sig í kosningunum. Örykjabandalagið vísar nú til þess að undanþága hafi verið veitt blindum og hreyfihömluðum í stjórnlagaráðskosningunum vegna þess hversu flókinn kjörseðillinn var.




**FRÁ FORSETAKOSNINGUM** Örykjabandalagið ætlar að standa við bak þeirra sem þeir segja hafa verið beitta órétti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra benti á fyrir kosningarnar nú að Hæstiréttur hefði ógilt þær kosningar. Hins vegar er hvergi minnst á undanþágu til fatlaðra í úrskurðinum, að sögn ÖBÍ.

„Eftir að hafa fengið vitneskju um að þessi grundvallarréttur hafi verið brotinn á fjölmörgum einstaklingum ráðfærði Örykjabandalagið sig við lögfræðinga og hefur nú ákveðið að kæra kosningarnar,“ segir í tilkynningu frá ÖBÍ. „Unnið er að því að safna saman þeim sem voru órétti beittir og hafa hug á að vera með í málsókninni.“ - þeb

Mannréttindadómstóllinn:

## Mál tekin fyrir í næstu viku

**DÓMSMÁL** Mannréttindadómstóll Evrópu mun í næstu viku fjalla um mál blaðamannanna Erlu Hlynsdóttur og Bjarkar Eiðsdóttur gegn Íslandi.

Erla og Björk voru báðar dæmdar vegna ummæla sem þær höfðu eftir viðmælendum í tveimur greinum sínum, um að refsivert athæfi ætti sér stað á tveimur nektardansstöðum. Ummælin fengust ekki sannreynd og því voru þær dæmdar, en það telja lögmenn þeirra brot á mannréttindasáttmála Evrópu. - þeb

Áhyggjur af ritskoðun:

## ACTA hafnað á Evrópuþingi

**TÆKNI** Evrópuþingið hafnaði í gær upptöku hins umdeilda ACTA-samnings sem settur hefur verið til höfuðs höfundarlagabrotum.

Niðurstaðan var ótvíræð þar sem 478 þingmenn voru á móti, 39 voru fylgjandi og 165 sátu hjá. Samningurinn, sem flest aðildarríki ESB hafa þegar tekið upp, sem og Bandaríkin og fleiri, þykir bjóða upp á aukna ritskoðun á veraldarvefnum og vega að persónufrelsi almennings.

Framkvæmdastjórn ESB gæti reynt að leggja samninginn fyrir þingið að nýju að fengnum úrskurði Evrópudómstólsins um lögmæti samningsins. - þj



**ÓSÁTTIR VIÐ ENDUROPNUN** Mótmælendur í Pakistan brenna bandaríska fánann. NORDICPHOTOS/AFP

Pakistan opnar flutningaleið:

## Clinton baðst loks afsökunar

**PAKISTAN, AP Pakistanar hafa opnað á ný flutningaleið fyrir bandarísk hergögn til Afganistans, sem hefur verið lokuð í sjö mánuði, eða síðan Bandaríkjamenn felldu 24 pakistanska hermenn í loftárás.**

**Pakistanar féllust á að opna flutningaleiðina eftir að Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, lét undan kröfu pakistanskra stjórnvalda og baðst afsökunar á árásinni.**

**Bandaríkjastjórn hefur hikað við að biðjast afsökunar, að því er virðist af ótta við gagnrýni bandarískra stjórnarandstæðinga í miðri kosningabaráttu.** - gb

# Frágangur vegriða víða dauðagildra

**Frágangi vegriða á Íslandi er mjög ábótavant að mati Ólafs Guðmundssonar, fulltrúa EuroRAP á Íslandi. Sé ekki rétt gengið frá þeim geta þau verið dauðagildra. Stjórnvöld fylgjast ekki nógu vel með þróuninni í nágrannalöndunum.**

**SAMGÖNGUR** Frágangur á vegriðum á Íslandi er ófullnægjandi að mati eftirlitsaðila EuroRAP á Íslandi. „Hér á Íslandi eru vegriðsendar látnir ganga ofan í jörðina. Sums staðar erlendis er þessi frágangur bannaður,“ segir Ólafur Guðmundsson, fulltrúi EuroRAP á Íslandi.

EuroRAP er verkefni regnhlífarsamtaka bifreiðaeigendafélaga í Evrópu og gengur út á að hafa eftirlit með vegum og sjá til að þeir séu í samræmi við evrópsk viðmið.

Vegriðum er komið fyrir við þjóðvegi þar sem sérstök hætta steðjar að vegfarendum í umhverfi vegar. Vegrið eru til dæmis reist við brýr, utan um krappar beygjur og milli vegar og mikils bjargs eða fjallshlíðar.

„Nýlegt dæmi um slys þar sem vegrið gengur ofan í jörðina er þegar bíll ók upp á vegrið og endaði úti í Laxá á Ásum. Ástæðan fyrir því að Bretar bönnuðu svona frágang var að þar voru fimm ungmenni í bíl sem fór upp á svona enda. Bíllinn flaug svo hátt upp í loftið að hann lenti undir brúargólfi og afhausaði farþegana. Þá sögðu Bretar hingað og ekki lengra.“

Ólafur segist vita um nokkur íslensk dæmi um banaslys vegna þess að bílar hafi farið í loftköstum út fyrir veg og jafnvel endað í ám.

Um ástæður þess að ástandi vegriða á Íslandi sé ábótavant segir Ólafur einfaldlega að andvaraleysi stjórnvalda sé um að kenna. Það sé virkilega bagalegt þar sem umferðarslys orsaka flest ótímabær andlát hér á landi.

„Menn eru ekki að fylgjast nógu vel með. Það vantar kröfurnar hér og stefnuna í þessum málaflokki,“ segir Ólafur. „Það má ekki flytja inn bíl nema hann uppfylli allar kröfur og það sama er með brauðristir. Það er allt í lögum. Það er hins vegar ekkert í lögum um hvernig vegir eiga að vera. Það eru fullt af stöðlum um ljósastaura, vegrið og yfirborðsmerkingar og allt þetta dót. En það stendur hvergi í lögum að það eigi að fara eftir þessu. Vegagerðinni er bara sagt: „Smíðið hér veg og ekki eyða peningum í hann.““



**STÖKKPALLUR** Banaslys varð við þjóðveg 1 árið 2006 þegar ökumaður missti stjórn á bíl sínum með þeim afleiðingum að bíllinn flaug af vegriðinu og í ána. Vegriðsendinn hefur verið lagfærður. MYND/ÓLAFUR GUÐMUNDSSON

> Menn eru ekki að fylgjast nógu vel með. Það vantar kröfurnar hér og stefnuna í þessum málaflokki.
>
> **ÓLAFUR GUÐMUNDSSON**
> FULLTRÚI EURORAP Á ÍSLANDI

Ólafur vill þó líka benda á framkvæmdir sem standast kröfur. „Allt sem er gert í Reykjavík í dag er í lagi. En það eru úti um allt land kolvitlausir endar og meira að segja endar sem ganga beint út í loftið. Það má til dæmis finna þannig á Gullinbrúnni.“

„Ísland er þróunarland í vegagerð,“ segir Ólafur enn fremur og bendir á að fólk verði að átta sig á að litlu hlutirnir skipti líka máli. „Það er alltaf verið að tala um það stóra eins og að grafa göng eða byggja stór mannvirki.“ birgirh@frettabladid.is



**MEÐ HREINA SAKASKRÁ** Mennirnir hafa ekki hlotið dóma í heimalandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Segjast lítið hafa vitað:

## Játa aðeins sök að hluta til

**DÓMSMÁL Þrír Pólverjar sem sæta ákæru fyrir að hafa flutt til landsins tæp níu kíló af amfetamíni í sjampóbrúsum neita þeim sökum sem bornar eru á þá í ákæru. Þetta kom fram við þingfestingu málsins í gær.**

**Mennirnir þrír játa að hafa flutt til landsins töskur sem reyndust innihalda fíkniefni. Þeir halda því hins vegar fram að þeir hafi ekki vitað hvaða efni væri í töskunum eða hversu mikið magn. Þá neita þeir að hafa staðið í sameiningu að innflutningnum.**

**Fram kom fyrir dómi í gær að mennirnir hefðu allir hrein sakavottorð í Póllandi.** - sh

Netflix-notendur slá met:

## Gláptu á netið í milljarð stunda

**TÆKNI** Notendur kvikmyndaveitunnar Netflix settu nýtt met í síðasta mánuði þegar þeir horfðu á rúman milljarð klukkustunda af bíómyndum og þáttum af vef fyrirtækisins.

Netflix hefur um 26,5 milljónir áskrifenda og hefur þá hver notandi horft á um 38 klukkustundir af efni í júní.

Forsvarsmenn fyrirtækisins búast við því að áhorf muni enn aukast eftir því sem fleiri snúa baki við hefðbundnum sjónvarpsrásum. Eins er stefnt að auknu framboði og betra notendaviðmóti á síðunni. - þj






Sportkafarar segja vanhugsað að leggja gestagjald á þá sem eru á eigin vegum:

# Aukin hætta með gjaldi í Silfru

**ÖRYGGISMÁL** „Gjaldtaka í Silfru breytir engu um öryggi og eykur það ekki, heldur þvert á móti getur stuðlað að því að rekstraraðilar fari að spara við sig starfsmenn og auki þar með hættu á slysum frekar en að draga úr henni,“ segir Anna María Einarsdóttir, gjaldkeri Sportkafarafélags Íslands.

Anna bendir á að ekki aðeins rekstraraðilar við Silfru eigi að greiða 750 krónur fyrir hvern gest. „Þingvallanefnd ætlar að vanhugsuðu máli að rukka alla kafara sem fara í Silfru um gjaldið, óháð því hvort um er að ræða einstaklinga á eigin vegum eða kafara sem keypt hafa þjónustu og leiðsögn af rekstraraðilum sem selja slíkar ferðir,“ segir Anna sem kveður sportkafara telja þetta brjóta í bága við jafnræðisregluna því aðrir ferðamenn séu ekki rukkaðir um gestagjöld.

Anna kveður Sportkafarafélagið hafa vakið máls á því að breyta þurfi lögum og reglum um atvinnuköfun því núverandi reglur nái aðeins til svokallaðrar iðnaðarköfunar. „Öryggismál kafara eru því að mati Sportkafarafélags Íslands fyrirsláttur formanns Þingvallanefndar enda heyra málefni köfunar ekki undir nefndina heldur Siglingastofnun,“ segir hún.



**Í SILFRU** Gjaldkeri Sportkafarafélagsins skoðar sig um í Silfru. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Látum eitt yfir alla ganga og tökum bara upp almennan aðgangseyri að þjóðgarðinum. Það er eina réttlætið og þá taka allir þátt í uppbyggingunni, ekki bara sumir,“ segir Anna. - gar


RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
SUMAR ÚTSALA
20-65%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM OG SESSUM!
ALLAR SESSUR
20-50%
AFSLÁTTUR
SESSUR FYRIR GARÐHÚSGÖGN
Mikið úrval af flottum sessum fyrir garðhúsgögn á frábærum afslætti! Fyrstir koma, fyrstir fá!
ALLIR BLÓMAPOTTAR
50%
AFSLÁTTUR
46%
AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 12.995
6.995
PRISCA GARÐSTÓLL
Staflanlegur armstóll úr stáli og sterku polyrattan efni.

## GENGIÐ 04.07.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,82 | 126,42 |
| Sterlingspund | 196,9 | 197,86 |
| Evra | 158,06 | 158,94 |
| Dönsk króna | 21,253 | 21,377 |
| Norsk króna | 21,056 | 21,18 |
| Sænsk króna | 18,145 | 18,251 |
| Japanskt jen | 1,575 | 1,5842 |
| SDR | 190,74 | 191,88 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
219,5859

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

ESA segir aðstoð við Verne gagnaver brjóta í bága við EES-samninginn:

# Verne greiði ríkinu 220 milljónir

**EFNAHAGSMÁL** Verne gagnaver þarf að endurgreiða íslenska ríkinu 220 milljónir króna, samkvæmt ákvörðun ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA. Stofnunin segir að um ríkisaðstoð hafi verið að ræða sem brjóti í bága við EES-samninginn og gerir ríkinu að endurheimta féð.

Aðstoðin var veitt árið 2008 þegar Verne keypti fimm byggingar í gömlu herstöðinni við Keflavíkurflugvöll af ríkinu. Kaupverðið var undir markaðsvirði og ESA metur það sem ólögmæta ríkisaðstoð. Því beri fyrirtækinu að greiða 220 milljónir, sem er munur á kaupverði og markaðsverði. Þá telur ESA að undanþágur sem Reykjanesbær veitti árið 2009 frá fasteigna- og gatnagerðargjöldum séu einnig ósamræmanlegar EES-samningnum og þurfi að endurheimta féð frá Verne.



**BÆJARSTJÓRI OG FULLTRÚI VERNE** ESA hefur úrskurðað að undanþága sem Reykjanesbær veitti Verne hafi brotið gegn EES-samningnum.

„Við sölu á fasteignum geta yfirvöld með einföldum hætti komist hjá því að veita ríkisaðstoð. Markaðsvirði er hægt að fastsetja annað hvort á grundvelli óskilyrts útboðs eða á grundvelli óháðs sérfræðimats. ESA mun ævinlega fara fram á endurheimtur á allri ótilkynntri ríkisaðstoð sem samræmist ekki EES-samningnum og veitt hefur verið í bága við skyldu yfirvalda til að bíða samþykkis ESA,“ segir Oda Helen Sletnes, forseti ESA. **- kóp**

Harmleikur í Þýskalandi:

# Varð fimm að bana í gíslatöku

**ÞÝSKALAND 53 ára gamall maður drap fjóra og framdi svo sjálfsmorð í borginni Karlsruhe í Þýskalandi í gær. Maðurinn hafði tekið fólkið sem gísla í íbúð sinni.**

**Bera átti manninn og konu hans út úr íbúð sinni og komu fulltrúi frá yfirvöldum, félagsráðgjafi, lásasmiður og nýr eigandi íbúðarinnar þangað í gærmorgun. Félagsráðgjafinn fékk að fara úr íbúðinni og gat þannig gert yfirvöldum viðvart um gíslatökuna. Lögreglumenn réðust inn í íbúðina og voru þá allir látnir.** **- þeb**



**PENINGAR** Raunávöxtun hreinnar eignar lífeyrissjóða var 3,0% fyrstu fimm mánuði ársins. Lögbundið viðmið er 3,5% á ári.

Nýjar tölur frá Seðlabanka:

# Ágæt ávöxtun lífeyrissjóða það sem af er ári

**EFNAHAGSMÁL** Hrein eign íslenskra lífeyrissjóða nam 2.241 milljarði króna í lok maí. Hækkaði eign þeirra um tæpa 4 milljarða frá því í apríl eða um 0,2%.

Innlend verðbréfaeign lífeyrissjóðanna nam 1.633 milljörðum í lok maí og erlend verðbréfaeign um 499 milljörðum króna.

Frá áramótum hefur hrein eign lífeyrissjóða hækkað um ríflega 142 milljarða króna eða 6,8%. Á sama tímabili hefur vísitala neysluverðs hækkað um 3,7% og hefur hrein eign lífeyrissjóðanna því vaxið um 3,0% frá áramótum. Lögbundið ávöxtunarviðmið lífeyrissjóða er 3,5% á ári. **- mþl**

Fimm ára samningar:

# Samið við alla háskólana

**MENNTAMÁL Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefur nú undirritað samninga við alla háskóla í landinu. Nú síðast voru gerðir samningar við Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Hólaskóla.**

**Samningarnir snúast um kennslu og rannsóknir til fimm ára og fylgir þeim viðauki þar sem starfsemi skólanna er skilgreind nánar. Haft var samráð um skilgreiningarnar og verða þær til endurskoðunar árlega.** **- kóp**

# Fagna tímamótum í leit sinni að guðseindinni

**Vísindamenn í Sviss hafa eftir margra ára leit fundið bóseind, sem þeir segja líklega vera Higgs-bóseindina. Tilvist hennar er talin geta útskýrt bæði efnismassa hlutanna og þyngdaraflið sem honum fylgir.**

**VÍSINDI, AP** „Við höfum nú fundið þann hornstein öreindafræðinnar sem vantað hefur,“ sagði Rolf Heuer, framkvæmdastjóri evrópsku kjarneðlisrannsóknarstofnunarinnar CERN í Sviss.

Hann var harla stoltur þegar hann kynnti vísindamönnum fund nýrrar bóseindar, sem hann sagði líklega vera fyrstu Higgs-eindina sem vísindamenn finna. Óljóst væri þó enn hvort þetta væri „guðseindin“ sjálf, sem sögð er útskýra hvernig alheimurinn varð til.

Mikil stemning var í salnum í CERN í gær þegar vísindamennirnir skýrðu frá uppgötvuninni, sem þeir sögðu marka mikilvæg tímamót í sögu kjarneðlisfræðinnar.

Meðal þeirra, sem fylgdust með, var Peter Higgs, breski eðlisfræðingurinn sem Higgs-eindin er nefnd eftir.

Stóri öreindahraðallinn í CERN var tekinn í notkun fyrir fjórum árum, gagngert til þess að leita að guðseindinni. Kostnaðurinn við byggingu hans og starfrækslu nemur 10 milljörðum dala, eða ríflega 1.270 milljörðum króna.

Samkvæmt staðallíkani eðlisfræðinnar er allt efni samsett úr frumeindum, sem síðan skiptast í öreindir. Það sem vantað hefur inn í þetta líkan er eitthvað sem útskýrir það hvernig efnið fær massa eða efnistregðu og þar með þyngdarafl.

Vísindamenn hafa smám saman sannfærst um að lausnin á þessum vanda hafi fengist með tilgátu frá árinu 1964, sem gengur út á það að inn í öreindalíkanið vanti eina bóseind, sem hamli hreyfingu annarra einda sem komast í návígi við hana. Utan um hana sé sem sagt tregðusvið, sem útskýri af hverju sumar öreindir fá efnismassa en aðrar ekki.



**PETER HIGGS FYLGDIST MEÐ AF ÁHUGA** Higgs-bóseindin er nefnd eftir þessum breska vísindamanni.

NORDICPHOTOS/AFP

Þessi eind fékk nafnið Higgs-bóseind, eftir breska eðlisfræðingnum Peter Higgs, sem ásamt fimm öðrum eðlisfræðingum kom fyrstur fram með þessa tilgátu fyrir nærri fimm áratugum.

Hún hefur einnig gjarna verið nefnd „guðseind“ vegna þess að tilvist hennar er það lykilatriði sem hingað til hefur vantað í útskýringu vísindanna á tilurð og þróun alheimsins.

„Þetta er bara byrjunin,“ segir samt James Gillies, talsmaður CERN. Vísindamenn munu nú halda áfram að rannsaka þessa nýfundnu eind þar til þeir skilja til fulls hvernig hún starfar. Þessar rannsóknir geta vel leitt af sér uppgötvun nýrra einda og náttúruafla, sem til þessa hafa verið óþekkt.

**gudsteinn@frettabladid.is**

## Nýfundin öreind talin vera Guðseindin

Samkvæmt staðallíkani eðlisfræðinnar er allt efni samsett úr 18 tegundum öreinda. Ein þeirra, Higgs-bóseindin, er talin geta útskýrt tilurð bæði efnismassa hluta og þyngdaraflið.




HEIMILD: GRAPHICNEWS



BÓKABÚÐ FORLAGSINS

Fiskislóð 39

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA
kl. 10–18
OG LAUGARDAGA
kl. 10–14

FORLAGIÐ

Kaffi á könnunni og næg bílastæði

## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HLÝNAR** Útlit er fyrir fínasta veður fram yfir helgi. Á morgun hvessir heldur á Vestfjörðum og Snæfellsnesi en annars staðar verður áfram hægur vindur. Horfur eru á bjartasta veðrinu SA-til og hitinn er heldur á uppleið. Fínasta sumarveður!




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 28° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 23° |
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 22° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 33° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 24° |
| París | 21° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



N1, Blönduósi

99 KR.
ÍS Í BRAUÐFORMI

NAMMIBARINN
52%
AFLÁTTUR

GÓMSÆT VEITINGATILBOÐ Á VÖLDUM N1 STÖÐVUM UM ALLT LAND

PYLSA MEÐ ÖLLU
199 KR.



# N1 MÓTIÐ OG EIN STÆRSTA FERÐAHELGI ÁRSINS!

# 15 KR.

## VERÐLÆKKUN Á ELDSNEYTI Í DAG*

Í tilefni N1 mótsins á Akureyri lækkum við verðið á eldsneytislítranum um 15 krónur um allt land til miðnættis, í aðdraganda einnar stærstu ferðahelgar ársins! Fylltu á tankinn í dag, nældu þér í skemmtileg sumarleikföng á góðu verði í leiðinni og nýttu þér hagstæð tilboð á ljúffengum veitingum á völdum þjónustustöðvum N1!

**ATH. N1 korthafar fá að sjálfsögðu líka tvo N1 punkta fyrir hvern keyptan eldsneytislítra!**

Lítri af bensíni kostar 228,70 kr. í dag í sjálfsafgreiðslu í stað 243,70 kr.
Lítri af díselolíu kostar 228,50 kr. í dag í sjálfsafgreiðslu í stað 243,50 kr.

*Venjubundin afsláttarkjör gilda ekki með þessu tilboði.




MUNDU AÐ FÁ STIMPIL Í VEGABRÉFIÐ!

AFSLÁTTUR AF ÚRVALI SUMARLEIKFANGA

25%



WWW.N1.IS

N1

Meira í leiðinni

**KJÖRKASSINN**



*Tókst þú á þig launaskerðingu í kjölfar efnahagshrunsins?*

| | |
|---|---|
| Já | 72,8% |
| Nei | 27,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú áhyggjur af stöðu íslenska lífeyrissjóðakerfisins?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Vísir

Wow Air hefur kært starfsmenn Iceland Express fyrir meintar viðskiptanjósnir:

# Iceland Express neitar ásökunum Wow Air

**VIÐSKIPTI** Iceland Express harðneitar því að hafa stundað viðskiptanjósnir með hlerun á svokallaðri Tetra-rás sem Wow Air hefur notað á Keflavíkurflugvelli. Bendir fyrirtækið á að umræddri rás hafi verið úthlutað til Iceland Express af rekstraraðila Tetratalstöðvakerfisins.

Greint var frá því í fjölmiðlum í gær að flugfélagið Wow Air og flugþjónustan Keflavik Flight Services (KFS) hefðu kært meintar viðskiptanjósnir starfsmanna Iceland Express, þar á meðal Pálma Haraldssonar, aðaleiganda og stjórnarformanns félagsins. Er þeim gefið að sök að hafa hlerað Tetra-rás KFS, þjónustuaðila Wow Air á Keflavíkurflugvelli, í þeim tilgangi að afla upplýsinga um farþegatölur og fleira sem snýr að starfsemi Wow Air.



SKARPHÉÐINN BERG STEINARSSON

Fram kom í máli Skarphéðins Bergs Steinarssonar, forstjóra Iceland Express, á blaðamannafundi vegna málsins í gær að KFS þjónaði Iceland Express fram í nóvember á síðasta ári og fékk meðan á samstarfinu stóð aðgang að Tetra-rásum sem eru á leyfi Iceland Express hjá Neyðarlínunni sem annast rekstur Tetratalstöðvakerfisins.

Nú hafi komið í ljós að KFS hafi ekki komið sér upp eigin samskiptarásum í Tetra-kerfinu eftir að samstarfinu lauk heldur notað áfram samskiptarásir Iceland Express. Í tilkynningu sem Iceland Express kynnti á blaðamannafundinum segir að það hljómi því eins og lygasaga að KFS og Wow Air hafi kært Iceland Express fyrir að hlera samskipti á rás sem Iceland Express hefur verið úthlutað. Þá hefur Iceland Express nú látið loka fyrir aðgang starfsmanna KFS að Tetra-rásum Iceland Express hjá Neyðarlínunni.

Loks kom fram á fundinum að Iceland Express hefur vissulega fylgst með farþegafjölda hjá Wow Air en það hafi verið gert með talningum inn og út úr flugvélum fyrirtækisins. **- mþl**




Komdu með til Kölnar!

Verð frá:

15.800 kr.*

BÓKAÐU HÓTEL OG BÍL

200.000 hótel í 165 löndum / 800.000 bílar í 125 löndum

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar.

FITON / SÍA

Iceland Express – lækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is


# Krefjast rökstuðnings fyrir gjaldi á farþega

**Eigendur Sjóferða Hafsteins og Kiddýjar efast um lögmæti 44,50 króna gjalds sem lagt er á farþega í Ísafjarðarhöfn. Hafnarstjórinn segir ekki óeðlilegt að greidd séu afkomutengd gjöld í farþegasiglingum eins og gerist með fiskiskip.**

**STJÓRNSÝSLA** „Það eru miklar tilfinningar á bak við þetta,“ segir Guðrún Kristjánsdóttir hjá Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar sem vilja skýringar frá Ísafjarðarbæ og hafnarstjóra á gjaldi sem lagt er á farþega fyrirtækisins.

Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar gera út þrjá farþegabáta frá Ísafirði. Fyrir um fimm árum lagði höfnin á sérstakt gjald á farþega sem fara um höfnina. Það er nú 44,50 krónur fyrir fullorðna og 23,25 krónur fyrir börn. Eigendur fyrirtækisins draga réttmæti gjaldsins í efa og vilja skýringar á eðli þess og lagalegum grundvelli. Í bréfi til bæjaryfirvalda segja þeir að „algjör óvissa“ ríki um framtíðina, nýjar álögur séu settar á reksturinn á hverju ári og kostnaður stöðugt aukinn. Fyrirtækið greiði nú þegar tæpa eina milljón króna í hafnargjöld.

„Vissulega erum við tilbúin að greiða umrætt gjald ef málefnaleg rök liggja fyrir gjaldtökunni, enda er það ekki vilji okkar að hlunnfara Ísafjarðarhöfn eða Ísafjarðarbæ,“ segir í bréfi Guðrúnar [Kiddýjar] og Hafsteins Ingólfssonar sem taka fram að samstarf við starfsmenn hafnarinnar hafi verið mjög gott.

Hvorki Guðrún né Hafsteinn vilja ræða efnislega um málið við Fréttablaðið. „Spurð þú bara bæjarapparatið,“ svaraði Guðrún innt eftir málavöxtum.

Bæjarráð vísaði málinu til Guðmundar M. Kristjánssonar hafnarstjóra. Guðmundur segir að auk hafnargjalda borgi öll fiskiskip og -bátar svokallað aflagjald sem sé 1,58 prósent af aflaverðmæti.

„Bátum Sjóferða Hafsteins og Kiddýjar hefur verið sköpuð fín aðstaða sem engir aðrir nota og hafnarstjórn taldi að það væri ekki óeðlilegt að þau borguðu afkomutengd gjöld eins og fiskibátarnir,“ segir Guðmundur um gjaldið sem lagt er á farþega Sjóferða Hafsteins og Kiddýjar og alla aðra farþega um Ísafjarðarhöfn.



**Í ÍSAFJARÐARHÖFN** Auk hafnargjalda borga öll skip sem nýta höfnina afkomutengd gjöld til að standa undir rekstrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Spurð þú bara bæjararapparatið.
>
> **GUÐRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR,** EIGANDI SJÓFERÐA HAFSTEINS OG KIDDÝJAR.

Að sögn Guðmundar mótmæltu Guðrún og Hafsteinn gjaldinu til að byrja með en það hafi þá verið lækkað. Síðan hafi þau greitt gjaldið – þó kannski ekki „þegjandi og hljóðalaust“ eins og aðrir í viðlíka rekstri.

Guðmundur segir höfnum heimilt að leggja á þau gjöld sem þau vilji til að standa undir þjónustu við viðkomandi útgerðarflokka. Eigendur Sjóferða virðist líta þannig á að gjaldinu sé beint að þeim persónulega. „Ég hef bent þeim á að þetta er ekki skattur á þeirra fyrirtæki heldur gjald sem þau eiga að innheimta fyrir okkur af sínum farþegum,“ útskýrir hafnarstjórinn.

**gar@frettabladid.is**


FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. vísir


**HVER ÞREMILLINN!** Sendið okkur myndir og upplýsingar um sóðaskap, hirðuleysi, slysagildrur og fleira. *thremillinn@frettabladid.is*

# Bæjarstjóri lætur fjarlægja slysagildru

Húsið þar sem Bryndísarsjoppa var starfrækt til ársins 2008 stendur yfirgefið við Hringbraut 16 í Hafnarfirði. Mikill sóðaskapur er á lóðinni þar sem sjoppan stóð og húsið sjálft er í niðurníðslu og útkrotað.

Íbúar við Hringbraut eru orðnir langþreyttir á óreiðunni á lóð sjoppunnar og hafa bent á að útidyrnar þar séu ekki læstar og mikið rusl og drasl sé inni sem beinlínis getur verið slysagildra fyrir börn og ungmenni sem stíga inn fyrir. Þá hafa krakkar gert það að leik sínum að brjóta tréplötur sem byrgja glugga hússins.

Hafnarfjarðarbær keypti lóðina og húsið fyrir nokkrum árum. Húsið hefur nú verið selt og sótt hefur verið um leyfi fyrir flutningum á því. Nýr eigandi mun greiða allan kostnað við flutningana.

„Það var kveðið á um að húsið skyldi farið 25. júní en það er verið að bíða eftir þinglýsingu afsals,“ segir Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri í Hafnarfirði. „Það er ekki hægt að flytja húsið fyrr en búið er að þinglýsa. Húsið er því á leiðinni í burtu, það er búið að samþykkja flutning á því og búið að sækja um leyfi lögreglu.“

Spurð hversu lengi íbúar í nágrenni gömlu sjoppunnar megi bíða eftir flutningunum segir hún það aðeins dagaspursmál.

Guðrún segir að til standi að fara í gatnaframkvæmdir á horni Hringbrautar og Selvogsgötu þar sem umrætt hús stendur. „Það á að laga gatnamótin og auðvelda aðgengi að Flensborgarskólanum. Í gömlu skipulagi var gert ráð fyrir hringtorgi en ekki var pláss fyrir það því húsið er á þessum stað.“ **- bþh**



**HIRÐULEYSI** Húsið hefur grotnað niður síðan Bryndísarsjoppan var og hét en starfseminni var hætt árið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ ERNIR

# ÚTSALA




## VORUM AÐ BÆTA VIÐ VÖRUM!

## ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR

# 500-4000 KR.

*fatnaður og skór á alla fjölskylduna*

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hvar hafa fornleifafræðingar fundið minjar um járnvinnslu til forna?*

**2.** *Hvað heitir húsgagnahönnuðurinn sem hannaði gærukollinn Loðling eða Fuzzy árið 1970?*

**3.** *Hvert er nú talið hafa verið banamein Jassers Arafats?*

**SVÖR**

*1. Í Fnjóskadal 2. Sigurður már helgason 3. Póloneitrun*

Íslenskt nýsköpunarfyrirtæki framleiðir húðkrem úr handtíndu þangi:

# Þangið í fangið og svo í andlitið

**NÝSKÖPUN** Sprotafyrirtækið Marinox hefur hannað húðkrem úr íslenskum sjávarþörungum. Húðkremið, sem meðal annars dregur úr hrukkumyndun, kom á markað í síðustu viku.

Að sögn Harðar G. Kristinssonar, framkvæmdastjóra Marinox, gera menn sér vonir um að koma kreminu inn á Bandaríkjamarkað eftir um það bil ár en einnig hafa fyrirtæki frá öðrum löndum sýnt því áhuga.

Þangið sem notað er við framleiðsluna er tínt úr fjöru með höndum. En þó finna megi hráefnið í fjöru er ekki hlaupið að því að nýta það með þessum hætti. „Við erum búin að vera ein fimm ár að þróa ferla til að vinna úr því og erum þá búin að hámarka þessa vinnuferla svo að við fáum sem allra mest út úr hráefninu," segir Hörður.



**HÖRÐUR G. KRISTINSSON** Það eru ekki margir sem finna hráefnið við framleiðslu sína í fjöru. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„En þetta er náttúrlega auðlind sem við þurfum að nota," bætir hann við. „Við höfum verið með yfir áttatíu konur sem hafa verið að prófa kremið hjá okkur og þær eru alveg í skýjunum með það. Mikill meirihluti þeirra hefur séð mikinn mun á sínum línum og hrukkum. Svo eru konur sem hafa verið með svokölluð roðavandamál og þau hafa snarminnkað með notkun kremsins." Húðkremið er fáanlegt á 32 útsölustöðum. - jse

ESA aðvarar Ísland:

# Neytendur hafi kvörtunarrétt

**NEYTENDUR** Íslensk stjórnvöld verða að tryggja neytendum rétt til að bera fram kvörtun vegna vátrygginga- og endurtryggingamiðlara, en íslenskri löggjöf er ábótavant í þeim efnum. Þetta kemur fram í áliti ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, en það telst lokaviðvörun til stjórnvalda. Verði ekki brugðist við henni getur málið farið fyrir EFTA-dómstólinn.

Ísland átti að innleiða tilskipun um miðlun trygginga árið 2005, en athugun ESA leiðir í ljós að það hefur ekki verið gert að fullu. - kóp

Tilkynning frá Alcoa Fjarðaáli:

# Fjarðaál flutti út vörur fyrir 95 milljarða

**VIÐSKIPTI Alcoa Fjarðaál flutti á síðasta ári út vörur fyrir 95 milljarða íslenskra króna. Ekkert annað fyrirtæki á Íslandi flytur út meira magn af vörum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Fjarðaáli um helstu tölur úr rekstri fyrirtækisins á síðasta ári.**

**Í tilkynningunni kemur enn fremur fram að ál nemi um 40% af öllum vöruútflutningi frá landinu sem er svipað hlutfall og útflutningur sjávarafurða. Rétt tæpur helmingur heildarútflutnings áls er vegna álversins í Reyðarfirði.**

**Loks kemur fram í tilkynningunni að um 35% af útflutningstekjum Fjarðaáls, eða um 33 milljarðar, verða eftir á Íslandi meðal annars í formi launa, opinberra gjalda, innkaupa frá birgjum og á vöru og þjónustu.**

- mþl

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Þriggja bíla árekstur

Þrír bílar lentu í árekstri við Sprengisand í Reykjavík á fimmta tímanum í gær. Engin meiðsl urðu á fólki en bílarnir skemmdust allir töluvert.

## NEYTENDUR

### Kartöflurnar koma

Fyrsta uppskeran af íslenskum kartöflum er væntanleg í verslanir á höfuðborgarsvæðinu í dag og á morgun. Framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda segir uppskeruna góða, ekki síst ef horft er til þurrkatíðarinnar að undanförnu. Kartöflunum verður fyrst dreift í verslanir á höfuðborgarsvæðinu og síðan á Suðurlandi og Suðvesturhorninu.

## VIÐSKIPTI

### Arion banki selur félag

Matvælaframleiðslufyrirtækið Fram Foods ehf. seldi í gær dótturfélag sitt í Finnlandi, Boyfood Oy, til finnska félagsins Felix Abba Oy. Heildarvirði viðskiptanna nemur 9,6 milljónum evra, jafngildi ríflega 1.500 milljóna íslenskra króna. Fram Foods er að fullu í eigu Eignabjargs ehf., dótturfélags Arion banka.



**MIKIL EYÐILEGGING** Eins og sjá má á þessari mynd er verkstæðið afskaplega illa farið eftir eldsvoðann. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Blíðan varnaði því að eldurinn bærist víðar

**Bílaverkstæði í Kópavogi gereyðilagðist í eldi. Mildi þykir að eldurinn hafi ekki náð að læsa sig í nálæg hús. Reykskemmdir urðu í nágrenninu og íbúar þurftu að loka gluggum og kynda heimili sín. Rannsókn er hafin á eldsupptökunum.**

**BRUNI** Bílamálunar- og réttingaverkstæðið Málningarverk við Vesturvör í Kópavogi gereyðilagðist í eldi í fyrrinótt.

Eldsupptök eru enn ókunn en lögreglan hefur hafið rannsókn á því hvað olli brunanum. Mikill eldsmatur var innandyra, meðal annars málningarlager.

Slökkvilið var kallað út rétt fyrir miðnætti á þriðjudag en slökkvistarf stóð þangað til á fjórða tímanum um nóttina.

Tvö fyrirtæki eru í húsum við hlið verkstæðisins og óttuðust slökkviliðsmenn um tíma að eldurinn bærist þangað. Meðal annars var notast við svokallaðan krabba áfastan vörubíl til að rjúfa þakið á húsinu og komast að glæðum.

Mikil mildi þykir að veður var gott, því að hefði verið hvasst þá hefði verið mun torsóttara að hefta útbreiðslu eldsins.

Reyk lagði í suður og austur yfir nágrennið og var íbúum í hverfinu ráðlagt að loka gluggum og kynda vel til að koma í veg fyrir að reykur bærist inn til þeirra.

Nokkrar reykskemmdir urðu í fyrirtækjunum tveimur sem standa við hlið verkstæðisins.

stigur@frettabladid.is

Fjögur fyrirtæki í ferðaiðnaði hafa innleitt nýtt gæða- og umhverfiskerfi:

# Nýtt gæðakerfi í ferðaiðnaðnum

**FERÐAIÐNAÐUR** Fjögur ferðaþjónustufyrirtæki fögnuðu því í gær að hafa lokið innleiðingu á Vakanum, nýju gæða- og umhverfiskerfi.

Fyrirtækin eru Bílaleiga Akureyrar, Ferðaskrifstofan Atlantic, hvalaskoðunarfyrirtækið Elding og Iceland Excursions Allrahanda.

Áslaug Briem, gæðafulltrúi Vakans, segir að nú þegar bíði tæplega þrjátíu fyrirtæki þess að taka upp kerfið og eru þau mislangt komin í gæðaúttekt Vakans. Fyrirtækin þurfa meðal annars að leggja fram öryggisáætlun og sýna fram á að þau starfi eftir nærri umhverfisvitund til að standast þá úttekt. En hvert er markmiðið með Vakanum? „Þetta eykur gæði, eflir umhverfisvitund hjá ferðaþjónustufyrirtækjum og eykur trúverðugleika íslenskrar ferðaþjónustu," segir Áslaug. „Það er náttúrlega mikilvægt að vernda náttúruna sem er okkar aðalsöluvara og svo megum við ekki gleyma því að við erum í harðri samkeppni við önnur lönd." - jse



**FRUMKVÖÐLARNIR FJÓRIR OG FERÐAMÁLASTJÓRI** Steingrímur Birgisson, frá Bílaleigu Akureyrar, Ólafía Sveinsdóttir, frá Atlantic, Rannveig Grétarsdóttir, frá Eldingu, og svo lengst til hægri er Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN







# GARÐPLÖNTU ÚTSALA

## Blómavals hefst í dag

### allar garðplöntur 20-70% afsláttur







**MATJURTIR**




**Runnar og fjölærar plöntur**




**TRJÁPLÖNTUVEISLAN HELDUR ÁFRAM**

**Kvistir, toppar, rifs og sígrænt!**
**Víðir, mispill og alparifs!**




blómaval

**FRÉTTASKÝRING:** Atvinnulíf á sunnanverðum Vestfjörðum

# Ekki meiri uppgangur í þrjátíu ár

**„Við erum að upplifa hér mestu uppgangstíma frá togaravæðingunni á áttunda áratugnum,“ sagði Sigurður Viggósson, framkvæmdastjóri sjávarútvegsfyrirtækisins Odda hf., um ástandið á suðurfjörðum Vestfjarða þegar blaðamaður hitti hann fyrir skemmstu á Patreksfirði.**



SIGURÐUR VIGGÓSSON



ÁSTHILDUR STURLUDÓTTIR

En hvað veldur því að menn eru farnir að bera ástandið nú saman við eitt mesta blómaskeið í sögu þessara byggða? Svarið er margþætt og spannar allt frá fiskeldi til ferðaþjónustu.

### Fólkinu fjölgar

„Það er ekkert atvinnuleysi hérna,“ segir Ásthildur Sturludóttir, bæjarstýra Vesturbyggðar. „Það vantar frekar fólk til vinnu. Varðandi húsnæðismálin þá horfir til vandræða þar. Á Bíldudal vantar húsnæði fyrir fjölskyldur. Einhverjir röskir menn ættu að fara að taka upp hamarinn og byggja hérna,“ segir hún og hlær við.

Eftir margra ára raun af fólksfækkun fær nú fólk á Patreksfirði og Bíldudal að sjá byggð sína vaxa. Fyrir fimm árum bjuggu rétt rúmlega hundrað manns allan ársins hring á Bíldudal en nú eru íbúar þar um tvö hundruð. Hér segjum við frá helstu þáttum sem valda þessu.

### Fiskeldið er vaxtarbroddurinn

Fyrirtækið Fjarðarlax er með eldiskvíar í Arnarfirði, Tálknafirði og Patreksfirði. Þegar blaðamaður var þar á ferð var verið að slátra 800 tonnum af laxi úr eldiskvíunum í Tálknafirði. Þegar laxinum er svo vaxinn nægilegur fiskur um hrygg bíða 2.000 tonn í Arnarfirði slátrunar og ein 5.000 tonn á Patreksfirði.

Að sögn Jóns Arnar Pálssonar, svæðisstjóra hjá Fjarðarlaxi, starfa þrjátíu og fimm manns hjá fyrirtækinu fyrir vestan en fyrirsjáanleg annatíð kallar á eina tuttugu starfsmenn til viðbótar næsta vetur.

Í síðasta mánuði fékk svo fyrirtækið Arnarlax rekstrarleyfi fyrir þrjú þúsund tonna laxeldi í Arnarfirði. Að sögn Víkings Gunnarssonar framkvæmdastjóra verður fljótlega hafist handa við byggingu sláturhúss og vinnslustöðvar en fyrirhugað er að vinnslan hefjist innan tveggja ára. Áður var fyrirtækið komið með leyfi fyrir 400 tonna eldi þannig að í heildina mun það vinna 3.400 tonn. Samtals munu því þessi tvö stærstu fiskeldisfyrirtæki á svæðinu slátra um 11.200 tonnum af laxi.

### Fosshótel á Patreksfirði

Í síðustu viku var skrifað undir samninga um rekstur Fosshótels á Patreksfirði. Hótelið opnar í maí á næsta ári og verður í endurgerðu húsi þar sem áður var sláturhús og fiskvinnsla. Þar verður 41 herbergi en svo stórt hótel hefur aldrei litið dagsins ljós í námunda við þetta svæði.

Hvaða þýðingu telur bæjarstýran að þetta hafi fyrir Vesturbyggð og nágrenni? „Þetta er mjög mikilvægt fyrir atvinnulífið hér og ferðaþjónustuna,“ segir Ásthildur. „Það er reyndar hótel í Breiðavík en það hefur vantað hótel á þéttbýlisstaðina þannig að ferðaþjónustan hefur ekki náð að vaxa eins og hún hefði í raun og veru átt að gera hérna á þessu svæði.“

Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Fosshótela, segir að starfslið sitt fyrir vestan verði skipað frá fimmtán til tuttugu manns.

Ásthildur fagnar því að fá meiri flóru í atvinnulífið og eins þeim óbeinu áhrifum sem hún telur fylgja með. „Þegar þú ert kominn með hótel þá þarf afþreyingu og þjónustu. Ég myndi telja að afleidd störf væru svona á bilinu fimm til tíu en svo eru það ýmsar aðrar jákvæðar breytingar sem fylgja þessu. Fasteignagjöldin hækka náttúrlega þegar búið er að taka húsið í gegn, útlit bæjarins batnar og stemningin og bjartsýnin verður meiri. Þetta smitar allt út frá sér.“



**FRÁ ELDISKVÍUM FJARÐARLAX Á TÁLKNAFIRÐI** Að sögn bæjarstýru Vesturbyggðar, sem umlykur Tálknafjörðinn, er fiskeldi helsti vaxtarbroddurinn þar fyrir vestan en hinn hefðbundni sjávarútvegur verður ávallt aðalundirstaðan. Atvinnulífið hefur sjaldan verið blómlegra fyrir vestan. MYND/JÓN ÖRN PÁLSSON

### Fiskvinnsla og þörungur

Kalkþörungafélagið hefur undanfarið stigaukið vinnslu á kalkþörungi úr Arnarfirði. Að sögn Páls Ágústssonar, trúnaðarmanns starfsmanna, starfa þar um tuttugu manns og fyrir liggja áætlanir um að auka afköstin enn frekar svo við því má búast að fjölga þurfi um fimm starfsmenn á næstu misserum.

Fiskvinnsla og útgerð hefur gengið brösuglega undanfarin ár á Bíldudal. Ófáir hafa reynt fyrir sér með vinnslu í fiskvinnslunni þar á milli þess sem hún hefur staðið tóm. Síðastliðið haust tók hins vegar fyrirtækið Arnfirðingur við rekstrinum þar af Perlufiski og segir Ásthildur að þar starfi nú þrjátíu og fimm manns. „Og fólk ber Arnfirðingi góða söguna,“ segir hún.

Að öllu þessu samantöldu má sjá að einhver innistæða er fyrir uppgangsræðu Sigurðar Viggóssonar.

**Jón Sigurður Eyjólfsson**
jse@frettabladid.is








**Í Ellingsen** færðu allt sem þarf fyrir útileguna á frábæru verði. Hvort sem þú ert í tjaldi eða ferðavagni þá erum við með útilegubúnaðinn sem hentar þér. Komdu við í Ellingsen áður en þú leggur í hann og skoðaðu úrvalið.



**COLEMAN** ATLANTIC MAX SVEFNPOKI
**7.900 KR.**



**COLEMAN** FERÐAGASGRILL
Fyrirferðarlítið grill með hitamæli
**49.990 KR.**



**CAMPINGAZ** KÆLIBOX 24 L
Með 12 v bílatengi
**16.100 KR.**



**COLEMAN** ÚTILEGUSTÓLL MEÐ ÖRMUM
Sterkur og samfellanlegur
**9.990 KR.**



**COLEMAN** DUAL ACTION PUMPA
Með blástri og sogi
**2.490 KR.**



**COLEMAN** LED VASALJÓS
Með gúmmígripi
**2.290 KR.**



**COLEMAN** TJALDDÝNA
Einbreið
**5.490 KR.**



**COLEMAN** FERÐAKLÓSETT
**16.990 KR.**



**COLEMAN** MICRO LJÓS
4 litafilmur fylgja sem hægt er að smella á
**5.990 KR.**



**COLEMAN** HITABRÚSI
0,75 ltr.
**3.990 KR.**



**COLEMAN** TAURI CONNECT X3
3ja manna, 4000 mm vatnheldni
**39.900 KR.**



**COLEMAN** COBRA
Létt 2ja manna tjald, 3000 mm vatnsheldni
**17.900 KR.**



**COLEMAN** SKJÓLVEGGUR
5,5 x 1,5 m
**9.990 KR.**



**COLEMAN** GASHYLKI 190 GR.
Própanól
**520 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 122011

# neytendur
hagur heimilanna

**14,2 PRÓSENT** er hækkunin á verðlagi á skyri á milli ára. Í maí árið 2011 kostaði kílóið af skyri 309 krónur en í maí í ár kostaði sama magn 353 krónur.

## GÓÐ HÚSRÁÐ Ísing í frysti

*Frystirinn lokast ekki nógu vel*



Það er fátt meira pirrandi en þegar frystirinn er orðinn svo yfirfullur að nýjar vörur komast ekki fyrir. Þá þarf oft að endurraða og henda því sem gamalt er orðið. Við það losnar pláss og vandamálið úr sögunni.

Við veggi frystikista og frystiskápa safnast oft ísing. Íslagið getur verið þykkt og takmarkað geymslupláss frystisins. Það má því oft finna pláss með því að hreinsa það. Safnist ísing fyrir í frysti má þó draga þá ályktun að skápurinn eða kistan lokist ekki nógu vel og að undir segulþéttinn komist hlýrra loft.

■ **Viðskipti**

## Neytendastofa sektar Max raftæki

Neytendastofa hefur lagt 150 þúsund króna stjórnvaldssekt á Max raftæki fyrir skort á upplýsingum í auglýsingum um vaxtalausar greiðslur, að því er kemur fram á vef stofnunarinnar. Bent er á að almennt beri raðgreiðslusamningar á kreditkorti bæði lántökugjöld og vexti en sumar verslanir bjóði samningana án vaxta. Neytendastofa hefur gert þá kröfu að þegar vaxtalausir samningar eru auglýstir komi skýrt fram hvert lántökugjald samningsins er. Gerð var athugasemd við auglýsingar Max í júlí 2011 og var þeim þá breytt. Í apríl 2012 vantaði aftur upplýsingar um lántökugjald í auglýsingar Max og var fyrirtækinu þá gert að greiða stjórnvaldssekt fyrir brot á eldri ákvörðun Neytendastofu.

■ **Ferðir**

## Makkamenn greiða hærra verð



Þeir sem nota Mac-tölvu við leit að hótelherbergi á ferðasíðunni Orbits fá tilboð sem er hærra en notendur PC-tölva fá almennt. Framkvæmdastjóri ferðasíðunnar Orbits segir niðurstöður kannana sinna sýna að 40 prósent Mac-notenda séu fúsari til að bóka herbergi á hóteli sem fengið hefur fjórar eða fimm stjörnur. Notendur Mac-tölva greiða 30 prósentum hærra verð fyrir næturgistingu á hóteli en notendur PC-tölva, að því er greint er frá á fréttavef Wall Street Journal.

# Hávörður kemur upp um svikamyllur á netinu

**Hótel sem herbergi er pantað á í gegnum netsíðu er ekki alltaf til í raun og veru. Starfsmenn hótela kannast heldur ekki alltaf við að bókað hafi verið herbergi hjá þeim þótt greitt hafi verið fyrir fram. Þetta eru nokkur dæmi um slæma reynslu neytenda af viðskiptum gegnum netið.**



**Í LONDON** Gæta þarf varúðar þegar pöntuð er gisting í gegnum netsíðu.

Komast má hjá því að lenda í svikamyllu með aðstoð uglunnar Hávarðar á vegum Evrópsku neytendaaðstoðarinnar eða með því að fletta upp viðkomandi vefsíðum í Google leitarvélinni.

Uglan Hávörður er gagnvirk aðstoð sem getur hjálpað við að kanna fjölda atriða sem að fenginni reynslu geta gefið vísbendingu um hvort vefsvæði er áreiðanlegt. Hávörður getur veitt upplýsingar um hvenær vefsvæði var skráð og uppfært og um einkunnir sem viðskiptavinir hafa gefið því auk fjölda annarra upplýsinga, að því er Hildigunnur Hafsteinsdóttir, stjórnandi Evrópsku neytendaaðstoðarinnar greinir frá.

Hávörður er ekki bara til í íslenskri útgáfu heldur einnig í danskri, enskri, norskri, sænskri, finnskri, portúgalskri, tékkneskri og ungverskri útgáfu. Fjöldi upplýsinga er misjafn í þessum útgáfum þar sem þróun þeirra er misjafnlega langt komin, að sögn Hildigunnar sem tekur það fram að sjálf leiti hún gjarnan upplýsinga um vefsíður á Google.

„Netverjar eru nefnilega duglegir að kvarta þegar á þeim er brotið og ef til dæmis er leitað að skrifum um Bookinhotels.com kemur í ljós að fjölmargir hafa tapað á viðskiptunum við þá síðu. Fólk hefur greitt fyrir hótelherbergi með kreditkorti en við komuna á hótelið finnst hins vegar engin bókun og neytendur hafa ekki fengið endurgreitt. Við höfum einnig heyrt dæmi um að hótel sem pöntuð hafa verið herbergi á hafi í raun ekki verið til. Svo eru dæmi um að örfáum dögum fyrir áætlaða komu hafi borist tölvupóstur um að aflýsa hafi þurft bókuninni og að endurgreiðsla muni berast innan skamms. Endurgreiðslan berst aldrei og kvartanir bera ekki árangur. Þetta eru nokkur dæmi um svikamyllu í netviðskiptum.“

Hildigunnur bendir á að gæta þurfi sérstakrar varúðar þegar um nýstofnaða vefsíðu er að ræða, einkum þegar verð er mjög lágt og aðeins er hægt að greiða fyrir fram. Jafnframt sé varasamt að kaupa af vefsíðu sem birtir engar upplýsingar nema tölvupóst.

Hollráð um kaup á netinu er að finna á Ena.is.

ibs@frettabladid.is



# ÓDÝRA VEIÐIBÚÐIN AUGLÝSIR

**ÓDÝRIR SPÚNAR**
Gott úrval. Frábært verð.
AÐEINS FRÁ 299,-

**RON THOMPSON ÖNDUNARVÖÐLUPAKKINN**
Áfastar sandhlífar.
Belti fylgir. Léttir og sterkir vöðluskór.
FULLT VERÐ 39.990,-
PAKKATILBOÐ AÐEINS 27.995,-

**SCIERRA CC3 MEÐ STÍGVÉLUM**
Léttar og liprar öndunarvöðlur með áföstum stígvélum og filtsóla.
TILBOÐSVERÐ. 24.995,-

**DAM TASLAN VÖÐLUR**
Þunnar og liprar vöðlur með áföstum stígvélum.
Stígvél með gúmmísóla.
TILBOÐ AÐEINS 8.995,-

**DAM TASLAN KLOFSTÍGVÉL**
Lipur og þægileg klofstígvél eru hentug þegar ekki þarf að vaða djúpt. Gúmmísóli.
TILBOÐ AÐEINS 5.995,

**RON THOMPSON NEOPRENVÖÐLUR**
4mm þykkar og hlýjar neoprenvöðlur.
Stígvél með filtsóla.
TILBOÐ AÐEINS 15.995,-

ÓTRÚLEGT VERÐ!
JAKKI + VÖÐLUR + SKÓR

**DAM PAKKATILBOÐ**
3ja laga öndunarvöðlur. Áfastar sandhlífar. Belti fylgir. Vatnsheldur veiðijakki með útöndun. Léttir og sterkir vöðluskór. Góður alklæðnaður í veiðina á ótrúlegu verði.
AÐEINS 39.995,-
FYRIR ALLT ÞETTA!

**RON THOMPSON ONTARIO VEIÐIJAKKI**
Vatnsheldur með hettu. Fullt af vösum. Hægt að breyta í vesti.
AÐEINS 12.995,-

**OKUMA AIRFRAME FLUGUHJÓL**
Large arbour fluguhjól með diskabremsu. Hjólið kemur í hjólatösku og því fylgja 4 spólur. Frábært verð.
AÐEINS 12.995,-

**RON THOMPSON VEIÐISETT**
Stöng, hjól, girni og DVD diskur.
TILBOÐ AÐEINS 8.995,-

**OKUMA OG DAM SPINNHJÓL**
AÐEINS FRÁ 3.995,-

**VEIÐIVESTI**
Margar gerðir.
AÐEINS FRÁ 3.995,-

**VEIÐITÖSKUR**
Margar gerðir. (Taska á mynd 3.995)
AÐEINS FRÁ 1.995,-

**RON THOMPSON FLUGULÍNUR**
AÐEINS 5.995,-

**DAM HNÍFASETT**
Hnífasett eru bráðnauðsynleg veiðimönnum sem vilja ganga vel um aflann. 3 góðir hnífar, stál og skurðarbretti í tösku.
AÐEINS 5.995,-

**TÖKUVARI FYRIR BEITUVEIÐINA**
Gefur frá sér hljóð og ljós.
AÐEINS 1.695,-

**NETTIR OG GÓÐIR LETINGJAR**
AÐEINS 995,-

**RON THOMPSON KASTSTANGIR**
Gott úrval. Frábært verð.
AÐEINS FRÁ 5.995,-

**REDINGTON CROSSWATER FLUGUVEIÐIPAKKI**
Miðhröð stöng sem hentar byrjendum og lengra komnum. Stöngin er fáanleg fyrir línu 5 eða 8. og í tveim eða 4 hlutum. Í pakkanum er gott „large arbour" fluguhjól ásamt Rio flotlínu og undirlínu. Hólkur fylgir. Vandaður búnaður á afar hagstæðu verði
AÐEINS FRÁ 24.995,-

**DAM FORRESTER FLUGUSTANGIR**
AÐEINS FRÁ 14.995,-

SPORTBÚÐIN

KRÓKHÁLSI 4 - SPORTBUDIN.IS - SÍMI 517 8050

Í leiðinni úr bænum

MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16

BEITAN Í VEIÐIFERÐINA
ORMAR OG MAKRÍLL

# Múrbúðin 10 á



Kaffivél með Thermo hitakönnu
10-12 bolla, 900w
**2.290,-**



Töfrasproti – Blandari
**1.990,-**



Djús/ávaxtablandari
með glerkönnu
**2.990,-**




NOVA TWISTER 4,8V
Skrúfvél og skrúfbitar
**1.290,-**



Blandari og matvinnsluvél
**3.990,-**



Gemstone LED
ljós f/rafhlöður
**695,-**



ZBS2105 LED ljós með hleðslurafhlöðu
og hleðslustöð
**2.890,-**

Í ÚTILEGUNA!



Wisetech LED hleðslu-
ljós ZD1905
**2.490,-**



Ryco-1509 Olíufylltur 2000W
rafmagnsofn m/termo still-
ingum og yfirhitavörn 9 þilja
**6.990,-**



Rafmagnshita-
blásari 2Kw
**1.490,-**



Ryco-2006T Rafmagns-
þilofn Turbo með yfirhita-
vari 3 stillingar 2000w
**3.390,-**



Kapalkefli 15 mtr
**1.890,-**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 lokað laugard. |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, allta

ra

# AFMÆLISVERÐ
*á völdum vörum*



GMC 14,4V 1,2Ah með aukarafhlöðu, stiglaus hraði, BMC taska
**2.995,-**



DURATOOL Rafhlöðuborvél 18V
**1.995,-**

**Nú fögnum við hjá Múrbúðinni 10 ára starfsafmæli með því að bjóða valdar vörur á einstöku afmælisverði.**



**Þessi verð gilda aðeins í 3 daga eða til og með laugardegi 7. júlí. Fyrstir koma fyrstir fá... tilboð gilda meðan birgðir endast.**



DRIVE flísasög, 600W
**6.690,-**



Flísasög 800W, sagar 52 cm
**13.990,-**



Black&Decker háþrýstidæla max bar **110**
**12.990,-**
**1400W, 360 lítr./klst.**
Þolir 50°C heitt vatn
5 metra barki, sápubox



DRIVE háþrýstidæla Max bar **105** 1400W 300L/klst
**6.990,-**



DRIVE ryksuga í bílskúrinn
- 1200W
- 20 lítra
- sogkraftur > 16KPA
- fjöldi fylgihluta

**5.690,-**



Kapalkefli Wis-SCR2-30 30 metrar
**2.990,-**


Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*


# Afmælisgetraun Múrbúðarinnar

**Fyrstu verðlaun: 100.000 kr. úttekt í Múrbúðinni.**
**Þrenn auka verðlaun: 10.000 kr. úttekt í Múrbúðinni.**

**Dregið verður úr réttum svörum.***

Spurt er:
**Hver stuðlaði að verðlækkun á grófvöru um a.m.k 20% á sl. 20 mánuðum?**

Svar:
- ☐ Húsasmiðjan
- ☐ Múrbúðin
- ☐ Bauhaus
- ☐ Hjálpartækjabúð ástarlífsins
- ☐ Byko

Nafn ............................................................

Heimilisfang ............................................................

Staður ............................................................

Sími ............................................................

Stingið seðlinum í kjörkassann í Múrbúðinni dagana 5., 6. eða 7. júlí.

*Nöfn vinningshafa verða birt á heimasíðu Múrbúðarinnar www.murbudin.is mánudaginn 9. júlí

f. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Strandríkin bera öll ábyrgð á makrílstofninum:

## Skylda að semja

Maria Damanaki, sjávarútvegsstjóri Evrópusambandsins, krafðist þess þegar hún kom hingað til lands fyrr í vikunni að Ísland gæfi eftir í deilunni um veiðar úr makrílstofninum. Hún benti á að Evrópusambandið og Noregur hefðu hækkað boð sitt til Íslands um 60 prósent.

Ennþá er svo langt á milli krafna Íslands og tilboðs ESB að það væri fráleitt af íslenzkum stjórnvöldum að ganga að því boði. Samningamenn Íslands hafa verið reiðubúnir að sætta sig við 15 prósent af heildaraflanum í makríl en ESB og Noregur hafa boðið um sjö prósent.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


ESB og Noregur saka Ísland og Færeyjar um ofveiði og rányrkju á makrílstofninum og hafa hótað viðskiptaþvingunum í haust. Þær hafa enn ekki verið samþykktar formlega í stofnunum ESB og væru skýrt brot á EES-samningnum, eins og þær eru lagðar upp. Enn sem komið er er sú hótun því innantóm.

Á makríldeilunni eru margar hliðar. Enginn vafi leikur á rétti Íslands sem strandríkis að nýta fiskistofn sem gengur inn í efnahagslögsöguna. Flest bendir til að makríllinn hafi breytt háttum sínum vegna hlýnunar sjávar og hann sé kominn til að vera á Íslandsmiðum.

Hins vegar eru öll strandríkin líka að alþjóðalögum skyldug til að ná samningum um nýtingu stofnsins. Ef allir halda áfram að ákveða sér einhliða kvóta í samræmi við ýtrustu eigin kröfur verður stofninn ofnýttur og framtíðarafrakstri hans í hættu stefnt. Evrópusambandið og aðildarríki þess geta raunar sízt allra sett sig á háan hest og talað um sjálfbæra nýtingu fiskistofna. Þar hafa menn áratugum saman ofveitt flesta fiskistofna vegna þess að stjórnmálamenn hafa lúffað fyrir hagsmunum útgerða og héraða, sem vilja veiða sem mest og virðist alveg sama um langtímaafleiðingarnar. Það þýðir þó ekki að Íslandi, rétt eins og ESB, beri ekki skylda til að reyna að semja sem fyrst.

Í fiskveiðideilum gengur stjórnvöldum og hagsmunaaðilum oft illa að setja sig í spor viðsemjandans. Við getum reynt að ímynda okkur hvað gerðist ef einhver af nytjastofnum Íslendinga, sem við hefðum átt ein fram að því, tæki upp á því að synda yfir í norska lögsögu, þar sem honum væri mokað upp samkvæmt einhliða kvóta, án nokkurs samráðs við okkur. Það gæti heyrzt svo sem einn kveinstafur frá LÍÚ.

Að sama skapi virðast Noregur og ESB neita að horfast í augu við vísindaleg gögn um göngur makrílsins, hegðun hans og áhrif á aðra stofna á Íslandsmiðum. Kannski myndi það greiða fyrir lausn deilunnar að bjóða ESB og Noregi náið samstarf um makrílrannsóknirnar, þannig að lausnin sé byggð á sem beztum vísindalegum gögnum.

Maria Damanaki lét í það skína að makríldeilan kynni að fresta því að hægt yrði að hefja viðræður um sjávarútvegsmál í aðildarviðræðum Íslands og ESB. Hún benti réttilega á að afstaða sumra aðildarríkjanna er sú að ekki eigi að opna sjávarútvegskaflann fyrr en samið hafi verið um makríl. Framkvæmdastjórn ESB hefur hins vegar verið þeirrar skoðunar, rétt eins og íslenzk stjórnvöld, að þetta séu aðskilin mál.

Fari svo að lausn makríldeilunnar verði gerð að skilyrði fyrir viðræðum um sjávarútvegsmál eiga íslenzk stjórnvöld ekki að fara á taugum yfir því. Menn þurfa hvort sem er að gefa sér þann tíma sem þarf til að ná góðri niðurstöðu í sjávarútvegsmálunum. Og ekki er hægt að draga í mörg ár að semja um makrílinn. Það væri ábyrgðarleysi gagnvart lífríkinu og framtíðarhagsmunum allra ríkjanna sem nýta þennan mikilvæga stofn.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ókeypis

Nýstirnin í sveitinni Of Monsters and Men ákváðu fyrr í sumar að leyfa landsmönnum að njóta ávaxta velgengni sinnar og buðu á tónleika í Hljómskálagarðinum í samstarfi við Bylgjuna þar sem þau yrðu aðalnúmerið. Og það sem meira var; tónleikarnir skyldu vera ókeypis fyrir alla. Það var fallega gert. Svo liðu nokkrar vikur og fljótlega kom í ljós – sem vonlegt var – að tónleika þarf að undirbúa og svo þarf meira að segja að þrífa eftir þá líka. Það kostar peninga og þess vegna ákvað Reykjavíkurborg að styrkja tónleikahaldið um 250.000 krónur af skattfé borgarbúa.



### Þrjár krónur

Einhverjum kann að þykja ósamræmi í því að auglýsa ókeypis tónleika sem síðan eru styrktir af almannafé. Á hinn bóginn nemur styrkurinn um þremur krónum á hvern útsvarsgreiðanda í Reykjavík, svo höggið er ekki ýkja þungt.



### Forneskja

Árni Johnsen er aðdáandi íslensku lopapeysunnar. Það þarf ekki að koma neinum á óvart – segja má að í Árna holdgervist flest það sem þjóðlegt er og fornt. Eðli málsins samkvæmt vill Árni þess vegna ekki sjá að „íslensku“ peysurnar séu prjónaðar í Kína og segir í samtali við DV að lopapeysa sé ekki íslensk nema íslensk kona prjóni hana. Nú bregður svo við að á Íslandi eru til prjónahópar karla sem líklega þurfa þá að leggja frá sér lopann. Nema þeir kjósi bara að hunsa stöðnuð viðhorf Árna til kynjahlutverka, sem eru reyndar mun meira gamaldags en íslenska lopapeysan.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Velferð hælisleitenda


Mannréttindi



Anna Stefánsdóttir

formaður Rauða krossins


Í síðustu viku kom út skýrsla nefndar sem innanríkisráðherra skipaði sumarið 2011 um málefni útlendinga utan evrópska efnahagssvæðisins. Rauði krossinn fagnar almennt tillögum nefndarinnar varðandi flóttamenn og hælisleitendur og að verulegt tillit hafi verið tekið til þeirra ábendinga sem félagið kom á framfæri við nefndina og ráðuneytið.

Rauði krossinn fagnar sérstaklega tillögu um að lögfest verði sú meginregla að flóttamönnum og hælisleitendum sé ekki refsað fyrir að framvísa fölsuðum skilríkjum við komuna til Íslands. Því ítrekar félagið fyrri tilmæli sín að innanríkisráðuneytið skoði sérstaklega mál flóttamanna sem hafa verið ákærðir og dæmdir fyrir notkun falsaðra skilríkja og síðan fengið alþjóðlega vernd hérlendis.

Stjórnvöld þurfa að skoða hvað er hægt að gera fyrir flóttamenn í slíkri stöðu. Það er afar íþyngjandi fyrir flóttamann að hefja nýtt líf í landinu með fjársekt og dóm á bakinu sem í ofanálag stangast mögulega á við alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins.

Rauði krossinn tekur undir tillögu nefndarinnar um sjálfstæða úrskurðarnefnd sem a.m.k. fjalli um kærur á neikvæðum ákvörðunum Útlendingastofnunar í hælismálum. Verði farin sú leið að hafa eina úrskurðarnefnd fyrir allar kærur á grundvelli útlendingalaga vill Rauði krossinn benda á að mikilvægt er að slíkt tefji ekki málsmeðferð kærumála sem varða hælisbeiðnir. Hælisleitendur eru enda mjög lítill hluti þeirra sem eiga til meðferðar umsóknir hjá stjórnvöldum hverju sinni.

Rauði krossinn telur þá tillögu nefndarinnar að málsmeðferð hælisumsókna taki að jafnaði ekki lengri tíma en samtals sex mánuði afar mikilvæga. Stjórnvöld þurfa ekki að bíða eftir að frumvarp verði lagt fram á Alþingi heldur ættu að hefjast handa strax við að stytta málsmeðferðartímann og einfalda hælisferilinn eins og hægt er m.v. núgildandi lagaramma. Mikilvægt er að stjórnvöld setji sér markmið um hvenær afgreiðsla hælismála verði orðin innan þeirra marka sem nefndin leggur til.

Tillögur nefndarinnar eru almennt til þess fallnar að styrkja mannréttindi, auka réttaröryggi og velferð einstaklinga sem hér óska hælis. Það er einlæg von Rauða krossins að frumvarp til breytinga á lögum sem varðar útlendinga og byggir á tillögum nefndarinnar verði lagt fram á Alþingi síðar á þessu ári.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hvenær lækkar maður laun?

Kjaramál

Guðlaug Kristjánsdóttir
formaður Bandalags háskólamanna

Í rúm tvö ár hafa starfsmenn hjá Reykjavíkurborg beðið þess að tímabundin launalækkun sem þeir sættu árið 2009 gengi til baka. Umsaminn gildistími lækkunar var eitt ár en ástandið hefur varað þrefalt lengur.

Varla þarf að rifja upp þá óvissu sem skapaðist á vinnumarkaði í kjölfar bankahrunsins og erfitt að finna þann Íslending sem ekki reyndi á eigin skinni skerðingu launa eða lífskjara.

Óvissa um störf skekkti mjög stöðu launafólks gagnvart vinnuveitendum, enda afar erfitt að standa á rétti sínum andspænis hættunni á því að missa vinnuna.

Fyrstu misserin eftir hrun gekk á með aðgerðum af hálfu vinnuveitenda sem í daglegu tali voru kallaðar „klippt og skorið“ innan veggja Bandalags háskólamanna. Sífellt bárust fréttir af launaskerðingum, sem áttu ýmsa drætti sameiginlega. Það þurfti kannski ekki að koma á óvart, þar sem sjálfur fjármálaráðherra gaf sumarið 2009 út skýrslu með leiðbeiningum um framkvæmd launalækkana, ef til þeirra þyrfti að grípa.

Í fyrsta lagi voru allar skerðingar rökstuddar með því að vinnuveitandi glímdi við þröngan fjárhag vegna efnahagshrunsins. Í samræmi við það voru skerðingar yfirleitt tímabundnar og háðar endurmati á tilgreindum tíma.

Í öðru lagi var form skerðinganna þess eðlis að taxtar og kjarasamningar héldu en kjör sem ákvörðuð voru í ráðningarsamningum voru skert. Hin skertu kjör snertu því ekki samningsumboð stéttarfélaga, heldur ráðningarsamninga einstaklinga. Má þar nefna þætti eins og greiðslur vegna yfirvinnu og lækkun starfshlutfalls.

Yfirleitt var um neðri mörk að ræða, þannig að laun undir ákveðinni tölu héldust óskert í þeim tilgangi að hlífa launalægsta hópnum.

Oft var einhvers konar samráð haft við starfsmenn, starfsmannafundir haldnir eða dreifibréf send til að undirbúa jarðveginn fyrir hugsanlegar launalækkanir.

Óneitanlega vofði yfir slíkum skilaboðum sú staðreynd að launakostnað skyldi lækka með einum eða öðrum hætti, þ.e. að ef ekki næðist samkomulag um lækkun myndi það kalla á beinar uppsagnir og starfsmissi.

Kjararáð, sem ákvarðar laun embættismanna sem ekki falla undir kjarasamninga stéttarfélaga, tók um áramótin 2008-9 ákvörðun um launalækkun, á sömu forsendum og áður hafa verið nefndar. Það var til marks um batnandi efnahagshorfur að umræddar skerðingar voru dregnar til baka og leiðréttar að hluta til afturvirkt í árslok 2011.

Misvel hefur gengið fyrir almennt launafólk að fá tímabundnu samkomulagi um lækkun framfylgt, þ.e. að fá laun sín færð í fyrra horf.

Reykjavíkurborg er meðal þeirra vinnuveitenda sem stóð ekki við sinn hluta þess samkomulags sem gert var við starfsfólk um tímabundna launalækkun til eins árs, þrátt fyrir að samkomulagið hefði verið skriflegt.

Borgin hefur hins vegar fylgt kjararáði hvað varðar laun æðstu embættismanna, fyrst með því að lækka laun og síðan með því að leiðrétta þau á ný.

Borgin hefur rökstutt þá ákvörðun sína að draga til baka launaskerðingu embættismanna en ekki almenns starfsfólks á þann veg að þar sem skerðing hinna síðarnefndu hafi verið á formi skertrar yfirvinnu sé í raun ekki um launalækkun að ræða. Þó var einmitt dregið úr yfirvinnu til að spara launakostnað, það var öllum ljóst.

Almennu starfsfólki Reykjavíkurborgar hlýtur að svíða þessi skýring, ekki síst í ljósi gífurlegs starfsálags frá hruni, þar sem dregið hefur verið úr mönnun á tímum mikils álags í almannaþjónustu.

Þetta fólk situr uppi með lækkuð útborguð laun, sama hvernig borgin kýs að skilgreina hvort laun hafi lækkað eða ekki.

Aldrei hefði verið hægt að skerða laun, þ.e. kjarasamningsbundna taxta, með sama hætti og kjararáð gerði. Um þá framkvæmd gilda einfaldlega aðrar leikreglur. Kjarasamningsbundnir taxtar eru ekki lækkaðir einhliða, slíkt er ólöglegt, en kjararáð starfar ætíð einhliða og þar er ekki um samninga að ræða. Einmitt þess vegna voru laun almenns starfsfólks sem starfar á grundvelli kjarasamninga lækkuð með öðrum ráðum, meðal annars afnámi yfirvinnu. Þetta vita forráðamenn borgarinnar mætavel.

Form launagreiðslna, hvort um er að ræða fastlaunasamning þar sem yfirvinnuhlutinn er ekki sérlega tilgreindur, eða samsett laun grunntaxta, yfirvinnu og annars konar álags, ætti ekki að ráða því hvort tímabundin launaskerðing er dregin til baka eða ekki.

> Reykjavíkurborg er meðal þeirra vinnuveitenda sem stóð ekki við sinn hluta þess samkomulags sem gert var…

Ef ekki stendur til að endurbæta launin á formi yfirvinnu þarf að finna aðra leið til að starfsmenn geti endurheimt fyrri kjör.

Það er nefnilega staðreynd að kreppan snerti hag fólks með verðhækkunum, skattahækkunum og svo framvegis alveg jafnt hvort sem launaseðilinn greindi laun þeirra niður í þætti eða ekki.

Reyndar má fastlega gera ráð fyrir því að áhrif kreppunnar hafi orðið tilfinnanlegri hjá þeim hópum sem Reykjavíkurborg hefur nú í rúm tvö ár neitað að endurbæta tímabundna lækkun, einfaldlega vegna þess að laun þeirra bæði fyrr og síðar hafa verið lægri en þeirra embættismanna sem fengu skerðingar endurbættar án undanbragða.

## AF NETINU

### Mykjudreifari hlýtur frelsisverðlaun

Um helgina voru veitt í Valhöll svokölluð „Frelsisverðlaun Kjartans Gunnarssonar“, fv. framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins til áratuga og bankaráðsmanns í Landsbankanum fram að hruni. Það vakti mikla hneykslun árið 2010 þegar verðlaun þessi voru veitt InDefence-hópnum „fyrir að verja þjóðina gegn Icesave-byrðunum“, vegna þess að Kjartan Gunnarsson átti sjálfur mikinn þátt í að færa þjóðinni Icesave, því hann var varaformaður bankaráðsins þegar sú ferð hófst. Samhengið þótti vægast sagt óviðeigandi.

AMX-vefurinn og Hannes Hólmsteinn Gissurarson fá verðlaunin að þessu sinni. AMX-vefurinn er helst þekktur fyrir miðlun ófrægingar og persónuníðs í bland við áróður fyrir öfgafrjálshyggju, í skjóli nafnleyndar. Sagt er að Hannes skrifi reglulega á vefinn. Þeir kalla skrif sín „fuglahvísl“ en gárungarnir kalla þau „fugladrit“. Í samræmi við það er vefurinn oft kallaður „mykjudreifari“.

http://blog.pressan.is

Stefán Ólafsson

### Tillögur stjórnarráðs

Sjálfstæðismenn ætla að leggja fram tillögur á þingi í haust til að skýra hlutverk forsetans í stjórnarskránni. Það er gott og blessað. Reyndar eru slíkar tillögur þegar til – þær er að finna í stjórnarskrárfrumvarpi stjórnlagaráðs. Ég – sem stjórnlagaráðsmaður – hlakka til að fá liðsinni sjálfstæðismanna við að afgreiða þær tillögur.

http://blog.pressan.is/

Illugi Jökulsson




KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
FRÁBÆRT á grillið
LAMBALÆRI
– fyrir þig og þína!
Þú getur valið ókryddað, eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín, piparmarinerað eða trönuberja og eplamarinerað!
Trönuberja- og eplamarinerað
1398 kr. kg
Trönberja- og eplamarinerað lambalæri
248 kr. kg
Sætar kartöflur
KRÓNAN
Kjúklingur
2298 kr. kg
Krónu kjúklingabringur
1198 kr. kg
Kjúklingur með lime og rósmarín
2698 kr. kg
SS kryddaðar lærissneiðar
Þurrkryddað grænmeti
Sætar kartöflur kryddaðar
Kryddaðir kartöflubátar
Maís kryddaður
Gott á grillið
Grillbakkar
Þurrkr. grænmeti, 350 g 599 kr.
Maískólfar, 4 stk. í pk. 577 kr.
Sætar kartöflur, 400 g 584 kr.
Kr. kartöflubátar, 400 g 439 kr.
79 kr. stk.
Pepsi, Pepsi Max, Appelsín, 7 Up, Mix og Mountain Dew, 33 cl dósir
Safnaðu AUKAKRÓNUM í öllum verslunum krónunnar
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

– komdu og gerðu frábær kaup!




# Grillbomba



1 flaska af Coca-Cola 2L

+



1 bakki af Grillþrennu




SNÖGGI GRILLARINN + 2L COKE FYLGIR MEÐ
1598 kr./kg

STEIKAR-GRILLARINN + 2L COKE FYLGIR MEÐ
1998 kr./kg

FLOTTI GRILLARINN + 2L COKE FYLGIR MEÐ
2198 kr./kg



35% afsláttur
2989 kr. kg
Verð áður ~~4598~~ kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent



20% afsláttur
3358 kr. kg
Verð áður ~~4198~~ kr. kg
Kindafille



30% afsláttur
1589 kr. kg
Verð áður ~~2298~~ kr. kg
Grísalundir, erlendar



4 í pk.
749 kr. pk.
Goða Smáborgari, 4x60 g ungnautaborgari og 4 hamborgarabrauð



2 í pk.
898 kr. pk.
Goða Heimsborgari, 2x120 g ungnautaborgari, beikon, ostur og 2 hamborgarabrauð



2 stórir í pk.
749 kr. pk.
Goða Stórborgari, 2x200 g ungnautaborgari



699 kr. pk.
B4Y grillkol, 2,5 kg



600 grömm
499 kr. stk.
Landmann einnota grill

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# Eru verðtryggð húsnæðislán afleiður?

Fjármál



**Guðmundur Franklín Jónsson**
viðskiptafræðingur og formaður Hægri grænna, flokks fólksins

Með nýjum verðbréfaviðskiptalögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti sem tóku gildi 1. nóvember 2007 breyttust ýmsar mikilvægar reglur sem lutu að því hvernig standa átti að viðskiptum með verðbréf. Markmið laganna var að setja samræmdar reglur um neytendavernd fjárfesta. Samkvæmt lögunum má ekki selja afleiður til almennings. Við setningu laganna var vísitala neysluverðs til verðtryggingar 278,1 stig, en er nú 400,5 stig. Vísitalan hefur því hækkað um 44% frá upptöku laganna og þ.a.l. einnig verðtryggð lán heimilanna.

Það er kristalklárt að verðtryggð húsnæðislán eru afleiður og verður að leiðrétta öll verðtryggð neytenda- og húnæðislán sem þessu nemur því almennir fjárfestar hafa engar forsendur til að meta þá áhættu, sem fylgir verðtryggðum neytenda- og húsnæðislánum.

### Hvað er afleiða?

Á Vísindavefnum segir: „Afleiður eru mjög víður flokkur verðbréfa sem öll hafa það sameiginlegt að greiðsluskylda útgefanda og þar með verðmæti afleiðanna fer eftir verðþróun annarrar eignar (hugsanlega margra). Nafnið vísar því til þess að verðmæti afleiðanna leiðir af verðþróun annarra eigna.“ Enn fremur segir: „Því eru lítil takmörk sett á hverju afleiður geta byggt. Undirliggjandi eignir þurfa til dæmis ekki að vera fjármálaeignir…“

Samkvæmt Wikipedia, frjálsa alfræðiritinu, segir: „Afleiða í viðskiptum er samningur eða fjármálagerningur þar sem undirliggjandi verðmæti þeirra fer eftir verðþróun annarrar eignar eða eigna. Nafnið vísar því til þess að verðmæti verðbréfsins er leitt af verðþróun annarra eigna. Því eru lítil takmörk sett á hverju afleiður geta byggt. Sem dæmi má nefna hlutabréf, húsnæðislán, almenn lán, verðbréf, gjaldmiðla, hagvísitölur eða vextir banka.“ Jafnframt segir Wikipedia: „Þar sem afleiður eru í eðli sínu samningar á milli tveggja aðila þá eru því nánast engin takmörk sett hvað getur verið sem viðmið, eða undirliggjandi eign, þegar verðmæti afleiðusamningsins er reiknað.“

### Öll áhættan er hjá lántakanda

Sá aðili sem tekur á sig áhættuna að taka verðtryggð húsnæðislán er hinn almenni íslenski neytandi. Íslensk fjármálafyrirtæki og fjármagnseigendur tryggja sig gegn verðbólguskotum, slæmri hagstjórn, hækkun eldsneytisverðs, launaskriði, hrávöruverðshækkunum, skattahækkunum, fallandi gengi krónunnar o.s.frv. með útgáfu flókinna verðtryggðra húnæðislánaafleiða (verðtryggð húsnæðislán) sem almenningur situr uppi með og hefur enga leið til að vita hver endanleg upphæð til greiðslu er. Almenningur fær lægri vexti, en sem nemur á óverðtryggðu bréfi í staðinn fyrir þessa verðtryggingu fjármálafyrirtækisins og er það enn ein vísbending að um afleiðu er að ræða.

> Það er kristalklárt að verðtryggð húsnæðislán eru afleiður og verður að leiðrétta öll verðtryggð neytenda- og húsnæðislán…

Samkvæmt Fjármálaeftirlitinu eru afleiður skilgreindar sem flóknar fjármálaafurðir, og má eingöngu selja afleiður til viðurkenndra gagnaðila og fagfjárfesta. Almennir fjárfestar njóta sérstakrar verndar sem m.a. felst í því að þeim er óheimilt að taka þátt í flóknum fjármálagjörningum á borð við afleiðuviðskipti. Þess vegna er það mjög líklegt að verðtryggð lán sem seld voru til almennings yfir borðið eftir 1. nóv. 2007 séu ólögleg.

### Kynslóðasátt verður að nást

Stjórnmálahreyfingin Hægri grænir, flokkur fólksins ályktar svo að fjármálastofnanir hafi blekkt þúsundir íslenskra heimila til þess að taka verðtryggð neytenda- og húsnæðislánaafleiður frá 1. nóv. 2007, og ætlar flokkurinn að berjast fyrir fullri leiðréttingu á þessum afleiðulánum landsmanna. Skýrsla Hagfræðistofnunar staðfestir enn fremur að gríðarleg mistök hafi átt sér stað við stofnun nýju bankanna við yfirfærslu verðtryggðra lána ef þau verða dæmd ólögleg.

# Nýtt upphaf í Reykjavík

Skipulagsmál



**Hjálmar Sveinsson**
varaformaður skipulagsráðs

Eftir fjögurra ára kreppu og nær algert byggingarstopp eru merki á lofti um að nýtt uppbyggingarskeið sé að hefjast í Reykjavík. Á svæði Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni, sem hefur verið skipulagt fyrir vísinda- og stúdentagarða, er verið að byggja 280 stúdentaíbúðir. Borgarráð samþykkti um daginn að auglýsa 100 stúdentaíbúðir við Bolholt. Húsnæðissamvinnufélagið Búseti hyggst byggja um 250 íbúðir, af ýmsum stærðum og gerðum, við Einholt og Þverholt. Á næstunni verður kynnt nýtt rammaskipulag sem kveður á um talsverða uppbyggingu við höfnina og ekki má gleyma að til stendur að byggja nýtt spítala- og háskólahverfi á auða svæðinu milli nýju og gömlu Hringbrautar. Það verða mestu byggingarframkvæmdir í Reykjavík í áratugi. Fyrsta áfanga á að vera lokið eftir fimm ár.

Þessar fyrirætlanir og framkvæmdir eru í takt við þá stefnu sem nú er verið að móta í þverpólitískri vinnu við endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur. Á kynningar- og umræðufundum, sem hafa verið haldnir í öllum hverfum borgarinnar undanfarið, hefur komið skýrt fram að nýtt aðalskipulag felur í sér róttæka stefnubreytingu. Skipulagið hverfur frá dreifbýlisstefnu undanfarinna ára og áratuga. Engin ný úthverfi verða byggð í Reykjavík næstu áratugi. Reykvíkingar, og íbúar höfuðborgarsvæðisins alls, eiga nú þegar mikið af ágætum úthverfum. Nú er komið að innhverfunum.

### Borg fyrir alls konar fólk

Í kynningarbæklingi, sem skipulags- og byggingarsvið borgarinnar hefur gefið út, er gert ráð fyrir að Reykvíkingum fjölgi um 25.000 manns til ársins 2030. Það þýðir að byggja þarf um 12.000 íbúðir á tímabilinu. Skipulagið gerir ráð fyrir að uppbyggingin eigi sér fyrst og fremst stað á þéttingarásum sem teygir sig frá Mýrargötu upp í gegnum Hlemm, meðfram Suðurlandsbraut, inn að Elliðaárósum og að Ártúnshöfða. Gert er ráð fyrir öflugum almenningssamgöngum á þessari leið og góðum hjólabrautum. Hitt þéttingarsvæðið er í Vatnsmýrinni. Þar verða byggðar allt að sjö þúsund íbúðir. Segja má að þar með myndist tveir þéttingarásar. Annar liggur frá vestri til austurs, hinn frá suðri til norðurs. Þeir skerast í miðborginni.

Atrennur að þéttingu borgarinnar hafa heppnast misvel í gegnum tíðina. Morgunblaðshúsið, Skúlagötuskipulagið og Höfðatorg eru dæmi um háhýsaþéttingu sem tekur ekkert tillit til umhverfisins. Einnig hefur borið á ásókn í að byggja helst bara íbúðir fyrir eldri borgara og sterkefnað, barnlaust fólk á þéttingarreitum inni í borginni. Sennilega gefur það mest í aðra hönd fyrir fjárfesta og verktaka og jafnvel borgarsjóð líka, til skamms tíma. Það hlýtur samt að vera meiri framtíð í félagslegum fjölbreytileika. Það er ekki lífvænleg stefna að útiloka barnafólk frá nýjum íbúðarreitum í grennd við miðborgina.

### Skýrar línur

Þéttingin hefur fengið neikvæðan stimpil undanfarin ár vegna þess að orðið hefur verið notað ítrekað til að réttlæta ýtrustu kröfur sérhagsmunaaðila. Það er því afar mikilvægt að árétta að hún er ekki markmið í sjálfu sér. Þétting er leið til að skapa vistvænni, manneskjulegri, líflegri og sjálfbærari borg.

Þetta eru fögur orð og við vitum að fögur orð og fyrirheit gera lítið gagn ein og sér. Reynslan kennir okkur að það er nauðsynlegt að allir séu á sömu blaðsíðunni; íbúar, yfirvöld, fjárfestar, verktakar. Línurnar þurfa að vera alveg skýrar. Það þarf að vera alveg skýrt hvar verður byggt og hvar ekki næstu tvo til þrjá áratugi og markmiðin með uppbyggingunni eiga að vera á hreinu.

Skilvirk leið til að koma í veg fyrir að þéttingarsvæðin í borginni séu lokuð fyrir félagslegum fjölbreytileika er að skapa fleiri valkosti á húsnæðismarkaði. Nýsamþykkt húsnæðisstefna gerir ráð fyrir að á fyrirhuguðum þéttingarsvæðum verði fjórðungur íbúðanna leigu- og búseturéttaríbúðir.

> Engin ný úthverfi verða byggð í Reykjavík næstu áratugi. Reykvíkingar og íbúar höfuðborgarsvæðisins alls, eiga nú þegar mikið af ágætum úthverfum. Nú er komið að innhverfunum.

Mikilvæg forsenda þess að Reykjavík verði í framtíðinni vistvæn og sjálfbær, og um leið manneskjuleg, er að umferðin verði meira borgarmiðuð þar sem gangandi og hjólandi njóta forgangs og hlutur almenningssamgangna verði stóraukinn. Til að það gangi eftir þarf margt að koma til. Endurhönnun gatna þarf að taka mið af nýrri forgangsröðun og slaka verður á úreltum kröfum um fjölda bílastæða við nýbyggingar. Fyrirtæki og opinberar stofnanir þurfa að koma sér upp metnaðarfullri samgöngustefnu og gjald fyrir bílastæði á að svara raunkostnaði við gerð þeirra og rekstur.

Nokkur skref hafa þegar verið tekin í þessa átt. Borgarbúar njóta græna skrefa og metnaðarfullrar hjólreiðaáætlunar frá síðasta meirihluta. Núverandi meirihluti hefur meðal annars samþykkt samgönguáætlun í samvinnu við ríkisvaldið sem gerir ráð fyrir miklu þéttari og öflugri almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Verið er að breyta reglum þannig að þær kveði ekki lengur á um lágmarksbílastæðafjölda, heldur hámarksbílastæðafjölda.



39.900
ALHLIÐASÖG - VELTISÖG
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA
Sími: 585 2888

# Öruggari leiðir á netinu

Öryggismál



**Jón Kristinn Ragnarsson**
sérfræðingur í upplýsingaöryggi hjá Áhættuþjónustu Deloitte.

Öllum þeim sem nota tölvur ættu að vera ljósar hætturnar sem geta fylgt venjulegri tölvunotkun. Þá ætti öllum líka að vera orðið ljóst að það er nokkurn veginn sama á hvaða stýrikerfi er keyrt, Windows, Apple, eða hvað sem er, það eru alltaf til einhverjir vírusar sem eru hannaðir til að gera kerfinu skaða. Enginn er lengur algerlega óhultur fyrir þeirri ógn. Þrátt fyrir þessa vitneskju er tölvusmitum ekki að fækka, heldur virðist þeim þvert á móti vera að fjölga. Nýlega komu fram fréttir sem sögðu að 20% af íslenskum tölvum væru hluti af tölvuher sýktra tölva. Ég er þess fullviss að sú tala sé enn hærri. Hvernig má það vera að á sama tíma og menn eru vel upplýstir um möguleg vírussmit þá er tölvusmitum að fjölga?

Getur verið að fólk hafi hreinlega gefist upp? Fallist hendur yfir þessu verkefni en samkvæmt mörgum fréttamiðlum og sérfræðingum virðist vera óvinnandi vegur að verja tölvuna sína? Hugsanlega, enda hafa margir söluaðilar gripið til þess ráðs að reyna að hræða fólk til að kaupa vörur þeirra í þeirri von að verjast smiti. Þá er líka reynt að selja einstaklingum lausnir sem hannaðar eru fyrir fyrirtæki og stofnanir, og eru allt of viðamiklar fyrir hefðbundinn tölvunotanda. Smátt en mikilvægt verk er gert allt of stórt og kostnaðarsamt. Lausnir miðaðar að einstaklingum henta ekki fyrirtækjum og öfugt.

Lengi gátum við verið örugg vegna þess að svindlpóstar sem reyndu að smita tölvur okkar voru á erlendum tungumálum eða í besta falli á illa þýddri íslensku. Þetta mun breytast þar sem þýðingarvélar eru sífellt að verða betri en þess er heldur ekki langt að bíða að íslenskir aðilar munu taka höndum saman við erlenda aðila til að standa að þýðingum á erlendum svindlpóstum. Þá duga ekki lengur hinar einfaldari varnir s.s. eins og að taka eingöngu eftir undarlegu orðalagi tölvupóstsins.

Nú til dags eru margir samfélagsmiðlar að bjóða upp á alls kyns leiki, og það er með þá eins og annað, að óprúttnir tölvuþrjótar fara þangað sem fólkið er, og þeir herja á þá sem geta verið auðveld bráð. Krakkar sem eru löngum stundum ein í tölvunum geta auðveldlega opnað leiðir fyrir alls kyns óværu inn í tölvurnar án þess að gera sér grein fyrir því. Foreldrar og umráðamenn þurfa að gera sér grein fyrir að það þarf að vernda þennan þátt eins og aðra. Það er ekki hægt að skýla sér á bak við að foreldrar skilji ekki hvað barnið er að gera í tölvunni. Á meðan barnið getur ekki tekið ábyrgð á eigin gjörðum þurfa foreldrar að gera það.

En hvað er það sem getur komið fyrir tölvu sem smitast af óværu eða vírus? Mikilvæg og verðmæt gögn, til dæmis ljósmyndir, geta tapast, fjármunum getur verið stolið, tölvan notuð til að framkvæma tölvuárás á ótengda aðila, tölvan notuð til að hýsa alls kyns óþverra og jafnvel mögulegt að komast í tölvukerfi vinnunnar ef heimatengingar eru til staðar. Allt eru þetta alvarlegir hlutir sem skipta máli og vert er að reyna að koma í veg fyrir.

Hvernig getur fólk aukið eigið öryggi á netinu? Þegar fólk hefur áttað sig á að það er nauðsynlegt að fara varlega er viss þankagangur sem getur hjálpað til. Því hefur verið haldið fram að það sem virðist vera of gott til að vera satt sé það alla jafna, og það er gott að hafa það í huga. Þá er það einnig þannig að ef einhver gengur mjög langt í að reyna að selja þér eitthvað er það hugsanlega vafasamt, en þá er hægt að kynna sér málin, til dæmis með einfaldri Google-leit. Kannski kemur í ljós að um einhvers konar svindl er að ræða. Þegar kemur að hugbúnaði er nauðsynlegt að vera með uppfærða vírusvörn og eldvegg fyrir einstaklingstölvur.

Þegar reynt er að fá fólk til að gera eitthvað sem það ætti ekki að gera er reynt að höfða til grunnkennda þess, þar á meðal eru græðgi og forvitni. Ef þér finnst sem fast sé togað í þessar kenndir þínar er hugsanlega rétt að staldra við, draga djúpt andann og velta fyrir þér hvort hugsanlega sé verið að reyna að blekkja þig. Ef sá grunur er sterkur er best að bakka aftur inn á hinn öruggari stíg.


NÝR TILBOÐS-BÆKLINGUR!
16 SÍÐNA BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM
Grillandi góð tilboð í Nettó!
BAUTA BÚRIÐ
-41%
ÁÐUR 2.198 KR/KG
1.297kr/kg
LAMBAFRAMPARTUR GRILLSAGAÐUR Í POKA
FRYSTIVARA
GOTT Á GRILLIÐ
-27%
GOÐI
ÁÐUR 1.198 KR/KG
875kr/kg
TILBOÐIN GILDA 5. - 8. JÚLÍ
nettó
KRÆSINGAR & KOSTAKJÖR

www.netto.is

# Vörslusviptingar og lýðskrum

Vörslusviptingar
Brynjar Nielsson
hæstaréttarlögmaður



Nýlega voru gerðar breytingar á innheimtulögum í þeim tilgangi að takmarka heimildir til vörslusviptinga. Byggist þessi löggjöf, eins og stundum áður, á því að hér sé um mikið réttlætismál að ræða. Í greinargerð er vísað til þess að vörslusvipting fari ekki fram nema með skriflegu samþykki umráðamanns eignar. Jafnframt er því haldið fram í þessari sömu greinargerð að ekki sé heimilt að semja um slíkar þvingunaraðgerðir fyrir fram.

Eins og stundum áður þegar um mikil réttlætismál er að ræða er dálítið erfitt að átta sig á samhenginu. Þannig er því haldið fram að vörslusvipting samkvæmt aðfararlögum án atbeina dómstóla sé alltaf ólögmæt, sem vekur upp spurningar hvort þörf sé á þessari lagasetningu yfirleitt. Engu að síður er heimilt samkvæmt lögunum að fá skriflegt samþykki fyrir því að vörslusvipting, án aðkomu dómstóla, sé heimil, þvert ofan í þá umfjöllun að ekki verði samið um slík þvingunarúrræði. Á Íslandi og öðrum vestrænum ríkjum var samningsfrelsi talið mikilvægt og að um leikreglurnar væri samið fyrir fram.

Einstaklingar og fyrirtæki eiga ýmsa valkosti um fjármögnun. Slík fjölbreytni er æskileg enda fyrir fram viðbúið að mismunandi fjármögnunarform henti ólíkum aðilum. Þannig er ekkert því til fyrirstöðu að þeir sem ekki vilja sætta sig við ákvæði um vörslusviptingu án dómsúrskurðar velji aðra fjármögnunarleið. Slíkt er í boði hjá öllum fjármálafyrirtækjum. Samningsbundinn réttur til vörslusviptinga gefur fjármálafyrirtækinu aukið svigrúm til þess að fjármagna hærra hlutfall af verðmæti undirliggjandi eignar og veita hagstæðari vaxtakjör. Slík heimild dregur úr áhættu af því að veruleg verðrýrnun eigi sér stað á þeim tíma sem það tekur að ná fram vörslusviptingu með dómsúrskurði og skilar sér í lægri fjármögnunarkostnaði. Það er einkennilegt að löggjafinn sjái einhvern hag eða réttlæti í því að takmarka það með lögum.

Mismunandi fjármögnunarform eru ekki einungis mikilvæg fyrir þá sem eru að leita eftir fjármagni heldur einnig þá sem útvega fjármagn. Fyrir smærri fjármálafyrirtæki getur verið erfitt að keppa í hefðbundnum lánveitingum við stærri aðila. Samkeppnismöguleikar smærri fyrirtækja felast í því að geta boðið upp á annars konar fjármögnunarform, þar sem styrkur þeirra nýtist betur. Allt leiðir þetta til aukinnar samkeppni á milli fjármálafyrirtækja og fjármálagerninga sem nýtist að lokum viðskiptavinum þeirra í lægri kostnaði og sveigjanlegri kjörum. Það er ekki síður einkennilegt að löggjafinn telji skynsamlegt að takmarka slíka samkeppni með lagasetningu.

> Mikill er máttur hagsmunahópa þeirra sem telja það réttlætismál að nýta eignir annarra án endurgjalds.

Langflestir reyna að standa í skilum. Ef það tekst ekki er mikill meirihluti reiðubúinn að skila eigninni. Engu að síður eru þeir til sem hafa hvorki áhuga á því að skila eign né greiða umsamin gjöld og stofna síðan nýjar kennitölur þegar þær gömlu duga ekki lengur. Þessir aðilar eru ekki einungis að ganga á rétt fjármálafyrirtækjanna heldur einnig að skekkja samkeppni við þá sem eru að reyna að standa sig. Þessi lagasetning mun svo sannarlega nýtast þessum ófyrirleitna hópi sem getur nú haldið tækjunum mun lengur en áður. Á sama tíma eru þeir í samkeppni með tilheyrandi undirboðum sem byggja á því að þeir greiða einungis brot af þeim fjármögnunarkostnaði sem aðrir þurfa að sætta sig við. Fyrir þá heiðarlegu hlýtur að vera mikil freisting að taka þátt í leiknum. Það að banna samninga um að heimila vörslusviptingar án atbeina dómstóla er þannig til þess fallið að draga úr almennu viðskiptasiðferði. Líftími þeirra tækja sem verið er að fjármagna með eignaleigusamningum er oft stuttur og verðmæti þeirra rýrnar oft mjög hratt. Ef ekki er hirt um að halda tækjunum við eða greiða tryggingar, getur slík háttsemi leitt til umtalsverðs tjóns fyrir eiganda tækjanna, sem að lokum lendir á öðrum viðskiptavinum þeirra. Það eru því miklir hagsmunir fólgnir í því fyrir fjármálafyrirtækin að vörslusvipting nái fram að ganga með skjótum hætti. Það er með ólíkindum að löggjafinn vilji torvelda eigendum tækjanna að verja eignarétt sinn við þessar aðstæður.

Samningsbundin heimild til vörslusviptingar byggist á eignarréttarlegum grunni sem varinn er af stjórnarskrá. Umræddri lagabreytingu er ætlað að takmarka með afturvirkum hætti möguleika fjármálafyrirtækja til að tryggja verðmæti eigna sinna og þannig valda þeim tjóni. Í þeim samningum sem gefnir voru út áður en lögin tóku gildi hafði heimildin áhrif á verðlagningu samninganna og hlutfall fjármögnunar. Af greinargerð verður ekki ráðið að athugað hafi verið hvort afturvirk takmörkun á heimild til vörslusviptingar kunni að ganga gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Niðurstaðan er því sú að hér er um að ræða löggjöf sem vafi leikur á að standist ákvæði stjórnarskrár og nýtist fyrst og fremst ófyrirleitnum og óheiðarlegum viðskiptavinum fjármálafyrirtækja, sem nú þegar hafa valdið stórkostlegu tjóni í íslensku samfélagi. Mikill er máttur hagsmunahópa þeirra sem telja það réttlætismál að nýta eignir annarra án endurgjalds. Eða er það kannski bara lýðskrum sem ræður för?

# Til móts við fjölbreyttar þarfir í félagsstarfi

Samfélagsmál
Elly A. Þorsteinsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar



Síðastliðin ár hefur farið fram vinna við endurskoðun á starfsemi félagsmiðstöðva velferðarsviðs Reykjavíkurborgar til að koma betur til móts við mismunandi þarfir notenda og auka fjölbreytileika í þjónustutilboðum. Þá er lögð áhersla á að auka áhrif notenda á framkvæmd og skipulag þjónustunnar – þ.e. að þeir sem nýta þjónustuna hverju sinni hafi meira um hana að segja.

Félagsmiðstöðvar eru starfræktar á 16 stöðum í borginni og eru þær opnar öllum íbúum borgarinnar, þótt flestir sem þær sækja séu eldri borgarar. Í ár er rúmum hálfum milljarði króna varið til þessa starfs. Í september í fyrra komu til framkvæmda breytingar á félagsstarfi borgarinnar sem verið hafði í umræðu og undirbúningi í nokkur ár. Þær fólust í því að auka fjölbreytni og breyta áherslum í félagsstarfinu þannig að í stað þess að starfsmenn borgarinnar séu alfarið við stjórnvölinn gefst nú fleirum tækifæri til að koma að skipulagi og framkvæmd starfsins.

Lögð er áhersla á að notendur hafi meiri áhrif á framboð námskeiða og að sjálfstætt starfandi leiðbeinendur geti komið inn með þau námskeið sem óskað er eftir hverju sinni. Síðastliðið haust fækkaði ráðnum leiðbeinendum á félagsmiðstöðvum, en eftir sem áður eru starfandi þar umsjónarmenn. Nú starfa á félagsmiðstöðvunum 46 leiðbeinendur og til viðbótar hafa síðan komið til starfa sjálfstætt starfandi leiðbeinendur í samræmi við óskir notenda á hverjum stað. Þannig buðu 18 sjálfstætt starfandi leiðbeinendur upp á námskeið á félagsmiðstöðvunum í maí sl.

Alls fækkaði leiðbeinendum sem ráðnir voru í störf á félagsmiðstöðvunum um 22 (í 9,37 stöðugildum), sumir létu af störfum vegna aldurs og aðrir færðu sig til í starfi. Boðin var aðstoð við að útvega því starfsfólki sem þess óskaði önnur störf hjá Reykjavíkurborg.

Þar sem aldraðir þurfa mikinn stuðning við þátttöku í félagsstarfi vegna aldurs eða veikinda, fyrst og fremst á félagsmiðstöðvum sem eru í beinum tengslum við rekstur þjónustuíbúða borgarinnar, varð lítil breyting.

Þegar gerðar eru breytingar þarf að skoða reynsluna. Því var byrjað í vor að afla upplýsinga með spurningalistum til starfsfólks og notenda og verið er að vinna úr niðurstöðum á því mati. Jafnframt hafa fengist upplýsingar með öðrum hætti beint frá notendum, t.a.m. frá notendum í Gerðubergi og einnig frá Félagi eldri borgara þar sem komið hefur verið á framfæri ákveðinni andstöðu við breytingarnar. Starfsfólk velferðarsviðs mun hlusta á raddir notenda og vinna að úrbótum í samvinnu við þá.

> Félagsmiðstöðvar eru starfræktar á 16 stöðum í borginni og eru þær opnar öllum íbúum borgarinnar, þótt flestir sem þær sækja séu eldri borgarar.

Stærsti hópurinn sem nýtir sér þjónustu félagsmiðstöðvanna eru eldri borgarar. Á hverju ári bætast nýir einstaklingar í þann hóp og einnig eru nýir hópar íbúa farnir að kynnast þjónustunni, s.s. atvinnulausir og lífeyrisþegar. Þarfir og óskir þeirra einstaklinga eru jafn ólíkar og þeir eru margir. Mikilvægt er að þjónustan sé í þróun, að starfsemin sé fjölbreytt og höfði til sem flestra. Blómleg starfsemi sem notendur eru ánægðir með og njóta á degi hverjum er og verður markmið félagsstarfs í Reykjavík.

## AF NETINU

### Fengju engan þingmann

Hvað myndu menn segja ef Vinstri grænir fengju engan þingmann þótt þeir hefðu 12 prósenta fylgi?

Eða að Framsóknarflokkurinn fengi engan þingmann þótt þeir hefðu 13 prósenta fylgi?

Eða að Samfylkingin fengi engan þingmann ef fylgi hennar dalaði um tvö prósent frá því sem það er nú í skoðanakönnun?

Eða að Norðausturkjördæmi fengi engan þingmann? Norðvesturkjördæmi? Suðurkjördæmi?

Það yrði auðvitað allt vitlaust.

En staðreyndin er sú, að í nýjustu skoðanakönnuninni mælast fjögur framboð með samtals um 17 prósenta fylgi sem samsvarar 33 þúsund kjósendum, en myndu samt ekki fá einn einasta þingmann samkvæmt þessari skoðanakönnun, vegna þess að ekkert þeirra kemst yfir 5% þröskuldinn, sem er settur fyrir því að framboð komi manni á þing.

Glögglega sést hvað þetta fyrirkomulag er mikil trygging fyrir fjórflokkinn, enda setti hann þennan þröskuld á sínum tíma.

http://omarragnarsson.blog.is
Ómar Ragnarsson





STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 12.000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Félag Fasteignasala
vísir




## Beolit 12

Beolit 12 er þráðlaus hátalari með innbyggðu Airplay,
Meðfærilegt hljómflutningstæki með ótrúlegan hljómburð

Einnig er hægt að beintengja alla snjallsíma,
ipod eða ipad við Beolit 12

Beolit 12 • Sumarverð 130.000,-
Fullt verð 155.000,-



BANG & OLUFSEN

Síðumúla 21, Reykjavík
Sími 581 1100 , reykjavik@beostores.com
www.bang-olufsen.is

Opnunartími verslunar 10:00 - 18:00 alla virka daga

husa.is




# PALLA DAGAR

## Í HÚSASMIÐJUNNI

### ALLT Í PALLASMÍÐINA Á LÆGRA VERÐI!

| | |
|---|---|
| FÚAVARIÐ TIMBUR | 5-20% |
| LERKI | 20% |
| PALLASKRÚFUR | 20% |
| PAPPAHÓLKAR | 20% |
| FESTINGAR | 20% |
| SKJÓLGIRÐINGAR | 20% |
| GARÐHÚS | 10% |
| TRÖPPUKJÁLKAR | 20% |
| HATTAR | 20% |
| STAURASTEYPA | 20% |

**ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR**



## VIÐ TEIKNUM PALLINN FYRIR ÞIG!

**PANTAÐU GARÐARÁÐGJÖF HJÁ STANISLAS BOHIC**
**Í SÍMA 525 3000. VORUM AÐ BÆTA VIÐ NÝJUM TÍMUM**


BRJÁLAÐ VERÐ
TIL 16. JÚLÍ
GORI 44+
Transparent
JOTUN
DEMI DEKK
Texolín
Palla olía
JOTUN
TREBITT
Terrassebeis
JOTUN
Treolje
Träolja/Træolie
JOTUN
DRYGOLIN
20%
AFSLÁTTUR
AF ALLRI
VIÐARVÖRN!
WORX
BLACK&DECKER
20%
AFSLÁTTUR
AF WORX OG
BLACK&DECKER
Komdu og fáðu
ráðgjöf og verðtilboð
í draumapallinn!
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**39** ÍRSKA SÖNGKONAN Róisín Murphy á afmæli í dag.
*„Ég klæði mig hvorki fyrir sjálfa mig, til þess að tolla í tískunni né fyrir áhorfendur. Ég klæði mig fyrir ímyndina.“*

## Merkisatburðir

**1080** Ísleifur Gissurarson, fyrsti íslenski biskupinn, andast í Skálholti. Hann hafði verið biskup frá 1056.

**1541** Ögmundur Pálsson, síðasti kaþólski biskupinn í Skálholti, er færður fangi í skip sem flutti hann til Danmerkur. Hann lést á hafi úti á leiðinni.

**1687** Philosophiae Naturalis Principia Mathematica eftir Isaac Newton kemur út.

**1811** Venesúela fær sjálfstæði frá Spáni.

**1851** Þjóðfundur sem fjallar um frumvarp dönsku ríkisstjórnarinnar um réttarstöðu Íslands er settur í húsi Lærða skólans í Reykjavík. Fundurinn stóð til 9. ágúst.

**1930** Sólheimar í Grímsnesi taka til starfa. Þar er fyrsta heimili fyrir þroskahefta á Íslandi. Sesselja H. Sigmundsdóttir var stofnandi þess og forstöðumaður til æviloka 1974.

**1962** Alsír fær sjálfstæði frá Frakklandi.

**1987** Bjarni Arason sigrar Látúnsbarkakeppni Stuðmanna sem haldin er í Tívolíinu í Hveragerði.

FJÖLNIR ÓLAFSSON: SYNGUR 22 ÁRA SEM HINN SIÐLAUSI DON GIOVANNI

# Flytja Mozart-óperu í Hörpu

„Þessi týpa er gjörsamlega siðlaus. Hann nær í allar konur, myrðir mann og fer illa með starfsfólkið sitt en er þrátt fyrir það mikill sjarmör. Það er rosalega gaman að leika einhvern sem maður fær ekki að vera dagsdaglega,“ segir hinn ungi Fjölnir Ólafsson. Hann fer með titilhlutverk nýjustu tónleikauppfærslu Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins á óperunni Don Giovanni eftir W. A. Mozart. Óperan er stærsta verkefni hljómsveitarinnar til þessa og verður flutt á sunnudaginn á Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði og á þriðjudaginn í Eldborgarsal Hörpu.

„Nú eru átta einsöngvarar með hljómsveitinni í fyrsta sinn en auk þess syngur Háskólakórinn,“ segir Fjölnir um uppsetninguna en þetta er í fyrsta sinn sem óperan er flutt á íslensku.

Allir þátttakendur sýningarinnar fyrir utan stjórnendur eru á aldursbilinu 13 til 25 ára. Gunnsteinn Ólafsson kór- og hljómsveitarstjóri stýrir uppfærslunni sem er með 50 manna hljómsveit og jafn mannmörgum kór en Bjarni Thor Kristinsson leikstýrir og er sögumaður milli tónlistaratriða. „Með sögumanninum verður efnið aðgengilegt fyrir hvern sem er,“ útskýrir Fjölnir og segir sýninguna vera alla leikna þrátt fyrir að vera konsertuppsetning. „Við erum líka með búninga og smávægilega leikmuni.“

Flestir einsöngvararnir eru við nám erlendis. Fjölnir er á öðru ári í óperusöng við Hochschule für Musik Saar í Þýskalandi. Hann er sonur óperusöngvarans Ólafs Kjartans Sigurðarsonar en segist ekki hafa ætlað að feta í fótspor föður síns. „Mér fannst tilhugsunin við óperusöng skelfileg en síðan byrjaði ég í Hamrahlíðarkórnum, þó ég viðurkenni að partíin hafi togað meira í mig en söngurinn í fyrstu, og eitt leiddi af öðru,“ segir Fjölnir sem er einungis 22 ára eða jafngamall þeim Don Giovanni sem frumflutti óperuna á sínum tíma og bætir við: „Þetta er með því skemmtilegra sem ég hef gert.“ Að þessu sögðu leggur hann af stað til Siglufjarðar til að æfa óperuna fram á sunnudag með hópnum.

hallfridur@frettabladid.is



**ÓPERAN HEILLAR** Fjölnir Ólafsson er einn af einsöngvurum uppfærslunnar en þátttakendur hennar eru 108 talsins og allir á aldrinum 13 til 25 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**EINAR JÓNSSON**
**fyrrv. útgerðarmaður frá Patreksfirði,**

lést laugardaginn 30. júní. Útför hans fer fram frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 14. júlí kl. 14.00.

**Dröfn Árnadóttir**
**Árni Freyr Einarsson** **Þorbjörg Sólbjartsdóttir**
**Elín Kristín Einarsdóttir** **Haraldur Árni Haraldsson**
**Atli Már Einarsson** **Margrét Hólmfríður Magnúsdóttir**
**Perla Ösp**
**Einar**
**Sara Eygló**
**Selma Dröfn**
**Alexíus Bjartur**
**Aldís Lind**
**og systkini hins látna.**

---

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir, systir, tengdadóttir og frænka,

**MARGRÉT JONNÝ BIRGISDÓTTIR**
**Miðhúsum 8, 112 Reykjavík,**

lést 1. júlí á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi. Útför fer fram 11. júlí í Bústaðakirkju kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hinnar látnu er bent á námsreikning Thelmu Bjargar 0114-15-381199 kt. 200491-2979.

**Magnús Helgi Arnarson**
**Thelma Björg Magnúsdóttir** **Rögnvaldur Geir Hannah**
**Hanna Helgadóttir** **Birgir Dagbjartsson**
**Sigrún Birgisdóttir** **Ingvar Sigurðsson**
**Lára Birgisdóttir** **Ragnar Guðlaugsson**
**Brynja Dögg Birgisdóttir** **Hannes Guðlaugsson**
**Björg Magnúsdóttir** **Örn Henningsson**
**og frændsystkini.**

---

†



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug, samúð og vináttu við andlát ástkærrar eiginkonu, móður, dóttur og systur,

**GUNNHILDAR ÞÓRU GUÐMUNDSDÓTTUR**

sem lést á heimili sínu að Sunnuvegi 11 í Hafnarfirði þriðjudaginn 15. maí og var jarðsungin frá Digraneskirkju þriðjudaginn 22. maí sl.

**Hermann Georg Gunnlaugsson**
**Saga Jóhanna Inger Mellbin**
**Fanný Ósk Mellbin**
**Jónína Sigurgeirsdóttir**
**Gunnar Kr. Gunnarsson**
**systkini og aðrir ástvinir.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**GUÐRÍÐUR JÓNSDÓTTIR**

lést á Líknardeild Landspítalans 30. júní sl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 9. júlí nk. kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Líknardeild Landspítalans.

**Jón Þór Eyþórsson** **Olga Stefánsdóttir**
**Daníel Eyþórsson** **Sigurlaug Kr. Gunnarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabarn og systkini.**

---

†



Ástkær móðir mín, amma okkar og langamma,

**HULDA JÓRUNN ÞÓRÐARDÓTTIR**
**Rituhólum 2 í Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 18. júní. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug. Starfsfólki Sóltúns eru færðar sérstakar þakkir fyrir góða umönnun.

**Ingibjörg Bára Sveinsdóttir**
**Helga Hauksdóttir**
**Steinunn Hauksdóttir**
**Hulda Hauksdóttir** **Gylfi Magnús Jónasson**
**Aldís María Gylfadóttir**

---

†



Við þökkum innilega alla samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ARNGUNNAR S. ÁRSÆLSDÓTTUR**
**hjúkrunarkonu.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Grundar fyrir áralanga umönnun.

**Kolbeinn Árnason**
**Árni Árnason**
**Ársæll Þorvaldur Árnason**
**Jón Árnason**
**Finnur Árnason**
**og fjölskyldur.**

---

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**MARÍU H. GUÐMUNDSDÓTTUR**
**Skúlagötu 40.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks 21A á kvennadeild Landspítalans fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Elín María Ólafsdóttir** **Jóhannes Gíslason**
**Kristín Ólafsdóttir**
**Auður Ólafsdóttir** **Stefán Pétursson**
**Jens Ólafsson** **Kristín Eggertsdóttir**
**ömmubörn og langömmubarn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSTRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Efra-Seli, Hrunamannahreppi,**

sem andaðist að morgni 26. júní á Dvalarheimilinu Blesastöðum, verður jarðsungin frá Hrunakirkju þriðjudaginn 10. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarkort Dvalarheimilisins á Blesastöðum sem fást hjá Sjafnarblómum á Selfossi.

**Helgi E. Daníelsson**
**Ásdís Daníelsdóttir**
**Ástríður G. Daníelsdóttir**
**Jóhanna S. Daníelsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

†



Okkar ástkæra,

**ESTER JÚLÍUSSON**

sem lést 29. júní, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju mánudaginn 9. júlí kl. 15.00.

**Ragnheiður Friðjónsdóttir** **Sigurþór Aðalsteinsson**
**Guðrún Friðjónsdóttir** **Þórður Þórðarson**
**Júlíus Lennart Friðjónsson** **Þóra Jónsdóttir**
**Hjördís Hildigunnur Friðjónsdóttir** **Sigurður Davíðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýju og samhug við andlát og útför móður okkar og tengdamóður,

**KRISTVEIGAR SKÚLADÓTTUR**
**Hlíðarvegi 45, Siglufirði.**

**Steinþóra Vilhelmsdóttir** **Atli Benediktsson**
**Ágúst Vilhelmsson** **Hildur M. Egilsdóttir**
**Jakobína Vilhelmsdóttir** **Ólafur Ólafsson**
**Auður Vilhelmsdóttir**



## SVARTAR SOKKABUXUR – SVARTIR SKÓR

**Ef sokkabuxur og skór eru í sama lit virka leggirnir lengri. Svartir skór, svartar sokkabuxur og svart pils lengja svo um munar. Ef litsterkir skór verða fyrir valinu við svart pils ætti að velja sokkabuxur í sama lit og skórnir eigi leggirnir að virka lengri.**


Frábær fyrir stóru stelpuna



teg Asia - í D,DD,E,F,FF,G,GG skálum á kr. 8.770,- boxer buxur í stíl á kr. 4.550,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur



Eirberg



Sundfatnaður
– ný sending komin

Opið virka daga í sumar frá kl. 9 -18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



Útsalan er hafin!

Vertu vinur okkar á Facebook

hjá Hafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16




**UPPRENNANDI LEIKARI** Bragi Árnason er metnaðarfullur leikari í London og hefur tekið að sér ýmis hlutverk, bæði á sviði og í kvikmyndum. MYND/VALLI

# STÓRIR DRAUMAR

**MARGS KONAR STÍLAR** *Bragi Árnason er 26 ára leikari sem búsettur er í London. Hann er smekkmaður og hefur gaman af tísku frá hinum ýmsu tímabilum.*

Leikarinn Bragi Árnason er búsettur í London. Hann lauk námi við hinn virta leiklistarskóla ASAD (The Academy of the Science of Acting and Directing) í London vorið 2010. Síðan þá hefur hann leikið í fjölmörgum leikritum, söngleikjum, stuttmyndum og bíómyndum þar úti.

Bragi hefur auðvitað klætt sig í hin ýmsu gervi sem ólíkir karakterar í leiklistinni en hann hefur einnig gaman af að klæða sig upp dagsdaglega. Jakkann sem hann er í á myndinni fékk hann að gjöf frá kærustunni sinni en hún keypti hann á rakarastofu í London: „Í einu horninu á rakarastofunni er svona vintage-fatamarkaður og þar er oft hægt að finna flottar flíkur,“ segir Bragi ánægður með jakkann. „Ég lét sauma brjóstvasa í hann báðum megin svo nú er hann góður. Hann er dálítið „eighties“ en ég fíla hann vel.“

En hann fær ekki bara gefins föt frá kærustunni sinni: „Ég á mikið af fötum frá gömlum mönnum. Frá mínum eigin öfum og annarra,“ segir Bragi og hlær. Hann kann vel að meta vönduð jakkaföt og sérstaklega ef þau eru dálítið gamaldags. Í uppáhaldi er smóking sem var sérsaumaður á afa hans árið 1948 þegar hann varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík.

**Á LEIKSVIÐI**

Strax eftir útskrift úr ASAD bauðst Braga hlutverk í leikriti eftir Tennessee Williams sem heitir Moony‘s Kid Don‘t Cry. Þar lék hann Moony sjálfan en leikritið var sett upp í King‘s Head Theatre í London. Leikhúsið er svokallað kráarleikhús en þau eru allmörg í borginni. Þetta er með þeim elstu en þar hafa margir breskir leikarar stigið sín fyrstu skref og má sem dæmi nefna hjarta-

**ALLS KYNS FÓLK**

„Það skemmtilegasta við leiklistina er að mínu mati að kynnast fólki frá ólíkum menningarheimum.“

■ FRAMHALD Á SÍÐU 2


*3,5% lántökugjald

SUMAR ÚTSALA

Svefn & heilsa ★★★★★

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

Gerið gæða- og verðsamanburð

www.svefn.is

20-50% AFSLÁTTUR
Lök, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, gaflar, náttborð, teppasett og fleira.

SAGA/FREYJA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA/FREYJA
Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



TERNABOX - ÚTSALA
2x90x200
299.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum


ÚTSALA HAFIN!
BASLER Parisar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770


## SONJA 75 ÁRA

**Afmæli drottningar í gær**

**Sonja, drottning Noregs, varð 75 ára í gær. Ekki var opinber veisla, enda höfðu konungshjónin haldið sameiginlega veislu í maí. Haraldur konungur varð 75 ára í febrúar.**

**Sonja varð drottning Noregs árið 1991 en þau Haraldur gengu í hjónaband árið 1968.**

**Oft hefur verið sagt að Sonja hafi íhaldssaman smekk í fatavali. Engu að síður er hún ávallt glæsileg og sérfræðingur í að nota „gömul“ föt úr fataskápnum á nýjan hátt. Sonja þykir sérstaklega glæsileg þegar hún klæðir sig fyrir konunglegar veislur.**

**Hún notar ekki mikið af skartgripum eða fylgihlutum og kærir sig lítt um að vera áberandi. Fatahönnuðir segja að það beri vott um stolt og öryggi hennar.**



# HELGI ELGUR Á VEGG

**HÖNNUN** *Guðbjörg Málfríður Kristjánsdóttir hannar fallega skartgripi og gjafavöru. Helgi elgur er skartgripahengi sem getur líka verið veggskraut.*

Guðbjörg M. Kristjánsdóttir hefur undanfarin fimm ár hannað undir merkinu Malla – Íslensk hönnun. „Ég geri mest perlufestar og armbönd úr perlum. Ég nota alls kyns perlur, handmálaðar og heklaðar. Svo er ég nýfarin að láta skera út fyrir mig hluti úr MDF-plötum,“ segir Guðbjörg.

Hún er nýlega farin að hanna gjafavöru og hefur gert þrjú skartgripa- og/eða lyklahengi úr MDF-plötum. Helgi elgur er eitt þeirra en hann getur líka verið veggskraut.

„Það er aðeins hægt að leika sér með hann því hann er tvöfaldur og tvílitur. Öðrum megin er hann svartur en hinum megin brúnn og það er því hægt að hafa hann brúnan, svartan eða tvílitan. Elgurinn er mjög notendavænn og það er auðvelt að hengja hann upp og hægt að nota hann á ýmsan hátt.“

Það stendur til að gera fleiri gjafavörur og Guðbjörg er uppfull af hugmyndum. „Ég ætla að gera fugla úr MDF-plötu sem eiga að vera gluggaskraut. Ég er með hugmynd að öðru vegghengi og hef fengið fyrirspurnir um hengi fyrir eyrnalokka. Svo ætla ég að gera glasamottur úr korki í haust. Hugmyndirnar koma alls staðar að. Ég fæ þær úr umhverfinu og skoða líka hluti á netinu. Þegar mig vantar eitthvað sjálfri þá hanna ég það bara. Þannig kom til dæmis Helgi elgur skartgripahengið til, mig vantaði eitthvað fallegt til að hengja skartið mitt á,“ segir hún.

Guðbjörg hefur alltaf haft gaman að því að föndra og skapa eitthvað nýtt.

„Ég hef lengi verið að búa til skart fyrir sjálfa mig og málað og dundað mér eitthvað. Fyrir fimm árum byrjaði ég að gera skartgripi og það hefur undið svona upp á sig. Ég byrjaði á að gera fíngert skart, gerði svo mikið úr roði og á tímabili bjó ég til hárvörur úr filti. Vöruúrvalið hjá mér hefur verið breitt og ég fór rólega af stað. Ég prófaði að selja vinum og fjölskyldu og það gekk vel. Eftirspurnin eftir vörunum hefur aukist jafnt og þétt og nú er ég nánast komin með litla búð í stofunni hjá mér. Allt sem ég geri finnst mér sjálfri fallegt og geng með sjálf, mér finnst það verða að vera þannig,“ segir Guðbjörg.

Hægt er að skoða hönnun Guðbjargar á Facebook.

**lilja.bjork@365.is**

**FÖNDURKONA** Guðbjörg hefur lengi haft mikinn áhuga á föndri og alls kyns sköpun. Hún hannar nú undir merkinu Malla – Íslensk hönnun. MYND/STEFÁN



**TVÖFÖLD VIRKNI** Helgi elgur er bæði skartgripahengi og veggskraut. Hann er einfaldur í uppsetningu og það er hægt að hafa hann brúnan, svartan eða tvílitan.

FRAMHALD AF FORSÍÐU

knúsarann Hugh Grant. Leikhúsið er frægt meðal leikhúsfólks víða um heim.

En hvert var skemmtilegasta hlutverkið? „Ég lék einu sinni úlfinn í Rauðhettu, það var mjög gaman,“ segir Bragi og hlær. „Annars held ég að uppáhaldshlutverkið mitt sé Dave Moss í leikritinu Glengarry Glen Ross.“

**KVIKMYNDIR**

Undanfarið hefur Bragi snúið sér að kvikmynda- og stuttmyndaleik. Um þessar mundir leikur hann aðalhlutverk í nýrri breskri kvikmynd sem heitir Lost Diagnosis. „Ég leik mann sem er eftirlýstur fyrir morð á syni glæpaforingja bæjarins. Myndin fjallar um hóp af fólki sem leitar að morðingjanum en hvert og eitt hefur sína ástæðu fyrir að vilja finna hann,“ útskýrir Bragi.

**DRAUMURINN**

Hann segist vonast til að geta leikið áfram í Bretlandi og unnið á alþjóðavettvangi við leiklist. „Í fullri einlægni sagt var draumur minn sem barn alltaf sá að fara til Ameríku og reyna fyrir mér þar. Ég stefni að því að standa við það,“ segir Bragi. „Það skemmtilegasta við leiklistina er að mínu mati að kynnast fólki frá ólíkum menningarheimum. Þannig má eiginlega segja að maður kynnist umheiminum í gegnum starfið.“

Bragi segist ekki vera á heimleið í bráð heldur vilji hann freista gæfunnar áfram úti í hinum stóra heimi. „Mér finnst gaman að vinna í London og er kominn með prófíl þar og það er fínt,“ segir hann en bætir við að hann sé þó opinn fyrir öllu og vilji halda möguleikum sínum opnum, hér á landi og annars staðar. Hægt er að nálgast upplýsingar um feril Braga á heimasíðu hans www.bragiarna.com en þar má einnig heyra nýútkomið lag eftir hann sjálfan sem ber heitið The Journey.

**halla@365.is**



**ELTIST VIÐ ÆSKUDRAUMINN** Sem barn dreymdi Braga um að verða leikari í Hollywood og hefur hann ekki gefið drauminn upp á bátinn.


Útsalan er hafin
Flott föt fyrir flottar konur
st. 40 – 58

Verslunin Belladonna á Facebook
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is




Nýjar vörur (ekki á útsölu)
Útsala
50% afsláttur
Opið í kvöld fimmtudag til 21:00
ARNA
Grímsbær-Bústaðarvegi
Efstaland 27, 108 Rvk., Sími 527-1999
Opið: mán-fös. 11-18
laugd. 11-15
Vertu vinur á facebook ;)


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



# MYNSTUR OG MENN ÚR MÁLMI

**TÍSKUVIKA Í PARÍS** *Bandaríski hönnuðurinn Thom Browne er ekki hræddur við að blanda saman skræpóttum mynstrum í öllum litum. Hann sýndi nýjustu línu sína á tískuvikunni í París nú á dögunum og vakti verðskuldaða athygli.*

Silfraðir menn frá toppi til táar komu fram í nafni hönnuðarins Thoms Browne á tískuvikunni í París um helgina þar sem vor- og sumartíska karlmanna var sýnd. Þar ægði saman björtum litum og margs konar mynstrum. Fyrirsæturnar voru þaktar silfraðri andlitsmálningu og báru sundhettu í sama lit auk sólgleraugna. Skórnir voru í stíl, glansandi silfraðir.

Í þessari línu braut Browne margar almennar óskrifaðar „tískureglur“ sem gilda um hinn óbreytta jakkafataklædda mann en þar má helst nefna of stuttar ermar á jökkum og buxnaskálmar. Sjálfur gengur hann gjarnan í of stuttum jakkafatabuxum og sokkalaus í spariskóm. Það má kannski deila um notkun orðsins „of“ í þessu samhengi. Það tjáir víst ekki að rífast við tískulögguna.

Browne er annars þekktur fyrir leikrænar útstillingar á tískusýningum og þessi var engin undantekning eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.

■ halla@365.is





THOM BROWNE


# Útsala í fullum gangi

Kjólar
70% afsláttur
af völdum kjólum



~~Verð áður 19.990~~
Nú 5.990



~~Verð áður 19.990~~
Nú 5.990

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Vertu vinur


# EINSTÖK BLANDA NÁTTÚRULEGRA EFNA

*Póstinnkaup kynnir*

Umboðs- og heildverslunin Póstinnkaup flytur inn En Gedi-húð- og hárvörurnar. Vörurnar hafa verið framleiddar á vísindalegan hátt til að gera neytendum kleift að upplifa heilsusamleg og endurnærandi áhrif Dauðahafsins, en En Gedi-vörurnar innihalda blöndu af náttúrulegu salti og steinefnum úr Dauðahafinu ásamt jurtum sem eru auðugar af næringarefnum og fitusýrum. Þessum virku náttúrulegu efnum er blandað saman til að framleiða einstaka náttúrulega blöndu steinefna fyrir húðina.

**HEILSUBÆTANDI EIGINLEIKAR**

Dauðahafssaltið og steinefnin hafa bætandi og mýkjandi áhrif á allan líkamann, hárið og húðina. Þau hafa jafnframt góð áhrif á þá sem hafa margvísleg húðvandamál, meðal annars sóríasis. Í boði er fjölbreytt vöruúrval sem hentar einstaklega vel fyrir allar húðgerðir. Leirinn í En Gedi-vörunum hefur góð áhrif á þá sem þjást af gigt, eymslum í vöðvum og liðamótum. Bað úr En Gedi-saltkristöllum örvar blóðflæðið, fæst á náttúrulegan hátt við húðvanda og hefur sérstaklega góð áhrif á liðamót og vöðva. Ilmjurtirnar í En Gedi-vörunum örva meðal annars blóðflæðið, sótthreinsa, draga úr streitu og styrkja ónæmiskerfið.

Vörurnar eru hvorki prófaðar á dýrum né innihalda efni úr dýrum. Allar vörurnar eru án parabena, formalíns og innihalda engin viðbætt gervi-rotvarnarefni.


**EN GEDI** Náttúrulegar
Húð- og Hárvörur




Vörurnar innihalda náttúrulegt Dauðahafssalt, steinefni og fyrsta flokks ilmkjarnaolíur og jurtakraft.
Allar vörurnar eru án parabena og formalíns.
**Sölustaðir**: www.femin.is og heilsubúðin Góð Heilsa Gulli Betri, Njálsgötu 1.

Kíktu á En Gedi Ísland

EN GEDI
— Natural Care —
From The Dead Sea


# EYÐILAGÐI BIRKIN-TÖSKU FYRIR LISTINA

*Ljósmyndarinn Tyler Shields eyðileggur tískuvarning og notar sem myndefni.*

Ljósmyndarinn Tyler Shields hefur ásamt kærustu sinni, Francescu Eastwood, kveikt í og eyðilagt rándýran tískuvarning og tekið myndir af því.

Skemmdarverkið sem fer þó mest fyrir brjóstið á fólki er þegar hann eyðilagði Hermés Birkin-tösku sem kostar 100.000 dollara eða 12,6 milljónir íslenskra króna. Á myndunum er Francesca að saga töskuna í sundur með vélsög á meðan taskan stendur í ljósum logum. Hermés Birkin-töskur eru vönduðustu töskur sem framleiddar eru og eru þær aðeins framleiddar í takmörkuðu magni. Þess vegna eru margir tískuunnendur sárir yfir myndunum af þessum gjörningi. „Við erum að tala um tösku,“ segir Shields, „þetta er ekkert öðruvísi en poki úr matvöruverslun. Þú setur draslið þitt í þetta.“

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Tyler eyðileggur rándýran tískuvarning en hann hefur kveikt í Louis Vuitton-töskum og sagað í sundur Christian Louboutin-skó. Honum hefur þó tekist að sýna fram á að þessar vörur eru framleiddar úr hágæðaefnivið þar sem að það tók hann 7 sagir til þess að saga í gegnum Louboutin-skóna og nokkra lítra af bensíni til þess að kveikja í töskunum sem brunnu þó ekki til fulls. Hægt er að sjá myndirnar á heimasíðu ljósmyndarans, Tylershields.com.



CHRISTIAN LOUBOUTIN-SKÓR



HERMÉS BIRKIN BRENND

# GLUGGAR

FIMMTUDAGUR **5. JÚLÍ 2012**

**Kynningarblað**

**Endurvinnsla á gleri, gluggaþvottur, gluggar í bíómyndum og framleiðsla á gleri.**




-viðhaldsfríir

**Gluggar & hurðir**

*Hentar mjög vel íslenskri veðráttu!*

ALLIR VINNA

KÖMMERLING



27 ára
Íslensk framleiðsla
1984 - 2011

GLUGGAR & GARÐHÚS hf

Smiðsbúð 10 | 210 Garðabær
Sími: 554 4300 | www.solskalar.is



## Frágangur millipósta

Gluggarnir frá Glerborg eru með undir- og yfirstykkin heildregin sem eykur styrk gluggans verulega. Við það að sjóða saman millipósta eins og sumir framleiðendur gera er járnprófíllinn sem myndar styrkinn tekinn í sundur við samskeytin sem veikir gluggann.

MYND/STEFÁN



## Plastútihurðir

Fyrirtækið selur meðal annars PVC-u útihurðir úr plasti sem eru gríðarlega öruggar og algjörlega vind- og vatnsþéttar vegna tvöfaldra þéttinga og fimm punkta læsingar. Á Íslandi eru miklar hita- og rakasveiflur og veður óstöðugt. Það veldur því oft að hefðbundnar timburhurðir vilja þrútna og skreppa saman á víxl og á endanum bjóða þær litla vörn gegn vatni og vindum. Útihurðir frá Glerborg eru varanleg og ódýr lausn á þessum vandamálum og ekki þarf að skrapa og mála þær á nokkurra ára fresti. Plasthurðirnar bjóða upp á ótal útfærslur í útliti og glergerðum og hægt er að fá þær í hinum ýmsu litum og viðaráferðum eins og eik, gulleik og mahóní.



**LIÐSSTYRKUR** Stefán Geir (til vinstri) er nýr starfsmaður þjónustudeildar Glerborgar. Hér er hann ásamt Hafsteini Hilmarssyni sölustjóra.



# Bætt þjónusta í Glerborg

Glerborg hefur fengið nýjan liðsmann í þjónustudeild sína. Stefán Geir Stefánsson hefur áratuga reynslu úr byggingariðnaðinum.

Stefán Geir Stefánsson er nýr starfsmaður þjónustudeildar Glerborgar. „Ég stýri þjónustudeildinni hér hjá Glerborg. Í því felst að gefa góð ráð til viðskiptavina okkar og meta aðstæður þegar kemur að glugga- og glerskiptum. Einnig að sjá um mælinga- og ísetningarþjónustuna," segir hann.

Þjónusta Glerborgar einskorðast ekki við höfuðborgarsvæðið. „Við erum í samstarfi við góða aðila úti á landi varðandi mælingar og ísetningarþjónustu. Það mætti segja að við séum með lykilmenn í hverjum fjórðungi."

Stefán Geir hefur starfað í byggingariðnaðinum í áratugi og veit hvað hann syngur þegar kemur að gluggum og gluggasmíði. „Ég var lengi verkstjóri í stærstu hurða- og gluggaverksmiðju landsins. Þannig að ég hef séð einn eða tvo glugga áður," segir Stefán Geir í gamansömum tón.

Nú í vor fagnar Glerborg 40 ára afmæli sínu og í tilefni þess hafa söluskrifstofur verið endurnýjað og nýr og glæsilegur sýningarsalur opnaður að Dalshrauni 13 í Hafnarfirði.



## Álgluggar og Álhurðir

Glerborg býður ótal útfærslur í álgluggum og -hurðum og búnaði í kringum þær. Álgluggar og -hurðir eru fáanlegar í næstum öllum litum og eru löngu orðnar sígildar í verslunum og opinberum byggingum vegna styrks og léttleika. Nú færist mjög í vöxt að nota slíkar hurðir í íbúðarglæsihýsi.



## Plastgluggar

Glerborg býður gæða PVC-u plastglugga sem eru háeinangrandi með gasfylltu K-einangrunargleri en slíkt gler minnkar varmatap út um gluggana verulega umfram venjulegt K-gler og flotgler. Opnanleg fög eru með lömum sem hafa inn-byggt opnunaröryggi og næturlæsingu.



## Rennihurðir

PVC-u rennihurðirnar frá Glerborg eru þéttar og öruggar. Tvöfaldar gúmmíþéttingar gera þær fullkomlega vind- og vatnsþéttar auk þess sem þær eru búnar öflugum læsingum. Einn helsti kosturinn við rennihurðir er að opnun þeirra tekur hvorki pláss inni né úti. Húsið þarf ekki að vera í byggingu til þess að koma megi fyrir rennihurð. Hægt er að saga niður úr gamla stofuglugganum og smella rennihurð í gatið.



# NÝR OG ENDURBÆTTUR SÝNINGARSALUR!

Nú í ár fagnar **GLERBORG 40 ára** afmæli sínu og í tilefni þess hafa söluskrifstofur verið endurnýjaðar og nýr og glæsilegur sýningarsalur hefur verið opnaður að Dalshrauni 13 í Hafnarfirði. Í salnum er mikið úrval sýningarglugga og hurða.

**GLERBORG** býður upp á mikið úrval glugga og hurðagerða og hefur algjöra sérstöðu hvað varðar gæði og fjölbreytt úrval. Jafnframt er boðið upp á þjónustu við mælingar og uppsetningar víða um land.

MYND/VALLI



## Hurðir, veggir og sturtuklefar úr hertu og samlímdu öryggisgleri

**Glerborg** býður upp á ótal útfærslur í útliti og búnaði á innihurðum úr hertu gleri. Þessar hurðir eru fáanlegar sem rennihurðir og sveifluhurðir sem dæmi. Þær henta vel þar sem leitast er við að hafa gott og opið rými bæði heima fyrir og í fyrirtækjum. Dæmi um notkun slíkra innihurða er í fundarherbergjum, opnum skrifstofum þar sem þarf að vera möguleiki á að loka að sér, í sturtum og í raun alls staðar þar sem loka þarf á hljóð en ekki útsýni.

MYND/STEFÁN

GLERBORG
- rammar inn lífið

# Endurnýting glers

**Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar, segir sífellt leitað leiða til endurnýtingar glers og óskar hugmynda frá sem flestum hvað það varðar.**

Endurvinnslan sér um móttöku glers hér á landi þar sem það er mulið niður og meðal annars notað í landfyllingu umhverfis og við sorphauga Sorpu. Nú er mikið notað af glerinu sem undirlag undir væntanlegan þjóðveg. „Við höfum líka verið í samstarfi við Hlaðbæ Colas sem notar gler sem íblöndunarefni í malbik. Tilraunir hafa verið gerðar með gólfefni þar sem gler er steypt eða límt niður á gólffleti, og svo höfum við verið í samstarfi við ýmsa listamenn með hugmyndir um nýtingu glers,“ segir Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar.



Gler er meðal annars notað í landfyllingu umhverfis sorphauga Sorpu, í undirlag þjóðvega, sem íblöndunarefni í malbik og sem gólfefni. MYND/VALLI

„Ég spurði mig af hverju ekki væri verið að endurvinna gler á Íslandi. Magnið sem til fellur er í kringum 3500 tonn á ári. Það er hins vegar of lítið til að það borgi sig að reisa endurvinnsluverksmiðju. Ég setti mig í samband við ýmsar endurvinnslustöðvar en þær greiða yfirleitt ekki neitt fyrir efnið vegna þess að það er ekki nógu hreint og óflokkað. Það er gríðarlega kostnaðarsamt að flokka og hreinsa svo lítið magn. Við reynum því að leita annarra leiða við endurnýtingu glers og allar hugmyndir eru vel þegnar.“ Víða erlendis er gler endurunnið. Þar er það annað hvort brætt í nýtt gler eða mulið niður í salla og notað í sandgryfjur á golfvöllum, göngustíga, sem glerblásturssandur og fleira. Gler er eitt af fáum efnum sem hægt er að endurnýta aftur og aftur, án þess að það tapi eiginleikum sínum. En þar sem mengandi áhrif þess eru ekki mikil og flókið að safna því saman, hreinsa og flokka til að það sé tækt í endurvinnslu, er það ekki gert nægjanlega markvisst. Víða erlendis er nú farið að skattleggja gler til að minnka notkun þess og reyna að fá framleiðendur til að skipta í PET-plast og ál sem er auðveldara að endurvinna.

## ENDURNÝTING GLERS

**Gler er** allt að 70% sandur og hægt er að endurvinna það aftur og aftur án þess að það tapi eiginleikum sínum.

Á Íslandi falla til um 3500-4000 tonn af gleri á endurvinnslustöðvum. Mulið gler er notað víða, til dæmis í:

- golfgryfjur
- göngustíga
- malbik
- jarðvegsfyllingar
- glerblásturssand






## GLUGGAÞVOTTUR

**Það leiðinlegasta** við að hafa glugga á heimilinu er að þurfa að þrífa þá. Leiðinlegra er þó að horfa út um skítugar rúður svo flestir láta undan að lokum og leggjast í þrif. Best er að þvo rúðurnar að minnsta kosti tvisvar á ári, bæði að innan og utan.



Margir kannast við að setjast lúnir niður eftir gluggaþvott og taka þá eftir röndum á glugganum og neyðast til að endurtaka leikinn. Erfitt getur verið að sjá hvorum megin rendurnar eru en sniðugir þvo gluggana að innanverðu með láréttum hreyfingum en lóðréttum að utanverðu. Þannig er auðvelt að sjá hvorum megin línurnar hafa myndast. Best er að þvo gluggana þegar sólin skín ekki beint á þá því þá þorna þeir of hratt og línurnar myndast frekar. Einnig er gott að nota dagblöð eða kaffipoka til að pússa gluggana. Sumir mæla með gömlum bómullarbol.

*Hér er svo uppskrift að heimagerðu gluggaþvottaefni:*

3,5 l vatn
1/2 dl edik
2 msk. sítrónusafi (má sleppa)
1 tsk. uppþvottalögur

## BAKGLUGGINN

**Bakgluggi íbúðar** í New York spilar stórt hlutverk í kvikmyndinni Rear Window sem er af mörgum talin ein af betri kvikmyndum leikstjórans Alfreds Hitchcock. Myndin segir frá atvinnuljósmyndaranum L.B. „Jeff“ Jefferies sem fótbrýtur sig í vinnuslysi og neyðist til þess að dvelja heima hjá sér, fastur með annan fótinn í gifsi, í sjö vikur. Hann hefur fátt annað að gera en að njósna um nágranna sína út um bakgluggann. Fljótlega fer hann að gruna að nágranni sinn hafi myrt eiginkonu sína og rannsakar málið með hjálp unnustu sinnar, sem leikin er af Grace Kelly, og hjúkrunarkonunnar sem heimsækir hann reglulega.



Myndin var frumsýnd árið 1954 og var tilnefnd til fjögurra Óskarsverðlauna en fékk engin. Höfundar Simpsons-þáttanna byggðu einn þátt úr sjöttu þáttaröð á myndinni. Í honum hafði Bart Simpson fótbrotnað og þurfti að dvelja inni á meðan vinir hans voru úti að leika. Hann þykist sjá nágranna sinn, Ned Flanders, myrða eiginkonu sína Maude og æsileg atburðarás fer af stað þótt spennan hafi vissulega verið minni en í mynd Hitchcock.






**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893-3503



Til sölu nýr frystiklefi og búnaður ATB 202 (1.62 kw ,400V 3ph/ 50Hz. Stærð: 2100 x 1500 x 2000mm. Verð 1385.000.- m/vsk Uppl. info@senson. is Sími 511-1616.






**Gróðurhús TILBOÐ !!!**
6fm með hertu gleri 230þ. 9fm með hertu gleri 330þ. KLIF ehf, S:552-3300.




**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottavéla. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.

Til sölu nýuppgerð jeppakerra, með ljósum og brettum. V. 80 þ. Fjallahjól V. 10 þ. 4 Ný nagladekk á felgum undan Skoda Octavia V. 40 Þ. Nýtt Brightling úr V. 100 þ. S. 864 5290

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

Er einhver góðhjartaður sem vil gefa lopa, á sama stað óskast fiskabúr og plötuspilari S. 778 7680

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**NUDD OG HEILSA**
DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa. is

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is



Dóra Dröfn Skúladóttir, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@ simnet.is.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Yndislegir sharpei hvolpar til sölu undan margverðlaunuðum og sýndum foreldrum. Ættbók frá HRFÍ. Uppl. S 821 9262

Hreinræktaðir Labrador hvolpar til sölu. Afhentast ættbókafærðir 15. júlí. Uppl. í s. 8692809

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

60 fm íbúð í nýlegu einnar hæðar einbýlishúsi á Seltjarnarnesi. Leiga 115 þús. á mán. með hita og rafmagni. Uppl. í s: 824 2627.

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Uppl. s. 773 0317.

2ja herb. íb. 57 fm með sérinngangi í Suðurhlíðum Kópavogs. Leiga: 93 þús. á mán. Hiti og rafm. innif. Stutt í alla þjónustu. Laus 9. júlí. Leigist reyklausu og barnlausu pari. Uppl. í síma 564 2419 eða 868 4156.

## Húsnæði óskast

**Rizzo Pizzeria óskar eftir íbúð!**
Óska eftir 4, herbergja íbúð í Mosó og nágrenni. Sem allra fyrst. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl í síma 663 2502 eða solla@rizzo.is

## Sumarbústaðir

Öndverðanes sumarbústaður 87fm, og 25fm gesthús til sölu. Uppl. í S:663 3859/896 1215

## Atvinnuhúsnæði

70fm húsnæði til leigu á Ártúnshöfða. ásamt 12fm millilofti. Stórar innkeyrsludyr, útiaðstaða. S. 568 1075 899 1075. eftir kl.18:00.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Bílskúr

Til leigu 21 fm. bílskúr í Garðabæ m. hita, vatni og rafmagni. Uppl. í S:773-0909

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Italiano Pizzeria

Italiano er að leita að duglegum, snyrtilegum starfsmanni í hlutastarf og fullt starf. Góð íslenskukunnátta og mikil hæfni í mannlegum samskiptum áskilin. Sæktu um á staðnum eða sendu okkur mail á italiano@italiano.is

**Kokkur óskast**
**Vantar kokk eða vanan matreiðslumann. 100% starf, þarf að geta byrjað sem fyrst. Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt „veitingahús"**

**Málarar óskast til starfa**
**Óska eftir að ráða vana málara. Áhugasamir hafið samband í**

**síma 861 0006**

**Workers**
**I need workers for outside work.**

**Good payment for good men. For more infomation call 696 6676**

**Trésmiðir**
Óska eftir tré smiðum í uppsteypu .á höfuðborgarsvæðinu Uppl. Síma 897-4807

Um 50 rafvirkja vantar til Noregs strax. Frítt húsnæði. Sendið ferilskrá á norsku eða ensku ásamt afriti af sveinsbréfi (og DSB) á midlun@simnet.is.

Veitingahús í Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki í sal aðra hverja helgi. Uppl. í S. 822 5229 milli kl.14-16.

Vantar sjómann til þess að vera með strandveiðibát á svæði C verður að vera með réttindi húsnæði á staðnum(meðmæli) uppl s:8612815

Óska eftir vönum verkamönnum við hellulagnir o.fl. verða að geta hafið störf strax. Áhugasamir sendi póst á beggi@bergthorehf.is

**Pípulagningamenn**
Óska eftir pípulagningameistara eða svein til starfa í Stavanger Uppl. í s: +47 908 41 752 eða stefan@ jonsson-partnere.no

Óska eftir múrara og flísalagningamanni. Uppl. s. 866 6291

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



**Komdu í klippingu**
Eva Katrín er byrjuð að vinna hjá okkur. Topphár Dvergshöfða 27 sími. 5872030

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn. Engin bið nema þegar talað er.





ÆVINTÝRAEYJAN MEÐ HEMMA GUNN OG SVANSÍ

Á laugardaginn verður Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansí á Bylgjunni. Boðið verður upp á frábær tónlistaratriði og uppákomur fyrir alla fjölskylduna. Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.

BYLGJULESTIN ÞAKKAR Bolvíkingum frábærar viðtökur um síðustu helgi. Nú um helgina verður Bylgjulestin á Goslokahátíð í Vestmannaeyjum.

BYLGJULESTIN Í SUMAR

| | |
|---|---|
| 9. JÚNÍ | Selfoss |
| 16. JÚNÍ | Hafnarfjörður |
| 23. JÚNÍ | Hveragerði |
| 30. JÚNÍ | Bolungarvík |
| 7. JÚLÍ | Vestmannaeyjar |
| 14. JÚLÍ | Flúðir |
| 21. JÚLÍ | Blönduós |
| 28. JÚLÍ | Siglufjörður og Fáskrúðsfjörður |
| 11. ÁGÚST | Dalvík |
| 18. ÁGÚST | Reykjavík |

Ævintýraeyjan olís BYLGJAN 989

## Tilkynningar

www.hafnarfjordur.is
HAFNARFJÖRÐUR
ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Auglýsing um skipulag – Hafnarfjarðarbær

### Tillögur að breyttu deiliskipulagi „Reykjanesbraut frá Áslandi að Hellnahrauni" í Hafnarfirði.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 26.6. 2012 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu Reykjanesbrautar frá Áslandi að Hellnahrauni í Hafnarfirði í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin fellst í að tvöföldun brautarinnar er nú leyst í þröngu sniði með 5 metra miðdeili í stað 11 metra vestan Strandgötu, Reykjanesbrautin verði lækkuð í hæð miðað við núverandi hæðalegu, á mótum Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurvegar breytast hringtorg í dropalaga lausn, minni að umfangi og sem hefur minni áhrif á nánasta umhverfið en áður var. Í stað gabbíon hljóðmana verði hljóðmanir byggðar upp af jarðvegshólfum sem síðar verður gróðursett í. Mótvægisaðgerðir gegn umferðarhávaða felast í hefðbundnum jarðvegsmönum, jarðvegshólfum og hljóðveggjum. Áætlað að framkvæmdin taki 2-3 ár en tímasetningin liggur ekki fyrir.

**Tillögur að breyttu deiliskipulagi „Reykjanesbraut í Hafnarfirði".**

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 26.6. 2012 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu Reykjanesbrautar frá Kaldárselsvegi að Áslandi í Hafnarfirði í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin fellst í tvöföldun Reykjanesbrautar frá Kaldárselsvegi að Áslandi í þröngu sniði með 5 m miðdeili, Reykjanesbrautin verði lækkuð miðað við núverandi staðsetningu, Göngubrú við Suðurbraut verði staðsett á skipulagstillögunni og hefðbundnar jarðvegsmanir verði sunnan Reykjanesbrautar en jarðvegshólfun norðan hennar. Deiliskipulag þessa hluta Reykjanesbrautar helst í hendur við deiliskipulagsbreytingu Reykjanesbrautar á kaflanum frá Áslandi að Hellnahrauni og er einnig vísað til umfjöllunar þar.

**Tillögur að breyttu deiliskipulagi „Hellnahraunsathafnasvæði 1. áfangi, Steinhella 10, í Hafnarfirði".**

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 26.6. 2012 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu "Hellnahrauns-athafnasvæði 1. Áfanga, Steinhellu 10 í Hafnarfirði í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin fellst í að lóðin verði stækkuð úr 6319,2 fm í um 8426,2 fm og byggingarreitur verði stækkaður úr 3446 fm í um 4711,4 fm. Nýtingarhlutfall lóðar má mest vera 0,6.

Deiliskipulögin verða til sýnis hjá skipulags- og byggingarsviði á Norðurhellu 2, frá 5. júlí til 17. ágúst 2012. Hægt er að skoða deiliskipulagstillögurnar á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 17. ágúst 2012. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

*Skipulags-og byggingarsvið Hafnarfjarðar.*




**DISCOVERY CHANNEL** ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

# Aðalfundur Vinafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Aðalfundur Vinafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands verður haldinn í **Munnhörpunni í Hörpu fimmtudaginn 12. júlí kl. 17:30.**

**Dagská fundarins er eftirfarandi:**

1. Skýrsla stjórnar
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Kosið í stjórn
4. Önnur mál

**Félagar eru hvattir til að mæta!**
Stjórnin

vissir þú að...
foreldrum og yfirvöldum
ber að tryggja öryggi barna
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Fasteignir



Sigrún Stella Einarsdóttir
lögg. fasteignasali
GSM 824 0610

FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS

### Reyrengi 8 – Íbúð 201 - Grafarvogi

**Opið hús fimmtudaginn 5. júlí milli kl. 17:00 & 17:30**




Björt 4ra herbergja endaíbúð með sér inngangi af svölum á 2. hæð auk stæði í opinni bílageymslu við Reyrengi í Grafarvogi. Eignin er 103,6 fm, þar af er geymsla á jarðhæð 5,2 fm. Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni. **Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 23.9 millj.**
**Fasteignasali verður á staðnum. Verið velkomin!**
**Nánari upplýsingar í síma 575-8585 og 824-0610**

Sími 575 8585 FASTEIGNASALAN Í ÞÍNU HVERFI www.fmg.is

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

**Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi**

Áður en tillaga að breytingu á aðalskipulagi er tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan og forsendur hennar kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt eftirfarandi tillaga að breytingu á aðalskipulagi:**

1. Breyting á Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 innan þéttbýlisins Laugarvatn. Endurskoðun landnotkunar til samræmis við deiliskipulag.

**Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt eftirfarandi tillaga að breytingu á aðalskipulagi:**

2. Breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016. Vindrafstöðvar á athafnasvæði Landsvirkjunar við Bjarnalón.

Þegar vinna hefst við gerð deiliskipulags skal taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

**Samkvæmt 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að lýsingu skipulagsverkefnis fyrir eftirfarandi verkefni:**

3. Deiliskipulag fyrir nýtt lögbýli (lnr. 212210) úr landi Kjóastaða í Bláskógabyggð.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

4. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi golfvallarsvæðis úr landi Minni-Borgar við Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi.
5. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Nesjavöllum, ásamt umhverfisskýrslu, í Grímsnes- og Grafningshreppi.
6. Tillaga að breytingu á skilmálum frístundabyggðar í landi Brekku í Bláskógabyggð. Brekkuheiði og Vallárvegur.
7. Tillaga að deiliskipulagi tveggja vindrafstöðva á Hafinu, athafnasvæði Landsvirkjunar ofan við Búrfellsstöð, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/. Skipulagstillögur nr. 1 og 3 eru í kynningu frá 5. til 19. júlí 2012 en kynningartími fyrir skipulagstillögur nr. 2 og 4 - 7 er frá 5. júlí til 17. ágúst 2012. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 1 og 3 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 19. júlí en athugasemdir við tillögur nr. 2 og 4 - 7 þurfa að berast í síðasta lagi 17. ágúst 2012.
Athugasemdir skulu vera skriflegar

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps**

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og
Gissur með fréttirnar



# FYRIR HEIMILIÐ

HÚSGAGNAHÖLLIN

Verið velkomin í Húsgagnahöllina



10% STAÐGREIÐSLUAFSLÁTTUR

**UMBRIA** 2 sæta sófi. B:220 D:87 H:80 cm.
3 sæta sófi. B:210 D:87 H:80 cm.
Ljóst áklæði.

2 SÆTA **169.990** 3 SÆTA **189.990**



10% STAÐGREIÐSLUAFSLÁTTUR

**UMBRIA** tungusófi. B:305 D:88/163 H:80.
Fæst með vinstri eða hægri tungu. Dökkgrátt áklæði.

**249.990**

NÝTT! NÝ SENDING AF UMBRIA SÓFUM

10% STAÐGREIÐSLUAFSLÁTTUR



**UMBRIA** tungusófi. B:305 D:88/163 H:80.
Fæst með vinstri eða hægri tungu. Svart leðuráklæði.

**379.990**



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**SPIZY** form,
hvít. 4 stk. í pk.

**693**
FULLT VERÐ: 990



NÚNA 45% AFSLÁTTUR

**SKOVBY** sjónvarpsskápur, eik. B:162 D:47 H:52 cm.
Innbyggður nemi fyrir fjarstýringar sem gerir þér kleift að stjórna tækjum í lokuðum skápnum.

**98.990**
FULLT VERÐ: 179.990



**SKOVBY** sófaborð, eik. L:135 B:78 H:50 cm.

**139.990**






GLÆSILEG LA-Z-BOY DEILD
KOMDU TIL OKKAR OG PRÓFAÐU



10% STAÐGREIÐSLUAFSLÁTTUR

**109.990**

LA-Z-BOY

**NORMAN** La-z-boy stóll. Dökkbrúnt áklæði.
B:70 D:78 H:102 cm.



10% STAÐGREIÐSLUAFSLÁTTUR

**119.990**

LA-Z-BOY

**HARBOR TOWN** La-z-boy stóll. Sand áklæði.
B:70 D:78 H:102 cm.



10% STAÐGREIÐSLUAFSLÁTTUR

**139.980**

LA-Z-BOY

**ASPEN** La-z-boy stóll. Svart leðuráklæði.
B:80 D:76 H:101 cm.

**0% VEXTIR** Húsgagnahöllin býður nú upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða — MasterCard VISA

**HÚSGAGNAHÖLLIN** Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ** Virka daga 10-18 laugardaga 12-18 **SUNNUDAGA LOKAÐ.**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** sæti, **6.** kringum, **8.** merki, **9.** sólunda, **11.** skst., **12.** tími, **14.** þrátta, **16.** tímaeining, **17.** angan, **18.** sakka, **20.** hljóm, **21.** lima sundur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** svei, **3.** eftir hádegi, **4.** skordýr, **5.** sjáðu, **7.** andstaða, **10.** for, **13.** neitun, **15.** formóðir, **16.** fiskur, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** sess, **6.** um, **8.** hak, **9.** sóa, **11.** no, **12.** stund, **14.** þrefa, **16.** ár, **17.** ilm, **18.** lóð, **20.** óm, **21.** liða.

**LÓÐRÉTT:** **1.** fuss, **3.** eh, **4.** sandfló, **5.** sko, **7.** mótþrói, **10.** aur, **13.** nei, **15.** amma, **16.** áll, **19.** óð.






# Svo var barinn opnaður

**BAKÞANKAR**
Sifjar Sigmarsdóttur



„Hvenær ætlið þið að borga?“ hrópaði róninn sem ég spjallaði við fyrir utan ráðstefnuhúsið í Cannes þegar ég sagðist koma frá Íslandi. Ég mældi göturnar meðan eiginmaðurinn sótti þar auglýsingaráðstefnuna Cannes Lion. Það kom á mig fát. Ég hafði staðið í þeirri trú að í augum alþjóðasamfélagsins værum við Íslendingar krúttlega smáþjóðin sem þekkt er fyrir fagra náttúru, glæsilegar konur og Björk. Ég hélt að allir væru löngu búnir að gleyma Icesave.

**INNI** í ráðstefnuhúsinu kvað við kurteisari tón. „Aha, þú kemur frá Íslandi: fegurð, náttúra, Björk …“ Eiginmaðurinn kinkaði kolli, upp með sér yfir að vera frá þessu virta landi. En svo var barinn opnaður. Það tók ekki marga drykki fyrir hið raunverulega álit auglýsingabransans að fljóta upp á yfirborðið: „Hvenær ætlið þið svo að borga?“

**MARGIR** virðast standa í þeirri trú að nýendurkjörinn forseti Íslands hafi bjargað okkur Íslendingum frá skuldabagga sem kenndur er við Icesave. Það gleymist hins vegar oft að málinu er hvergi nærri lokið. Svo kann að fara að ákvörðun Ólafs Ragnars Grímssonar um að synja lögum um Icesave staðfestingar leiði af sér meiri kostnað en samningaleiðin hefði haft í för með sér. Eina afleiðingu ákvörðunar forsetans er auk þess erfitt að meta til fjár: Orðstír Íslands á alþjóðavettvangi er laskaður. Við erum álitin ein af óreiðuþjóðum Evrópu. Þjóðin sem neitar að borga.

**Á CANNES** Lion-auglýsingaráðstefnunni voru til umfjöllunar þó nokkur markaðsátök landa sem þurfa andlitslyftingar við þegar kemur að ímyndinni. Í kjölfar jarðskjálftans í Japan árið 2011 varð veraldarvefurinn skyndilega krökkur af ljósmyndum af afleiðingum náttúruhamfaranna. Til að bregðast við þessu íhuga Japanir að bjóða túristum sem heimsækja landið nokkurra mínútna ókeypis internetaðgang fyrir hverja mynd sem þeir deila á vefnum í fríinu. Vonin er sú að ljósmyndir af brosmildum ferðalöngum í fallegu umhverfi með sushi í annarri hendi og hrísgrjónavín í hinni flæði yfir netið og skoli burt eyðileggingunni. Andlitslyfting okkar Íslendinga var einnig verðlaunuð á ráðstefnunni. Markaðsátakið Inspired by Iceland hlaut gull fyrir herferð sem gekk út á að fá Íslendinga til að bjóða útlendingum heim til sín.

**INSPIRED** by Iceland er frábært framtak. Eina leiðin til að endurheimta orðstírinn er hins vegar að ljúka Icesave með reisn. Sjálfum finnst okkur við rosa krúttleg þar sem við – litla, flippaða smáþjóðin – rífum kjaft og gefum Evrópu fingurinn; Davíð gegn Golíat; Ólafur Ragnar gegn bolabítum heimspressunnar. Það finnst hins vegar engum öðrum.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SUMAR TILBOÐ

## GLÆSILEGUR NÝR 4BLS SUMARBÆKLINGUR

**SMELLTU Á KÖRFUNA**
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP






ENN BETRA VERÐ

### 4GB MINNISLYKILL

Örsmár og glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli

**990**

8GB 1.990 • 16GB 2.990



MEST SELDI MP3 SPILARINN OKKAR

### 4GB MP3 SPILARI

4GB MP3 spilari með endurhlaðanlegri rafhlöðu, flott heyrnartól og hálsól fylgja

**4.990**

ÚRVAL MP3 SPILARA



SPILAR HD 1080p H.264, MPEG4, MKV og fleira

ENN BETRA VERÐ

android

### 7" SPJALDTÖLVA

Spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Android 2.3

**14.900**

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · TOSHIBA




**Svínahnakki úrb.**
**1.198,kr./kg**
verð áður 1.498,-/kg




**Svínalundir**
**1.598,kr./kg**
verð áður 2.198,-/kg



**Fjallalæri kryddað**
**1.498,kr./kg**

# Fjarðarkaup

## 5. - 7. júlí




**FK 1fl. kjúklingaleggir**
**798,kr./kg**




**FK kjúklingabringur**
**2.293,kr./kg**



**Ítalskar lambalærisneiðar**
**2.695,kr./kg**
verð áður 3.369,-/kg



**Mexikókryddaðar grísakótilettur**
**1.865,kr./kg**
verð áður 2.331,-/kg




**Hamborgarar 4x80g**
**620,kr./pk.**
verð áður 720,-/pk.




**Ali hunangskryddaðar svínakótilettur**
**2.145,kr./kg**



**Villikryddaðar lambalærisneiðar**
**1.950,kr./kg**




**Kók í dós 12x0,33cl**
**948,kr.**

VISA | FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort | www.FJARDARKAUP.is




Krombacherr 0,5% 6x0,33cl
**798,kr.**




Floridana sumarsafi 1L
**348,kr.**



Natur Ginger Ale 25cl
**255,kr.**

Natur Ginger Ale 33cl
**298,kr.**




Kjörís sumarmjúkís
eða Kjörís ársins 2012
**498,kr./pk.**




Nóa kropp m/appelsínubr. 200g
**298,kr.**

Appelsín n 2L
**198,kr.**




0,5L - Pepsí, Pepsí Max
eða Appelsín
**98,kr.**

Sveitabiti 17%
**1.066,kr./kg**




Sveitabiti 26%
**1.134,kr./kg**

Krisprolls - Múslí
**298,kr.**




Krisprolls - heilhveiti
**398,kr.**




Síríus súkkulaði kex 480g
**769,kr.**




Trópí 3 í pk. 3 teg
**198,kr./pk.**

Hleðslu skyr
200g - bláber
**149,kr.**




Hleðslu skyr
200g - hreint
**109,kr.**

Digestive carmel
**321,kr.**




Digestive dark
**277,kr.**




Toro Rett i Kopppen 4 teg.
**358,kr./stk.**




Ritter sport 3 teg.
**244,kr./stk.**




**25%**
verðlækkun á
völdum NIVEA
vörum

# menning

menning@frettabladid.is



**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR Á GRÆNA HATTINUM** Hljómsveitin Melchior flytur lög af glænýrri plötu sinni, Matur fyrir tvo, ásamt völdu efni á Græna hattinum á Akureyri í kvöld.

## Pílagrímaför Harolds Fry

Í dag kemur út bókin Hin ótrúlega pílagrímaganga Harolds Fry. Bókin, sem er eftir Rachel Joyce, hefur setið á breskum metsölulistum frá því að hún kom út snemma á árinu. Í henni segir frá Harold Fry sem skreppur út einn morgun-inn til að fara með bréf í póst. „Hann er ekki í gönguskóm. Hann er ekki með kort. Ekki einu sinni farsímann sinn. En hann leggur upp í langa göngu. Til að bjarga lífi vinkonu sinnar,“ eins og segir í tilkynningu.



Rachel Joyce er reyndur höfundur en bókin er hennar fyrsta skáldaga. Bjartur gefur bókina út í þýðingu Ingunnar Snædal.

## Ævisaga fótboltahetju

Ævisaga sænska fótboltamannsins Zlatans Ibrahimovic er komin út í íslenskri þýðingu. Bókin, sem heitir „Ég er Zlatan Ibrahimovic“, er unnin í samvinnu við blaðamanninn og rithöfundinn David Lagercrantz. Í henni segir frá æskuárum í innflytjendahverfinu Rosengård fyrir utan Malmö þar sem hann ólst upp hjá fátækum foreldrum frá Bosníu og Króatíu, vináttu, fjölskyldulífi og stjörnuveröldinni og „peningabrjálæðinu sem er í alþjóðlegri knattspyrnu“, eins og segir í fréttatilkynningu.




Sigurður Helgason þýðir bókina sem gefin er út af forlaginu Draumsýn.

# Þetta er frekar melódískt verk og lætur vonandi þægilega í eyrum

**Hafdís Bjarnadóttir rafgítarleikari er staðartónskáld Sumartónleika Skálholtskirkju þetta árið. Nýtt verk eftir hana verður frumflutt á laugardag af sönghópnum Hljómeyki og tveimur gítarleikurum. Hún er nýlega vöknuð á hinum helga stað þegar við sláum á þráðinn til hennar.**

„Ég hef búið hér í Skálholti þessa viku og það er alveg yndislegt. Maður kemst í svo góð tengsl við sjálfan sig og tónlistina að vera svona uppi í sveit. Þá er ekkert verið að taka til í geymslunni eða láta glepjast af annarri vitleysu. Ég nota líka sénsinn og hvíli Facebook á meðan,“ segir Hafdís Bjarnadóttir, gítarleikari og staðartónskáld Skálholts, glaðlegri röddu. Ný tónlist eftir hana verður frumflutt í Skálholtskirkju á laugardaginn við ljóð eftir Einar Má Guðmundsson. Sönghópurinn Hljómeyki undir stjórn Mörtu G. Halldórsdóttur flytur og Hafdís sjálf og Ragnar Emilsson spila með á rafgítara. „Ég valdi nokkur ljóð eftir Einar Má sem innihalda vangaveltur um lífið og hvernig heimurinn er í kringum mig. Ég sem músík þessi ljóð og blanda djassi og blús við hefðbundna kórtóna. Af því að ég er með bakgrunn í rokki og djassi þá blanda ég alltaf elementum úr því saman við það sem ég geri. Gítararnir koma svo með notalega stemningu. Þetta verk er frekar melódískt og lætur vonandi þægilega í eyrum,“ segir Hafdís sem lærði á rafgítar í FÍH og stundaði síðan nám í tónsmíðum í Listaháskólanum og Konunglega danska háskólanum í Kaupmannahöfn.

En hvernig verður fólk staðartónskáld Sumartónleikanna í Skálholti? Sækir það um? „Nei, ég var bara valin. Það var hringt í mig fyrir ári og ég spurð hvort ég væri til í að vera staðartónskáld þetta sumarið og mér leist mjög vel á það. Síðustu mánuði hef ég svo einbeitt mér að þessari músík sem á að flytja núna um helgina.“

Spurð hvort hún hafi fengið Hljómeyki til liðs við sig svarar Hafdís. „Ég held að Hljómeyki sé alltaf hér í Skálholti á hverju sumri í tengslum við sumartónleikana, það var að minnsta kosti strax ljóst að ég mundi föndra eitthvað fyrir þann ágæta kór. Hann hefur gist hér þessa viku og einn aðallúxusinn við þetta verkefni er sá að vera með allt söngfólkið á staðnum og hafa nægan tíma til að æfa. Hljómeyki er líka að æfa fyrir tónleika sem eru í kvöld, með endurreisnartónlist.“

Að lokum. Klukkan hvað byrja tónleikarnir um helgina? „Á laugardaginn klukkan fimm og sunnudaginn klukkan þrjú en á laugardeginum er ég líka með fyrirlestur klukkan tvö, bæði um þetta nýja verk og pælingarnar á bak við það og það sem ég hef verið að gera almennt.“

gun@frettabladid.is



**HAFDÍS BJARNADÓTTIR** „Ég blanda djassi og blús við hefðbundna kórtóna,“ segir tónskáldið um hið nýja verk. MYND/EDDA LILJA GUÐMUNDSDÓTTIR

### SUMARTÓNLEIKAR UM HVERJA HELGI

Sumartónleikarnir í Skálholtskirkju hófust 30. júní þetta árið og eru á fimmtudögum, laugardögum og sunnudögum til 5. ágúst. Listrænn stjórnandi þeirra er Sigurður Halldórsson og framkvæmdastjóri er Pamela De Sensi. Aðgangur að tónleikunum er ekki seldur en frjáls framlög eru vel þegin. Nánari upplýsingar um tónleikana er að finna á síðunni Sumartonleikar.is.

## Tónleikaröð Kjuregej

Listakonan Kjuregej Alexandra Argunova ætlar að halda þrenna tónleika í Norðausturkjördæmi á næstu dögum ásamt félögum sínum Charles Ross, Halldór Warén og Sunchana Slamning.

Tónleikaröðin hefst í Sláturhúsinu Egilsstöðum í kvöld, fimmtudaginn 5. júlí, en Kjuregej er heiðursgestur Þjóðlagahátíðarinnar á Siglufirði og mætir þar á laugardaginn klukkan 21.

Á sunnudaginn mun Kjuregej-flokkurinn halda tónleika í kirkjunni í Möðrudal á Fjöllum. Það er við hæfi því landslagið á Fjöllum minnir á hásléttur Jakútíu sem Kjuregej er frá.

Hljómdiskurinn Kjuregej, sem kom út í lok síðasta árs, hefur fengið góða dóma og nú er verið að þýða veglega bók sem fylgir honum yfir á rússnesku, vegna áhuga ytra, en fyrir er textinn í bókinni á íslensku og ensku. -gun



**KJUREGEJ-FLOKKURINN** Þau Charles Ross, Halldór Warén og Sunchana Slamming koma fram með hinni rússnesku listakonu.







# METSÖLU-BÆKUR

„Fínt stöff.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON
FRÉTTATÍMINN







„Snúningarnir í fléttunni eru nógu margir til að halda uppi fjörinu drjúga kvöldstund.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON
FRÉTTATÍMINN




„Höfundurinn nær slíku tangarhaldi á lesandanum að hann vill alltaf vita meira og meira ...“

SVANHVÍT LJÓSBJÖRG
MORGUNBLAÐIÐ




★ ★ ★ ★ ★

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON
FRÉTTATÍMINN

„... spennandi ... fyndin og sorgleg og hún fær mann til að efast stórlega um mannskepnuna.“

INGVELDUR GEIRSDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

Bækur ★★★★☆

**Rómantískt andrúmsloft**
Bragi Ólafsson

**Mál og menning 2012**

## Þessi afmarkaða stund

Sex ár eru síðan Bragi Ólafsson sendi frá sér sína síðustu ljóðabók, Fjórar línur og titil, en eins og alkunna er þá er Bragi einn af þeim mönnum sem virðast jafnvígir á allar tegundir skáldskapar. Hann hefur t.a.m. skrifað ljóð, prósa, skáldsögur og leikrit. Virkastur var Bragi á ljóðvellinum á árunum 1986 til 1995, þegar bækur eins og Dragsúgur, Ansjósur, Ytri höfnin og Klink öfluðu honum allnokkurra vinsælda. Hin síðari ár hefur Bragi verið kunnari að stórum og góðum skáldsögum. Í bókinni




Rómantískt andrúmsloft eru „30 og eitt ljóð“ í fjórum köflum. Æði fjölbreytt, bæði að formi og innihaldi. Sum fremur langir prósar, önnur aðeins fjórar línur.

Eitt eftirlætisljóða minna í bókinni er Gullfoss, þar sem höfundur leikur á nostalgískar taugar lesandans. Muna annars ekki allir sem eru eldri en tvævetur eftir lömpunum með fossamyndunum sem prýddu flest alþýðuheimili á Íslandi á sjöunda og áttunda áratugnum?

Við stöndum fyrir framan þetta stórbrotna fyrirbæri, og þegar sambýlismaður ömmu stingur klónni á enda rafmagnssnúrunnar í innstunguna á veggnum, kviknar ljós undir yfirborði fossins, og fossinn hreyfist (9).

Það er ekki bara fossinn sem dregur mann að þessu ljóði, heldur líka bestu eiginleikar Braga sem ljóðskálds. Undarlegar líkingarnar (amman raðar bjúgunum á diskinn eins og þau væru saltstangir!). Lágstemmd kímnin, sem þó hefur alltaf einhvern farangur. Í verkum Braga er hvorki hlegið tröllslega né innantómt, heldur fylgir eitthvað annað með. Stundum meðvirknikast (það sem einhverjir kalla aulahroll) eða vottur af beyg. Og í Gullfossi er ljóðmælandi staddur í afmæli frænda síns, sem ekki er mættur „vegna þess að það hefur eitthvað gerst innan fjölskyldunnar“. Lyktin af bjúgunum, lampinn með fossinum og „þetta sem gerðist innan fjölskyldunnar“ mynda göng sem hægt er að ferðast með um tímann.

Tíminn er hugtak sem kemur aftur og aftur upp við lestur ljóðanna í Rómantísku andrúmslofti, svo jafnvel má tala um stef. Innan ljóðsins Æskuminningin (60-62) líða fjörutíu til fimmtíu ár. „Á Yongsun-bar er lokað tímabundið, vegna breytinga á innréttingum. Vegna breytinga á tímanum“ (72). Og fallegum orðum Blaise Cendrars, „Ég má engan tíma missa / ég yrki“, er gert hátt undir höfði í ljóðinu Koffort (63).

Tíminn tengist vitaskuld dauðanum, þar sem okkur er víst öllum afmörkuð stund, eins og þar stendur. Í ljóðinu „Nýting tímans“ gleðst ljóðmælandi yfir dauða manns sem hann spjallaði gjarnan við þótt honum þætti það leiðinlegt: „og ég get nýtt betur þann tíma sem ég á eftir“ (19).

Bragi Ólafsson er hæglátur og heillandi höfundur. Hann hefur þetta „eitthvað“ sem veldur því að maður staldrar alltaf við, til að fylgjast með og lesa það sem hann skrifar. Hingað til sýnist mér hann hafa nýtt tíma sinn vel og hann er vinsamlegast beðinn að halda því áfram. Og yrkja.

**Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir**

**Niðurstaða:** Ansi hreint góð ljóðabók, þar sem allir bestu kostir skáldsins Braga Ólafssonar njóta sín.






**Á ÆFINGU** Leiksýningin Lifun verður í Hofi á laugardaginn, byggð á tónverki Trúbrots.

## Lifun á norrænu vinabæjarmóti

Vinabæjarmót ungmenna á Norðurlöndum, NOVU 2012, stendur nú yfir á Akureyri en slík mót eru haldin á hverju ári til skiptis í vinabæjakeðjunni Akureyri, Álasundi í Noregi, Lathi í Finnlandi, Randers í Danmörku og Västerås í Svíþjóð. Að þessu sinni eru mætt til leiks um 100 ungmenni á aldrinum 16-20 ára sem skipta sér í ferns konar hópa; fjölmiðlahóp, siglingahóp, hljómsveit og sviðslist.

Í lokin verður sett upp leiksýningin Lifun í Hofi klukkan 16 á laugardag en hún er byggð á tónverki hljómsveitarinnar Trúbrots.

**- gun**

## Faulkner í lit

Í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá dánardægri bandaríska stórskáldsins Williams Faulkners hyggst bókaforlagið Folio Society gefa út bókina Sound and the Fury eins og skáldið vildi á sínum tíma: Í lit.



**WILLIAM FAULKNER**

Að því er fram kemur í frétt Guardian vildi Faulkner helst að hver þráður bókarinnar yrði prentaður í sérstökum lit. Tæknin leyfði það ekki á sínum tíma og þess í stað var skáletur notað til að greina að ólíka tímaþræði.

Útgáfufélagið hefur unnið með tveimur sérfræðingum í skáldskap Faulkners að útgáfu bókarinnar, þeim Stephen Ross og Noel Polk. Þeir fundu fjórtán tímalínur í fyrsta hluta bókarinnar sem hver verður prentuð í sínum lit. Aðrir hlutar bókarinnar eru ekki meðhöndlaðir með sama hætti því fræðimennirnir sögðu það illmögulegt.

Bókin segir í stuttu máli frá örlögum Suðurríkjafjölskyldu í upphafi 20. aldarinnar, sagan er sögð af nokkrum sögumönnum sem flakka fram og til baka í tíma. Folio Society vonast til að litprentaða útgáfan auðveldi lestur á meistaraverki Faulkners og vísa gagnrýni á framtakið á bug, það hljóti að hjálpa lesendum. Þess má geta að bókin verður gefin út í afar takmörkuðu upplagi eða 1480 eintökum. **- sbt**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 05. júlí 2012**

### Tónleikar

**12.00** Kári Allansson, organisti Háteigskirkju, spilar á hádegistónleikum Alþjóðlegs orgelsumars í Hallgrímskirkju. Miðaverð er kr. 1.500.

### Sýningar

**19.00** Guðmundur Thoroddsen opnar sýningu í ÞOKU, kjallara Hríms hönnunarhúss við Laugaveg 25.

### Uppákomur



**14.00** Brúðubíllinn kemur í heimsókn á Árbæjarsafn og sýnir þar verkið „Blárefur barnapía" þar sem úlfar og refir ráða ríkjum.

**20.00** Boðið verður upp á menningargöngu í miðborginni á ensku, pólsku, sænsku, tælensku og litháísku. Lagt verður af stað frá Grófarhúsi og tekur gangan um klukkustund. Eftir gönguna er boðið upp á léttar veitingar og tónlistardagskrá með Myrru Rós í Hafnarhúsinu.

### Tónlist

**16.30** After Hours Trio kemur fram á pikknikktónleikum Norræna hússins við gróðurhúsið. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.



**18.00** Blæti, Samaris, 1860 og Múgsefjun spila á tónlistarhátíð á Dönsku kránni. Hátíðin er haldin í tilefni Hróarskelduhátíðarinnar í Danmörku. Aðgangur er ókeypis.

**20.30** Tónlistamaðurinn Kyle Harrington, frá Alaska, heldur tónleika á Café Haiti, Geirsgötu 7b/Verbúð 2. Hann mun flytja frumsamin lög, en þetta eru hans fyrstu tónleikar á Íslandi. Aðgangur er ókeypis.

**20.30** Hljómsveitirnar Retro Stefson og Cosmic Call hefja Írska daga með tónleikum í Gamla Kaupfélaginu á Akranesi. Miðaverð er kr. 1.500.

**21.00** Hljómsveitin Robert the Roommate leikur á Café Rosenberg.

**21.00** Hljómsveitin Melchior spilar lög af nýrri plötu sinni, Matur fyrir tvo, ásamt völdu efni af fyrri plötum á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.000 en kr. 1.500 í forsölu.

**21.00** Listakonan Kjuregej (Alexandra Argunova) heldur tónleika í Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**21.30** Niillas Holmberg og Roope Mäenpää, ungir tónlistarmenn frá Finnlandi, spila á Þjóðlagahátíð á Siglufirði í Bátahúsinu.

**22.00** Kormákur Bragason og félagar leika tónlist frá Norðurlöndunum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Listamannaspjall

**20.00** Birgir Sigurðsson verður með listamannaspjall í Flóru í Listagilinu á Akureyri. Spjallið er í tengslum við myndlistarsýningu Birgis, Reynslusaga matarfíkils, sem stendur yfir í safninu.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**




# Ligeglad íslensk Hróarskelduhátíð

„Við viljum hafa þetta svolítið ligeglad, eins og maður segir. Mestu máli skiptir að skemmta sjálfum okkur og öðrum," segir Dagmar Erla, vaktstjóri á Dönsku kránni, um Hróarskelduhátíðina sem hefst þar í kvöld og stendur út sunnudaginn.

Þetta er í annað skiptið sem hátíðin er haldin en hún er í tilefni af Roskilde Festival í Danmörku, sem stendur nú yfir. Fjöldi listamanna kemur fram og má þar nefna Samaris, 1860, Múgsefjun, Sykur, Funk That Shit, We Made God og Andreu Gylfadóttur. „Það var ekki mjög erfitt að fá fólk til að taka þátt í þessu í ár, enda þekkja margir hátíðina okkar frá því í fyrra og vita hversu vel tókst til þá," segir Dagmar og bætir við að lagt hafi verið upp úr því að hafa fjölbreytta tónlist og minni nöfn í bland við stærri.

Aðgangur á hátíðina er ókeypis og er dagskrá frá klukkan 19 öll kvöld nema í kvöld, þegar hún hefst klukkan 18. Í boði verður að kaupa armbönd sem veita afslætti á drykkjum. „Fólk ruglar því stundum saman og heldur að það verði að kaupa armband en það er alls ekki málið. Armbandið er bara til boða fyrir fólk sem vill fá tilboð á barnum, en það er búið að borga sig upp á svona þrem drykkjum. Svo er líka alltaf svo mikil stemning að vera með armband, ég veit ekki af hverju," segir Dagmar og hlær. Armböndin kosta 1.500 krónur og veita þeim sem þau bera góða afslætti á barnum allan daginn, alla helgina. - trs



**FJÖLBREYTT TÓNLIST** Hljómsveitin Sykur er á meðal þeirra listamanna sem stíga á stokk á Hróarskelduhátíðinni á Dönsku kránni um helgina.



bio@frettabladid.is



**SKILINN VEGNA NOTEBOOK** Söngvarinn R. Kelly segist hafa tekið þá ákvörðun að sækja um skilnað frá eiginkonu sinni eftir að hafa horft á hina rómantísku kvikmynd The Notebook. Kelly segist hafa áttað sig á því að hans eigið hjónaband væri dauðadæmt ólíkt því sem átti sér stað í kvikmyndinni.

# Dredd í þrívídd

Ný þrívíddarkvikmynd um Dredd dómara er væntanleg í kvikmyndahús í september á þessu ári. Myndin skartar nýsjálenska leikaranum Karl Urban í aðalhlutverki.

Söguþráður myndarinnar er á þá leið að Dredd og lærlingi hans, Anderson, er skipað að taka á glæpahring hinnar harðsvíruðu og valdamiklu Ma-Ma. Fyrst þarf Dredd þó að brjóta sér leið í gegnum vel varið háhýsi til að koma höndum yfir glæpakvendið.

Karl Urban hefur áður farið með hlutverk í The Lord of the Rings þríleiknum auk þess sem hann lék í The Bourne Supremacy og Pathfinder.

Frægasta verk leikstjórans Pete Travis er myndin Vantage Point með þeim Dennis Quaid og Matthew Fox í aðalhlutverkum.



**DÓMARINN MÆTTUR** Judge Dredd er mættur aftur til leiks og nú í þrívídd.



**FLOTTUR KÖNGULÓARMAÐUR** Andrew Garfield þykir góður í hlutverki Köngulóarmannsins í kvikmyndinni The Amazing Spider-Man.

# SPIDERMAN SNÝR AFTUR

**Hasarmyndin The Amazing Spider-Man var frumsýnd í gærkvöldi. Kvikmyndin hefur hlotið góða dóma frá gagnrýnendum og áhorfendum.**

The Amazing Spiderman er fjórða kvikmyndin sem fjallar um ævintýri ofurhetjunnar og fá áhorfendur að kynnast áður óþekktum hliðum hennar og verða vitni að tilurð hennar. Í kvikmyndinni tekst Köngulóarmaðurinn á við ómennið The Lizard sem hyggst breyta öllum íbúum New York-borgar í eðlur.

Leikstjórinn, Marc Webb, á að baki langan feril sem leikstjóri tónlistarmyndbanda og hefur meðal annars leikstýrt myndböndum fyrir hljómveitir á borð við Green Day, P. Diddy, Miley Cyrus og Maroon 5. Webb leikstýrði einnig kvikmyndinni 500 Days of Summer sem hlaut stórgóða dóma. Webb segir myndina fjalla um „pilt sem leitar föður síns en finnur sjálfan sig í staðinn“.

Breski leikarinn Andrew Garfield fer með hlutverk Köngulóarmannsins í þetta sinn og tekst vel til ef marka má umsagnir gagnrýnenda. Með önnur hlutverk fara Emma Stone, Rhys Ifans, Denis Leary, Martin Sheen og Sally Field og má því með sanni segja að um einvalalið leikara sé að ræða.

Gagnrýnendur hafa farið lofsamlega um myndina og á vefsíðunni Rottentomatoes.com fær hún 74 prósent ferskleikastig frá gagnrýnendum en 84 prósent frá hinum almenna áhorfanda. Fólk er sammála um að Garfield sé stórgóður sem hinn taugaóstyrki Peter Parker og standi fyllilega undir væntingum. Hin vegar þykir öðrum kvikmyndin nokkuð fyrirsjáanleg og segir einn gagnrýnandi að hafi maður „séð hálfa tylft ofurhetjukvikmynda“ hafi maður séð „allt það sem Spiderman hefur upp á að bjóða“.

**78%** Ferskleikastig fær myndin frá gagnrýnendum.

**84%** Ferskleikastig fær hún frá hinum almenna áhorfanda.

ROTTENTOMATOES.COM

## HIÐ FLÓKNA LÍF KÖNGULÓARMANNSINS

- Köngulóarmaðurinn leit fyrst dagsins ljós í ágúst árið 1962 í myndasögubókinni Amazing Fantasy 15. Persónan var sköpuð af rithöfundinum Stan Lee og listamanninum Steve Ditko.
- Peter Parker var fyrsti táningurinn sem var í aðalhlutverki í sögu Marvel-fyrirtækisins. Fram að því höfðu táningar helst verið aðstoðarmenn aðalpersónanna, líkt og Robin í sögunum um Leðurblökumanninn.
- Í gegnum árin hefur persóna Peters Parker þróast úr því að vera feimið nörd í menntaskóla yfir í vinsælan háskólanema, giftan menntaskólakennara og loks í einhleypan ljósmyndara.
- Parker hefur ekki verið við eina fjölina felldur og fór hann á sitt fyrsta stefnumót með Betty Brant. Eftir sambandsslitin við Brant verður hann ástfanginn af Gwen Stacy sem fellur fyrir hendi óvinar Spider-Man. Parker giftist að lokum Mary Jane Watson, fyrrum vinkonu sinni.


SPENNANDI ÍÞRÓTTADAGUR

Sigrar Skúli í öllum greinum?
Nei, en hann er langbesti prakkarinn!




Ný og litrík bók um Skúla skelfi sem létt er að lesa.

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu


# Dularfullur tryllir og Glastonbury

Daniel Craig og Rachel Weisz leika hjón í tryllinum Dream House sem var frumsýndur í íslenskum bíóhúsum í gær. Myndin fjallar um fjölskyldu sem flytur inn í draumahúsið sitt og sér fyrir sér hið fullkomna líf í litlum smábæ. Hlutirnir reynast þó ekki eins góðir og útlit var fyrir þegar þau komast að því að maður hafi drepið konu sína og tvær dætur í húsinu. Þegar fjölskyldan fer að verða vör við undarlega atburði ákveður persóna Craig að leita sér meiri upplýsinga um málið. Með aðstoð nágrannakonu sinnar, leikinni af Naomi Watts, kemst hann að því að ekkert er eins og það sýnist.

Bíó Paradís byrjar að sýna heimildarmyndina Glastonbury The Movie (In Flashback) í kvöld. Um er að ræða endurgerð á myndinni frá árinu 1995, unnin úr hrátökum og tekin upp að nýju að hluta til. Myndin fjallar um tónlistarhátíðina Glastonbury, sem er ein stærsta tónlistarhátíð heims, sumarið 1993 og fram kemur fjöldi listamanna og hljómsveita, þar á meðal Lemonheads og Dexter Fletcher. Íslenski kvikmyndagerðarmaðurinn Úlfur Hróbjartsson var einn tökumanna myndarinnar. - trs



**UNDARLEGIR ATBURÐIR** Hlutirnir eru heldur betur ekki eins og þeir virðast í upphafi í tryllinum Dream House.

Nikon
*At the heart of the image*

# I AM YOUR SUMMER DEAL

## D3200



**Verð frá 139.995.-**

**KAUPAUKI**




Ný hágæða stafræn SLR myndavél með 24.2 Megapixla C-MOS myndflögu og 18-55VR linsu með hristivörn. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í háskerpu (1920x1080p). 11 punkta sjálfvirkt fókus kerfi, hátt ljósnæmi ISO (100-6400) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3" háskerpu skjá.

**Sumarpakki frá Nikon í kaupbæti:**
Kælitaska fyrir sex gosdósir, svifdiskur, strandbolti, spilastokkur að virði 5.995.-

## COOLPIX

**Verð 24.995.-**



**KAUPAUKI**



**COOLPIX S3300 – Litrík sýn á þína veröld.** Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**Sumarpakki frá Nikon í kaupbæti:** Kælihulstur fyrir gosdós, farsímavasi fyrir ströndina, spilastokkur að virði 2.495.-

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

Nikon School D-SLR Intro
– 2.5 klst kynningarnámskeið
ásamt Check & Clean í 3 ár fylgir
með D3200 að verðmæti 25.000.-

Nikon SCHOOL INTRO

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS MÆLIR MEÐ
GÓÐ KAUP
Hamborgarar
100% KJÖT
10 stk. x 120 g
159
KR. 4 STK
STÓR X-LARGE
HAMBORGABRAUÐ
1598
KR. 10 STK
BÓNUS 10 STK / 120 GR.
100% NAUTAHAMBORGARAR
NÝ UPPSKERA
FRÁ FRAKKLANDI
KARTÖFLUR
259 KR.KG
159
KR. 5 STK.
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
639
KR. 560 G
SS VÍNARPYLSUR 10 STK.
EINNOTA GRILL
298
KR. STK
HEIMA
EINNOTA ÚTIGRILL
Ávaxtasúpa - Sveppasúpa- Minestrone/ Ítölsk súpa -
Blómkál & brokkolí - Kjúklingasúpa - Eplasúpa með kanil -
Þrjár súpur í pakka 198 KR.
BÓNUS SAMLOKAN
198
KR. STK
MEÐ HANGIKJÖTI - RÆKJUSALATI - TÚNFISKSALATI
MYLLU SKÚFFUKAKA
MEÐ SÚKKULAÐIKREMI 380 GR.
359 KR.
MYLLU SKÚFFUKAKA 380 G
100 KR. VERÐLÆKKUN VERÐ ÁÐUR 459 KR.
GÓU-ÞRENNAN
598 KR.
3 X 200 GR.
KASSAR
HANDY SMOKKAR 18 STK.
HVER SKEMMTUN AÐEINS 16.5 KR.
298 KR.PK
98
KR. 500 ML
779
KR. 8 LTR.
ORKUDRYKKUR
ENERGY DRINK
250 ML.
69
KR. 250 ML
FIMMTÁN HEITAR
VÖFFLUR FYRIR
298 KR.
BÓNUS VÖFFLUMIX 475 G. ÞURREFNI
BÓNUS RABBABARA-
SULTA 500 ML: 398 KR.
EUORSHOPPER ÞEYTIKREM
250 ML: 198 KR.
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA
Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT OG FERSKT Í BÓNUS









ÍSLENSKIR TÓMATAR Í LAUSU
**349 KR.KG**

ÍSLENSKAR AGÚRKUR 350 GR
**139 KR. STK**

ÍSLENSK PAPRIKA PÖKKUÐ
**798 KR.KG**









NÝ HOLLENSK PAPRIKA
GRÆN **398 KR.KG**

NÝ HOLLENSK PAPRIKA
RAUÐ **498 KR.KG**

HOLLENSKT NÝTT ICEBERG
**298 KR.KG**

AVACADÓ PAKKAÐ: 750G
**495 KR.**







USA SÆTAR KARTÖFLUR
**269 KR.KG**

SPÁNSKAR VATNSMELÓNUR
**149 KR.KG.**

SPÆNSK GUL MELÓNA
**198 KR.KG**



FUJI EPLI 2 STK
**199 KR.**



AMERÍSK BLÁBER STÓR ASKJA
- BEINT HINGAÐ MEÐ FLUGI !

FERSK BLÁBER 290 GR
**498 KR**




BÓNUS SPÍNAT 200 GR
**398 KR.**



FERSKUR STÓR ANANAS
**359 KR.** CA. 1.7 KG





GRÆN VÍNBER
**498 KR.**

## FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu vellutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# lífsstíll

lifsstill@frettabladid.is



**HEILSUBÆTANDI** Kaffi er talið veita öldruðum vöðvum aukinn kraft sem hjálpar eldra fólki að viðhalda styrk sínum. Sé það ekki nóg, þá er kaffi sagt minnka líkur á grunnfrumukrabbameini, sem er ein algengasta tegund húðkrabbameins.

# Jeppaferðir hafa aldrei verið vinsælli

**Jeppaferðir hafa færst mjög í aukana á undanförnum árum. Sífellt fleiri fyrirtæki skjóta upp kollinum sem bjóða upp á ferðir um landið á fjallajeppum, en það eru helst útlendingar sem sækja ferðirnar.**

„Þegar við byrjuðum í þessum bransa fyrir sautján árum voru kannski tvö eða þrjú fyrirtæki í þessu en nú eru þau orðin svo mörg að ég hef enga tölu á þeim,“ segir Kristján Kristjánsson hjá Mountain Taxi um jeppaferðir á Íslandi.

Björn Hróarsson hjá Extreme Iceland tekur í sama streng og Kristján og segir aukninguna hafa verið mikla á síðustu árum, en hann er búinn að vera viðloðandi þennan bransa í rúm 30 ár.

„Aðsóknin hefur aukist jafnt og þétt á síðustu árum, bara álíka og fjölgun ferðamanna til landsins og jafnvel meira,“ segir hann. Svo virðist vera sem erlendir ferðamenn hafi töluvert meiri áhuga á jeppaferðum en Íslendingar og eru þeir Björn og Kristján sammála um að það séu nær eingöngu útlendingar sem sæki ferðirnar. Kristján segir þó alltaf eitthvað um það að Íslendingar óski eftir ferðum líka. „Það er til dæmis mikið um að starfsmannafélög fari í ferðir með okkur, eða fyrirtæki sem eru með erlenda gesti og þá fylgja oft Íslendingar með,“ segir hann.

Þó jeppaferðir séu farnar allt árið um kring er þó alltaf meira um að vera yfir sumartímann. „Það var ekki mikið að gera hjá okkur yfir vetrartímann fyrstu tvö eða þrjú árin en fljótlega eftir það fór að vera straumur í ferðir allt árið um kring. Það fer þó eftir árstíðum hvaða ferðir eru vinsælastar,“ segir Kristján.

Jeppaferðir blandast oft saman við annars konar ferðir og segir Kristján vera hægt að flétta flesta hugsanlega afþreyingu inn í ferðirnar. Hann segir þá hjá Mountain Taxi fara mest í ferðir í Þórsmörk, í Landmannalaugar, á Langjökul og á Fjallabakssvæðið auk þess sem fólk kjósi oft að fara í lengri ferðir sem taki þá allt upp í tvær vikur.

Hann segir ferðir á Gullfoss og Geysi líka alltaf vera mjög vinsælar. Björn nefnir einnig Þórsmörk, Landmannalaugar og Langjökul sem vinsælustu ferðirnar hjá Extreme Iceland og bætir við ferðum á Jökulsárlón og Hveravelli. Einnig segir hann þá bjóða upp á hringferðir sem séu mjög vinsælar. „Við erum yfirleitt alltaf með að minnsta kosti eina hringferð í gangi. Í augnablikinu erum við með þrjár,“ segir hann.

tinnaros@frettabladid.is



**FLOTTASTI BÍLLINN Á GÖTUNNI** Hér er Kristján við nýjustu viðbótina í bílaflota Mountain Taxi, Benz Sprinter sem breytt var í alvöru fjallatrukk á 46 tommu hjólbörðum og er metinn á um 20 milljónir króna. „Við höfum valið að kalla þessa útgáfu Mercedes Ice Truck,“ segir Kristján og bætir við að þrír sams konar bílar séu til í heiminum og allir séu þeir á Íslandi.
EINKAEIGN/VALDIMAR HARÐARSON

## NAUÐSYNLEGUR BÚNAÐUR Í JEPPAFERÐIR

Auk þess sem fjöldi fyrirtækja býður upp á jeppaferðir er líka algengt að fólk fari í slíkar ferðir á eigin vegum. Að mörgu þarf að huga áður en haldið er í slíka ferð og á heimasíðu Ferðaklúbbsins 4x4 má sjá lista yfir búnað sem þarf að hafa með í för. Þar er sagt mikilvægt að hafa með í för:

- **Skóflu** Þarf að vera ein í hverjum bíl.
- **Dráttarkrók** Traustar dráttarfestingar nauðsynlegar.
- **Dráttartaug** Tíu metra kaðall úr næloni er bestur.
- **Loftmæli** Með 0.5 psi upplausn og niður í 1.5 psi.
- **Loftdælu** Öflugar rafmagnsdælur sífellt vinsælli.
- **Farsíma** NMT eða gervitungla símar.
- **Torfærutjakk** Losar bíla úr flestum festum.
- **CB-talstöð** Mikilvægt þegar fleiri en einn bíll ferðast saman.





**ÞRISVAR Í VIKU** Katrínu hertogaynju af Cambridge er svo annt um hárið sitt að hún heimsækir hárgreiðslustofu sína þrisvar í viku.

# Katrín hugsar um hárið

**TÍSKA** Katrínu hertogaynju af Cambridge er mikið í mun að skarta fallegu hári og heimsækir þess vegna hárgreiðslustofuna sína þrisvar í viku. Katrín hefur verið með sama hárgreiðslumanninn í tíu ár en hún vill ekki fá hárgreiðslumanninn sinn heim til sín eins og venjan er hjá ríka og fræga fólkinu í Bretlandi. „Katrínu finnst gaman að gera sér ferð á stofuna því henni líður vel þar og þekkir alla,“ segja heimildir blaðsins US Weekly sem greinir frá þessum venjum hertogaynjunnar. Einnig kemur fram að Katrín láti blása hár sitt í hvert sinn en það var hárgreiðslustofan, Richard Wards í London, sem sá um að greiða henni á brúðkaupsdaginn í fyrra.






**HOLLUSTA** Sólþurrkaðir sveppir innihalda nokkuð af D-vítamíni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sveppir bæta heilsu

**HEILSA** Íbúar á norðurhveli jarðar þjást gjarnan af D-vítamínskorti á veturna sökum sólarleysis. Sveppir geta átt bót í máli því þeir eru sagðir draga í sig D-vítamín fái þeir svolítið af sól.

D-vítamín er nauðsynlegt til að stýra kalk- og fosfórbúskap líkamans en skortur á vítamíninu getur leitt til beinþynningar síðar á ævinni. D-vítamín myndast í húðinni fyrir tilstilli útfjólublárra geisla sólar en á veturna þurfum við að fá vítamínið úr fæðunni. Talið er að sólþurrkaðir sveppir innihaldi nokkuð magn af D-vítamíni og dugir þá að sólþurrka sveppi á borð við shiitaki-sveppi, maitake-sveppi eða aðra hefðbundna matsveppi.



**FRÁBÆR HÖNNUÐUR** Raf Simons olli aðdáendum sínum ekki vonbrigðum þegar hann frumsýndi fyrstu hátískulínuna fyrir Dior. NORDICPHOTOS/GETTY

# Raf olli ekki vonbrigðum

**TÍSKA** Hönnuðurinn Raf Simons þótti standa sig með prýði þegar hann frumsýndi fyrstu hátískulínu sína á tískuvikunni í París. Simons tók við sem yfirhönnuður Dior tískuhússins eftir að John Galliano lét af störfum.

Simons sótti greinilega innblástur til New Look-línu Christian Dior og hins fræga Bar-jakka er hann hannaði línu sína. Aðdáendur hönnuðarins sögðu hann með þessu hafa fært tískuhúsið inn í nýja öld og nýja og spennandi tíma og að með hönnun sinni væri hann að skapa nýjar leiðir innan hátískunnar.




# NÝ HAGKAUPSBÓK

## EFTIR HREFNU RÓSU SÆTRAN

2.499kr.



24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Eiðistorg & Akureyri

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

SMÁRABÍÓ HLUTI AF HVERJUM SELDUM BÍÓMIÐA ALLAN JÚLÍ – rennur til Barnaheilla HÁSKÓLABÍÓ

EIN VINSÆLASTA SÖGUPERSÓNA VERALDAR SNÝR AFTUR Á HVÍTA TJALDIÐ Í SUMARSTÓRMYND ÁRSINS

EKKI MISSA AF ÞESSARI!

★★★★ - T.V., KVIKMYNDIR.IS
★★★★ - V.J.V., SVARTHÖFÐI

LÚXUS

THE AMAZING SPIDER-MAN

MYNDIN SEM ALLIR ERU AÐ TALA UM!

| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | A 5% |
|---|---|---|
| SPIDER-MAN 2D | KL. 5 -8 - 10.50 | 10 |
| SPIDER-MAN 3D LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.50 | 10 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 4 - 5 - 8 - 10.50 | 10 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| MADAGASCAR 3D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL. 8 - 10.25 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | A 5% |
|---|---|---|
| SPIDER-MAN 3D | KL 6 - 9 | 12 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 - 8 – 10.30 | 10 |
| STARBUCK | KL 5.30 - 8 | L |
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL 10.20 | L |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| SPIDERMAN 3D | KL. 8 - 10.30 | 10 |
| WHAT TO EXPECT WHEN... | KL. 8 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 6 - 10 | 12 |

Barnaheill Save the Children Iceland

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 A 5%

POWERSÝNING KL. 10

ÍSL TEXTI

MADAGASCAR 3 EFTIRLÝST Í EVRÓPU

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE AMAZING SPIDER-MAN 3D | 4, 7, 10(P) |
| WHAT TO EXPECT | 8, 10.15 |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 4, 8, 10.20 |
| MADAGASKAR 3 3D | 4, 6 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is

VINSÆLASTA SÖGUPERSÓNA VERALDAR SNÝR AFTUR Á HVÍTA TJALDIÐ Í SUMARSTÓRMYND ÁRSINS!

★★★★ - V.J.V - SVARTHÖFÐI

THE AMAZING SPIDER-MAN

MISSIÐ EKKI AF ÞESSARI!

Spooky as hell

Frá ORIN PELI, höfundi Paranormal Activity

CHERNOBYL DIARIES

Spennuhrollur sem fær hárin til að rísa!

SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI - SÝND Í 2D OG 3D

Ástir, kynlíf og Rokk og Ról

★★★★ Tom Cruise er stórkostlegur sem rokkarinn Stacy Jaxx

ROCK OF AGES

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| AMAZING SPIDER-MAN | KL. 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| AMAZING SPIDER-MAN VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 | 2D | VIP |
| AMAZING SPIDER-MAN | KL. 4 - 10:10 | 2D | 12 |
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 8 - 10:50 | 2D | 16 |
| ROCK OF AGES | KL. 5:30 - 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE DICTATOR | KL. 8 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TALI | KL. 3:40 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 3D | L |
| ROCK OF AGES | KL. 8 | 2D | 12 |
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10:20 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| AMAZING SPIDER-MAN | KL. 5:10 - 8 - 9 - 10:50 | 3D | 10 |
| AMAZING SPIDER-MAN | KL. 6 - 10 | 2D | 10 |
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 8 - 10:40 | 2D | 16 |
| ROCK OF AGES | KL. 5:20 - 8 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 3D | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 5:20 - 8 | 2D | 12 |
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 10:40 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 5:50 - 8 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ENSKU. TALI | KL. 10:10 | 2D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 10:10 | 2D | 10 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| THE AMAZING SPIDERMAN | KL. 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is



NORDICPHOTOS/GETTY

## Á EIGIN FÓTUM

Katie Holmes skipulagði skilnaðinn vel og sótti um þegar Tom Cruise var staddur víðs fjarri, nánar tiltekið hér á Íslandi. Hún krefst fulls forræðis yfir Suri Cruise og segir skilið við Vísindakirkjuna með því að skrá barnið í kaþólskan skóla.

# Ein á móti Vísindakirkjunni

**Vísindakirkjan er talin leika lykilhlutverk í skilnaði Tom Cruise og Katie Holmes. Cruise er áhrifamaður innan kirkjunnar en Holmes er sögð hafa alltaf verið með fyrirvara gagnvart Vísindakirkjunni og hennar trú.**

Katie Holmes kom heimsbyggðinni á óvart er hún sótti um skilnað frá Tom Cruise í síðustu viku. Cruise var hér við tökur á Oblivion en hjónin gengu hönd í hönd um miðbæ Reykjavíkur aðeins nokkrum dögum áður er þau fögnuðu bandaríska feðradeginum með sex ára dóttur sinni Suri.

Ljóst er að einn stærsti skilnaður í Hollywood er í vændum enda toppaði Cruise nýlega lista Forbes yfir launahæstu leikara í heimi með rúma 9 milljarða íslenskra króna í tekjur á síðasta ári.

Eins og vera ber keppast fjölmiðlar vestanhafs við að flytja fréttir af skilnaðarmálinu og eru flestir sammála um að Vísindakirkjan leiki lykilhlutverk í skilnaðinum. Cruise er áhrifamaður innan kirkjunnar og börn hans af fyrra hjónabandi, Connor og Isabella, aðhyllast trú Vísindakirkjunnar.

Vefsíðan TMZ segir að Holmes hafi löngum haft fyrirvara um Vísindakirkjuna en hún varð meðlimur árið 2005, stuttu eftir að hún byrjaði að hitta Cruise. Það voru áætlanir Cruise að koma dóttur þeirra, Suri, fyrir í sérstökum búðum kirkjunnar sem settu punktinn yfir i-ið fyrir Holmes. Búðirnar nefnast Sea Organization en þar er börnunum kennt allt um trúna um borð á báti fjarri fjölskyldum sínum.

Fyrrum meðlimir kirkjunnar segja Holmes nú vera álitna ógn fyrir Vísindakirkjuna þar sem hún veit of mikið um starfsemi hennar í gegnum Cruise. People Magazine fullyrðir að útsendarar kirkjunnar fylgist grannt með hverju fótspori leikkonunnar eftir skilnaðarfréttirnar, sem hefur fyrir vikið aukið öryggisgæslu í kringum sig.

Holmes er kaþólsk og hefur skráð Suri í kaþólskan skóla í New York. Hún sótti um skilnað þar í borg og krefst fulls forræðis yfir barninu. Vinir leikkonunnar segja hana óttast mest að hljóta sömu örlög og Nicole Kidman er hún skildi við Cruise árið 2001 en þá kusu Connor og Isabella að búa hjá föður sínum og stunda skóla Vísindakirkjunnar og misstu samband við móður sína.

### VÍSINDAKIRKJAN

- Stofnuð af rithöfundinum L. Ron Hubbard árið 1953 sem var þekktur fyrir vísindaskáldsögur sínar.
- Leiðtogi er David Miscavige.
- Ekki viðurkennd trú í Frakklandi, Kanada, Þýskalandi og Bretlandi.
- 8 milljónir meðlima, að sögn Vísindakirkjunnar, í 120 löndum.
- Stjörnur innan kirkjunnar auk Cruise eru John Travolta, Lisa Marie Presley og Kirstie Alley.
- Samkvæmt kenningum Vísindakirkjunnar er manneskjan andleg vera eða svokallað þetan. Hugurinn skiptist í rökræna vitund og undirvitund sem er sérlega næm fyrir áföllum og áreiti. Áföllin skilja eftir sig ör, svokölluð engrams, á undirvitundinni sem eru rót vandamála manneskjunnar.
- Til að losna við þessi ör fara meðlimir Vísindakirkjunnar í viðtalsmeðferðir, auditing, þar sem rafsegulsómtæki er notað til að hreinsa undirvitundina við örin og er takmarkið að verða OT eða Operating Thetan, fullkomin vera.

# Hefur gaman af stefnumótasíðum



**GAMAN Á NETINU** Milu Kunis finnst gaman að skoða stefnumótasíður á netinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Leikkonunni Milu Kunis finnst fátt skemmtilegra en að skoða stefnumótasíður í góðra vina hópi. Sjálf segist hún þó ekki geta nýtt sér þjónustu slíkra síðna sökum frægðar sinnar.

„Ein vinkona mín kynntist unnusta sínum í gegnum slíka síðu og allar hinar eru áskrifendur að svipuðum síðum. Mér finnst þetta frábært, ég fer á Netið og vel karlmenn með þeim. Við fáum okkur vín og skoðum karlmenn og sendum sumum skilaboð. Ég mundi skrá mig þarna inn ef ég væri ekki sú sem ég er. Ég get ekki farið á stefnumót því ég er aldrei nógu lengi á sama staðnum til að geta átt í sambandi,“ sagði leikkonan í viðtali við Elle Uk.

# Réðst á ljósmyndara

Paris Hilton réðst á ljósmyndara í síðustu viku með þeim afleiðingum að hann slasaðist á handlegg og höfði.

Hilton var á leið í bifreið sína eftir að hafa verið að skemmta sér og varð ósátt þegar hún varð vör við að verið væri að mynda hana.

„Ég sá Paris og mundaði myndavélina. Ég bjóst alls ekki við því að hún mundi ráðast á mig með þessum hætti,“ sagði Billy Barrera.



**REIÐ** Paris Hilton reiddist ljósmyndara og réðst á hann. NORDICPHOTOS/GETTY

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

STÓRKOSTLEG TÓNLIST, STAÐUR OG STUND!

GLASTONBURY THE MOVIE

BÍÓ ★ PARADÍS

FIMMTUDAGUR: GLASTONBURY THE MOVIE 20:00 ■ BERNIE 17:50, 20:00, 22:10 ■ UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 17:50, 20:00 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50, 20:00, 22:10 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ *BLACK'S GAME* 22:00

FRÁ 13. JÚLÍ: RED LIGHTS með Robert De Niro!

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.


ÚTSALAN
HEFST Í DAG!
© Inter IKEA Systems B.V. 2012
IKEA
IKEA®
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is

# sport

sport@frettabladid.is



**TRYGGVI GUÐMUNDSSON** og félagar í ÍBV verða í eldlínunni í 1. umferð forkeppni Evrópudeildarinnar í kvöld. Liðið mætir írska liðinu Saint Patrick's í Dublin í fyrri leik liðanna. Á sama tíma sækir 1. deildarlið Þórs frá Akureyri lið Bohemian heim í sömu keppni en liðið er einnig frá Dublin. Í Kaplakrika tekur FH á móti USV Eschen-Mauren frá Liechtenstein. Fylgst verður með gangi mála í leikjunum á Vísi.

## Í KVÖLD

**10. umferð Pepsi-deild kk:**

**Klukkan 19.15**
Grindavík - Valur
Breiðablik - Keflavík
KR - Fylkir
Selfoss - Stjarnan
**Klukkan 20.00**
Fram - ÍA

*Leikurinn er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.*



**HÓGVÆR** Stærðfræðikennarinn 28 ára heldur sér á jörðinni þrátt fyrir frábæra frammistöðu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Atli Guðna sjóðandi heitur:

## Sex sinnum maður leiksins

**FÓTBOLTI** Atli Guðnason er leikmaður 9. umferðar að mati Fréttablaðsins. Kantmaðurinn smávaxni fór á kostum í 7-2 sigri FH-inga á Akranesi á laugardaginn. Atli skoraði þrjú mörk auk þess að leggja upp eitt.

„Það er alltaf gaman þegar manni er hrósað. Mér líður samt alltaf best þegar enginn fylgist með mér," sagði Atli í viðtali við Fréttablaðið eftir leikinn en tölfræði kappans er frábær.

Í níu leikjum FH-liðsins á leiktíðinni hefur Atli verið útnefndur maður leiksins. Hann hefur skorað sex mörk, lagt upp sjö en hann var efstur í einkunnagjöf Fréttablaðsins að loknum átta umferðum.

Atli verður í eldlínunni með FH sem tekur á móti USV Eschen-Mauren frá Liechtenstein í 1. umferð forkeppni Evrópudeildar í Hafnarfirði í kvöld. **- ktd**

**Pepsi-deild karla**

**Lið 9. umferðar**

| | |
|---|---|
| Markvörður Abel Dhaira | ÍBV |
| Vörn Brynjar Gauti Guðjónson | ÍBV |
| Vörn David Elebert | Fylkir |
| Vörn Kristinn Jónsson | Breiðablik |
| Miðja Jón Daði Böðvarsson | Selfoss |
| Miðja Björn Daníel Sverrisson | FH |
| Miðja Hólmar Örn Rúnarsson | FH |
| Miðja Óskar Örn Hauksson | KR |
| Sókn Atli Guðnason | FH |
| Sókn Þorsteinn Már Ragnarsson | KR |
| Sókn Garðar Jóhannsson | Stjarnan |

# ÉG ELSKA ENSKU ÚRVALSDEILDINA

**Landsliðsmaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson hefur samið við enska úrvalsdeildarfélagið Tottenham Hotspur. Kaupverðið hefur ekki verið gefið upp en breskir fjölmiðlar telja það vera í kringum átta milljónir punda eða sem nemur 1,6 milljörðum íslenskra króna. Samningur Gylfa Þórs við Lundúnarfélagið er til fimm ára.**

**FÓTBOLTI** Mikið hefur verið rætt og ritað um framtíð Gylfa Þórs í fjölmiðlum hérlendis sem erlendis. Óvissan hvort hann myndi ganga til liðs við fyrrum knattspyrnustjóra sinn hjá Swansea, Brendan Rodgers sem nýtekinn er við Liverpool, eða Tottenham, sem þar til á þriðjudag var knattspyrnustjóralaust, var mikil.

„Ég tók þann tíma sem ég þurfti og þó það hafi kannski verið mikill æsingur og eftirvænting í fjölmiðlum þá tók ég minn tíma í að taka rétta ákvörðun," segir Gylfi sem vill ekki ræða um áhuga Liverpool á sér í bili að ósk nýju vinnuveitendanna.

Tottenham gekk á þriðjudag frá samningi við nýjan knattspyrnustjóra, André Villas-Boas. Portúgalinn, sem var vikið úr starfi hjá Chelsea í upphafi mars, hefur rætt við Gylfa í gegnum síma.

„Hann sannfærði mig um að þetta væri frábært félag og ég hefði aldrei ákveðið mig fyrr en ljóst var hver yrði stjórinn," segir Gylfi en hann viðurkennir að hafa verið í viðræðum við Tottenham í töluverðan tíma.

„Ég spjallaði við stjórnina og klúbbinn til að byrja með en maður tekur ekki ákvörðun fyrr en maður heyrir frá stjóranum. Það er mjög mikilvægt að finna að stjórinn vilji fá mann," segir Gylfi en margur íslenskur knattspyrnumaðurinn hefur brennt sig á því að vera keyptur af stjórn félags en ekki knattspyrnustjóra þess.

> Maður tekur ekki ákvörðun fyrr en maður heyrir frá stjóranum. Það er mjög mikilvægt að finna að stjórinn vill fá mann
>
> GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON
> LEIKMAÐUR TOTTENHAM

**Þýskaland aldrei í myndinni**

Tæp tvö ár eru síðan Gylfi Þór gekk til liðs við þýska efstu deildarfélagið Hoffenheim. Hann hafði þá verið valinn leikmaður ársins hjá Reading í ensku b-deildinni en fjárhagsörðugleikar öðru fremur urðu til þess að Hafnfirðingurinn var seldur til þýska félagsins.

Eftir þokkalegt fyrsta tímabil lenti Gylfi í meiðslum og tækifærin voru af skornum skammti á fyrri hluta annars tímabilsins hjá þýska félaginu. Við tók lánstímabil hjá Swansea í ensku úrvalsdeildinni þar sem hann lék undir stjórn Brendans Rodgers sem hann hafði kynnst hjá Reading. Gylfi sló í gegn, var valinn leikmaður marsmánaðar í deildinni og ljóst var að hann vildi spila í Englandi.

„Eftir veruna hjá Reading var ég orðinn vanur Englandi og langaði alltaf aftur þangað. Ég elska úrvalsdeildina eins og flestir gera. Eftir að ég fór á lán til Swansea fann ég að enski boltinn hentaði mér betur. Ég tala tungumálið reiprennandi, skil allt og þetta er allt öðruvísi," segir Gylfi sem segist alltaf hafa langað aftur í enska boltann eftir veruna hjá Swansea sem hann kveður með söknuði.

„Auðvitað er leiðinlegt að fara frá Swansea enda átti ég frábæran tíma þar og félagið mjög skemmtilegt. Þetta er hins vegar næsta skrefið á mínum ferli."

**Risastórt félag**

Gylfi segir um að ræða stórt skref fyrir sig sem knattspyrnumann. „Þetta er risastór klúbbur með mikinn metnað, verða í Evrópudeildinni á næsta ári og eru að stækka allt í kringum sig. Þeir eru að klára nýtt æfingasvæði og hugmyndir eru um að byggja nýjan völl svo það er mikill metnaður í klúbbnum og stjórninni," segir Gylfi sem verður fjórði Íslendingurinn til þess að spila fyrir félagið sem hefur aðsetur sitt á White Hart Lane í Norður-London. Guðni Bergsson spilaði með liðinu um árabil og síðar voru Emil Hallfreðsson og Eiður Smári Guðjohnsen á mála hjá félaginu.

Tottenham hafnaði í fjórða sæti á síðustu leiktíð sem hefði venjulega dugað til Meistaradeildarsætis. Sökum þess að erkifjendurnir í Chelsea unnu Meistaradeildina varð Tottenham að sætta sig við sæti í Evrópudeildinni.

„Það eru auðvitað miklar væntingar til næsta tímabils sem er fínt. Það setur smá pressu á mann sem er bara jákvæður hlutur. Markmiðið er að bæta það og komast í Meistaradeildina á næsta ári," segir Gylfi sem mætir til æfinga hjá Lundúnarliðinu á miðvikudaginn og hlakkar til.

„Það eru auðvitað frábærir leikmenn hjá liðinu eins og van der Vaart, Adebayor, Modric og Gareth Bale. Ég gæti talið þá alla upp, þeir eru heimsþekktir og leikmenn í heimsklassa. Maður bætir sig með því að spila með þessum leikmönnum og æfa með þeim á hverjum degi."



**SVARTUR OG HVÍTUR** Hvort það var meðvitað eður ei klæddist Gylfi litum síns nýja félags í viðtali við undirritaðan í gær. Hann er fjórði Íslendingurinn til þess að ganga til liðs við félagið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Unga knattspyrnumenn dreymir um að ná langt í íþrótt sinni. Gylfi segir ákveðni og mikla vinnu hafa á endanum skilað sér þangað sem hann er kominn, til Tottenham.

„Ég áttaði mig á því mjög ungur að mig langaði í atvinnumennsku. Ég hef lagt mikið á mig. Maður þarf að æfa mikið aukalega, hugsa um líkamann og þá kemur þetta."

**kolbeinntumi@365.is**

**Atvinnumannaferill Gylfa**

| Tímabil Félag | Leikir/mörk |
|---|---|
| 2009-2010 Reading | 51/22 |
| 2010-2011 Hoffenheim | 39/10 |
| 2012 Swansea | 19/7 |
| 2012- Tottenham | ? |




Við erum með sterku hellurnar!

Graníthellurnar okkar eru endingarbetri, fallegri og ódýrari en þig grunar.

Graníthellur hafa mun lengri endingartíma en venjulegar hellur.
Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is

# FINLUX

**ÞÚ FÆRÐ MIKIÐ FYRIR LÍTIÐ. HENTA VEL HVORT SEM ER Í STOFUNA, HERBERGIÐ, Á HÓTELIÐ, SUMARBÚSTAÐINN EÐA HJÓLHÝSIÐ.**




## Finlux 22FLX850DVUD

22" HD LCD SJÓNVARP með DVD spilara, 1366x768p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara og er 12/220v. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, HDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, Heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

**FYRIR 12/230 VOLT**

**TILBOÐ ▶ 49.990**
FULLT VERÐ kr. 59.990




**12/230v**

### Finlux 22FLX910LVUD

22" HD örþunnt LED SJÓNVARP með DVD spilara 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, HDMI, USB tengi, Digital Coax, VGA, heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Með 12v - 230v kerfi og sérstaka hótelstillingu.

**TILBOÐ ▶ 59.990**
FULLT VERÐ kr. 64.990




### Finlux 26FLX905HU

26" HD LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

**TILBOÐ ▶ 64.990**
FULLT VERÐ kr. 69.990




### Finlux 26FLX850VHU

26" HD LCD SJÓNVARP með DVD spilara 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, HDMI, USB tengi, Digital Coax, VGA, heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Með sérstaka hótelstillingu.

**TILBOÐ ▶ 69.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990




### Finlux 26FLX910LHU

26" ÖRÞUNNT LED SJÓNVARP með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, Heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

**TILBOÐ ▶ 74.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990




### Finlux 32FLX905HU

32" HD LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, Heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Frábært verð.

**VERÐ ▶ 69.990**
FRÁBÆRT VERÐ




### Finlux 32FLX910VHU

32" HD LCD SJÓNVARP með DVD spilara, 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T+C (MPEG4) móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Frábært verð.

**VERÐ ▶ 79.990**
FRÁBÆRT VERÐ




### Finlux 42FLHX905HU

42" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara og 100.000:1 skerpu. Fjöldi tengimöguleika m.a. 2xHDMI, Digital Coax, 2xScart, 2xUSB margmiðlunartengi, VGA tengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

**TILBOÐ ▶ 109.990**
FULLT VERÐ kr. 129.990




### Finlux 46FLHX905HU

46" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara og 100.000:1 skerpu. Fjöldi tengimöguleika m.a. 2xHDMI, Digital Coax, 2xScart, 2xUSB Margmiðlunartengi, VGA tengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

**VERÐ ▶ 139.990**
FRÁBÆRT VERÐ

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

FINLUX SJÓNVÖRP

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**8 SIGRAR** er það sem Tiger Woods þarf til að jafna met Sams Snead yfir flesta sigra á PGA-mótaröðinni.



**Í TOPPBARÁTTUNNI** Íslandsmeistarinn Axel Bóasson er í toppbaráttunni eftir fyrsta hring á meistaramóti Keilis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Barátta á meistaramótunum:

## Topparnir hafa hafið keppni

Nökkvi Gunnarsson átti frábæran leik á fyrsta hring á meistaramóti Nesklúbbsins þar sem hann lék á 65 höggum, sjö undir pari.

Rúnar Arnórsson leiðir eftir fyrsta hring á meistaramóti Keilis. Hann lék Hvaleyrarvöll á 66 höggum, en í öðru sæti, einu höggi á eftir, er Axel Bóasson, ríkjandi Íslandsmeistari í höggleik. Í kvennaflokki leiðir Tinna Jóhannsdóttir eftir að hafa leikið á 70 höggum. Þá er Guðmundur Ágúst Kristjánsson í forystu hjá GR eftir að hafa leikið fyrsta hring á 69 höggum og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir leiðir í kvennaflokki. - þj

Tiger Woods á sigurbraut:

## Á toppinn með þriðja sigrinum

Tiger Woods tyllti sér á topp FedEx-stigakeppninnar þegar hann sigraði á AT&T National um síðustu helgi. Þetta var þriðji sigur Woods á PGA-mótaröðinni í ár og nú er hann með naumt forskot á Jason Dufner sem er í öðru sæti.

Woods er líka efstur á tekjulistanum með 4,2 milljónir dala í verðlaunafé það sem af er. Hann verður meðal keppenda á Greenbrier Classic um næstu helgi, en fram undan er undirbúningur fyrir næsta risamót, Opna breska meistaramótið sem fer fram á Royal Lytham & St. Annes eftir tvær vikur. - þj

# Vellirnir flottir og þátttakan góð

**Hundruð kylfinga um allt land eigast nú við á meistaramótum stóru golfklúbbanna. Mótin hjá þeim eru viku fyrr en ella vegna þátttöku margra helstu kylfinga í forkeppni Evrópumóts landsliða í næstu viku.**

Meistaramót eru hafin hjá stærstu golfklúbbum landsins þar sem hundruð kylfinga, bæði afreksmanna og almennra iðkenda, fara um brautir og flatir, og óumflýjanlega nokkrar glompur.

Mótin eru haldin viku fyrr en ella þar sem margir helstu kylfingar landsins munu keppa fyrir Íslands hönd í forkeppni Evrópumóts landsliða sem fram fer á Hvaleyrarvelli í næstu viku. Ísland mun þar keppa við átta aðrar þjóðir um þrjú laus sæti á Evrópumótinu.

Meistaramótin eru jafnan einn af hápunktum sumarsins hjá kylfingum þar sem allir meðlimir geta skráð sig til leiks.

Ástand valla um land allt er eins og best verður á kosið að sögn starfsmanna klúbbanna, þrátt fyrir þurrkatíð síðustu vikur.

„Hér er allt á fullu,“ sagði Ólafur Þór Ágústsson, framkvæmdastjóri Keilis. „Völlurinn er í toppástandi. Við erum komnir með svo öflugt vökvunarkerfi að við höfum náð að halda vellinum í mjög góðu standi.“

Sömu sögu er að segja hjá Golfklúbbi Reykjavíkur þar sem tæplega 600 manns taka þátt í ár.

„Þetta hefur gengið mjög vel,“ segir Garðar Eyland Bárðarson framkvæmdastjóri og bætir því við að vellir klúbbsins hafi að hans mati aldrei verið betri.

„Veðrið er búið að vera alveg yndislegt og stefnir í að halda sér út vikuna.“

Garðar segir annars að stefnan sé jafnan að hafa vellina alltaf eins góða og kostur er.

„Þátttakendur núna eru um 570 af 3.000 félögum alls, þannig að við leggjum okkur alltaf fram um að hafa vellina í toppástandi.“

Valgeir Tómasson hjá GKG sagði að útlit væri fyrir spennandi keppni milli bestu kylfinganna, en þeir hófu keppni í gær.

„Allir okkar bestu kylfingar eru með á mótinu fyrir utan Birgi Leif. Breiddin í efstu flokkunum okkar er alltaf að aukast þannig að ég von á jafnri og spennandi keppni út síðasta hringinn á laugardag.“

Gunnar Þór Jóhannsson hjá Golfklúbbi Suðurnesja segir mótið hafa byrjað afar vel hjá þeim. Aðstæður hafi verið með besta móti og Hólmsvöllur líti vel út.

„Brautirnar eru sumar pínu þurrar en við höfum vökvað flatirnar hjá okkur vel þannig að þær eru næstum óaðfinnanlegar.“

Þátttaka hjá öllum klúbbunum var með besta móti þó að mótin séu haldin viku fyrr, jafnan ekki nema rétt undir fjölda síðasta árs.

Víða um land verða meistaramót í næstu viku, til dæmis hjá Golfklúbbi Akureyrar. Halla Sif Svavarsdóttir framkvæmdastjóri segir að völlurinn sé í fyrirtaks ásigkomulagi enda hafi tíðin verið góð. Skráning sé nýhafin en gangi vel. thorgils@frettabladid.is



**SPÁÐ Í KORPUNA** Þessir þrír kylfingar horfa íbyggnir út á völl á Korpúlfsstaðavelli. Tæplega 600 manns taka þátt í meistaramóti Golfklúbbs Reykjavíkur og hundruð annarra eru við keppni víða um land. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Breiddin í efstu flokkunum okkar er alltaf að aukast þannig að ég á von á jafnri og spennandi keppni út síðasta hringinn á laugardag.
>
> VALGEIR TÓMASSON FRAMKVÆMDASTJÓRI GKG




HYUNDAI NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

5 ÁRA
ÁBYRGÐ
VEGAAÐSTOÐ
GÆÐASKOÐUN
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

## Hyundai Santa Fe METAN

# LÆGRA VERÐ

## LÆGRI REKSTRARKOSTNAÐUR - 5 ÁRA ÁBYRGÐ

### LÆGRA VERÐ

Lægri aðflutningsgjöld eru greidd af bílum með metanbúnaði og því getum við nú boðið takmarkað magn af Santa Fe með sérhönnuðum metanbúnaði á einstöku tilboðsverði.

### LÆGRI REKSTRARKOSTNAÐUR

Þeir sem keyra 20.000 km geta sparað allt að 160.000 krónur í eldsneytiskostnað með því að aka ríflega helminginn á metani auk þess sem þeir greiða lægri bifreiðagjöld.

### 5 ÁRA ÁBYRGÐ

Santa Fe metan er eini metanbíllinn á markaðnum sem boðinn er með 5 ára ábyrgð.

**Verð 5.990 þús. kr.**

**Verð áður ~~6.990 þús. kr.~~**

Með báða tanka fulla af eldsneyti getur þú ekið Santa Fe rúmlega **1.000 km.**





Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur

KANNIÐ HVAÐ ÞIÐ FÁIÐ FYRIR GAMLA BÍLINN

Við tökum að sjálfsögðu notaða bílinn sem greiðslu upp í nýjan og því er tilvalið að líta við, þiggja kaffibolla og fá upplýsingar hjá sölumönnum okkar um hvernig viðskiptin gætu hugsanlega litið út.

B|L

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilstöðum / 470 5070

**BL** Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

## > Stöð 2 Sport kl. 19.45

### Pepsi-deild karla

***Bein útsending frá leik Fram og ÍA í Pepsi-deild karla í knattspyrnu. Framarar hafa átt erfitt uppdráttar í sumar og þurfa nauðsynlega á sigri að halda gegn Skagamönnum sem hafa misst flugið að undanförnu eftir frábæra byrjun á mótinu. Pepsi-mörkin eru á dagskrá klukkan 22.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR HORFIR Á NÝJA ÞÆTTI

# *Dóninn og lærisveinninn*

Blessuð blíðan hefur komið í veg fyrir sjónvarpsgláp undanfarið. Þriggja tíma sundferðir og hjólatúrar milli hverfa gera samt það að verkum að sófahangs verður óhjákvæmilegt og stöðvaflakkið fylgir með.

Sumarið er tíminn þegar nýir dagskrárliðir hefja göngu sína en ég er því miður ekki vön að vera með puttann á púlsinum í þeim efnum. Ég frétti oftast af góðum þáttum alltof seint. Gott dæmi er Borgen sem ég fattaði ekki að fylgjast með fyrr en fyrstu þættirnir voru búnir og hef nagað mig í handarbökin síðan. Allir vinir mínir á samskiptavefnum Facebook skiptast á að lofsama dönsku snilldina og ég verð bara að bíða eftir að þeir komi á DVD.

Í stöðvaflakki mínu á fallegu sumarkvöldi með dúndrandi sólsting og After sun datt ég inn á lögfræðingaþáttinn Suits. Já, nafnið gaf til kynna að ekki væri um mikla snilld að ræða en þegar ég hafði lokið við að horfa á þáttinn kom í ljós að ófrumlegur titillinn var bara lélegu ímyndunarafli framleiðenda að kenna. Þættirnir sjálfir eru nefnilega ágætis afþreying. Harvey Specter er dónalegur og jafnframt þrusugóður lögfræðingur sem tekur hinn unga og týnda Mike Ross undir sinn verndarvæng. Ross er ekki með lögfræðipróf en með límheila sem kemur honum áfram og er í stöðugri hættu um að koma upp um sig innan stofunnar. Jafnframt vinnur hann mál með læriföður sínum Specter og klæðist, mikið rétt, jakkafötum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Alltaf að rífast **14.00** Fréttir **14.03** Ljóðabókin syngur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Leyndardómar býflugnanna **15.25** Matartíminn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Liðast um landið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.30** Kvöldsagan: Innansveitarkronika **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Meðal annarra orða - stjörnur **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.35 Herstöðvarlíf** (Army Wives)
**17.20 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.31 Múmínálfarnir**
**17.42 Lóa**
**17.55 Orðaflaumur – Ordstorm: Kär** (5:5) (Ordstorm)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Hvolpalíf** (1:8) (Valpekullet) Norsk þáttaröð um hvolpahóp sem fylgst er með frá goti og fyrsta árið hjá nýjum eigendum.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Gómsæta Ísland** (1:6) (Delicious Iceland) Matreiðsluþáttaröð í umsjón Völundar Snæs Völundarsonar.
**20.05 Flikk - flakk** (1:4) Á aðeins tveimur dögum ráðast íbúar Vestmannaeyja og Hornafjarðar í miklar framkvæmdir í samstarfi við færustu hönnuði landsins. Boðið er upp á veislur, tónlist og ýmsar uppákomur.
**20.55 Líf vina vorra** (1:10) (Våra vänners liv) Sænskur myndaflokkur.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** (134:138) (Criminal Minds VI) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Loforðið** (1:4) (The Promise) (e) Breskur myndaflokkur um stúlku sem fer til Palestínu og Ísraels í fótspor afa síns.
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**06.20 Couple's Retreat**
**08.10 Ramona and Beezus**
**10.00 Shallow Hal**
**12.00 Robots**
**14.00 Ramona and Beezus**
**16.00 Shallow Hal**
**18.00 Robots**
**20.00 Couple's Retreat**
**22.00 Swordfish**
**00.00 I'ts a Boy Girl Thing**
**02.00 The Chumscrubber**
**04.00 Swordfish**
**06.00 Mad Money**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.45 Malcolm in the Middle** (4:16)
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (162:175)
**10.15 Glee** (10:22)
**11.00 Extreme Makeover: Home Edition** (10:25)
**11.45 Lie to Me** (8:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Joe's Palace** Bresk mynd um Elliot sem er sérlundaður Lundúnabúi og sérstakt samband hans við Joe, táning sem hann réð til þess sjá um höfðingjasetur sitt í borginni.
**14.55 Smallville** (9:22)
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (14:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Simpsons**
**19.40 Arrested Development** (11:18)
**20.05 Masterchef USA** (7:20) Matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni.
**20.50 The Closer** (9:21) Sjöunda þáttaröðin um líf og starf morðrannsóknardeildar hjá lögreglunni í Los Angeles.
**21.35 Fringe** (3:22) Fjórða þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar.
**22.20 Rescue Me** (20:22)
**23.05 Dallas** (3:10)
**23.50 Rizzoli & Isles** (3:15)
**00.35 The Killing** (8:13)
**01.25 House of Saddam** (4:4)
**02.25 Joe's Palace**
**04.15 The Closer** (9:21)
**05.00 Lie to Me** (8:22)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**18.10 Herminator Invitational** (1:2) Sýnt frá góðgerðargolfmóti sem knattspyrnumaðurinn Hermann Hreiðarsson stendur fyrir í Vestmannaeyjum. Fjölmargir þekktir kappar taka þátt í mótinu.
**18.55 Shellmótið** Sýndar svipmyndir frá mótinu þar sem knattspyrnustjörnur framtíðarinnar láta ljós sitt skína.
**19.45 Pepsi-deild kk: Fram - ÍA** BEINT
**22.00 Pepsi-mörkin**
**23.10 Arnold Classic** Sýndar svipmyndir frá mótinu sem fram fór í Columbus í Ohio. Það voru meira en 18 þúsund keppendur sem mættu til leiks og tóku þátt í 45 íþróttagreinum og viðburðum.
**23.50 Pepsi-deild kk: Fram - ÍA**
**01.40 Pepsi-mörkin**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.55 Arsenal - Liverpool**
**19.40 PL Classic Matches. Chelsea - Tottenham, 2003**
**20.10 Premier League World**
**20.40 Man. City - Aston Villa**
**22.25 Season Highlights 2005/2006**
**23.20 QPR - Chelsea**

## 2 EXTRA

**19.55 The Doctors** (151:175)
**20.35 In Treatment** (61:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 New Girl** (21:24)
**22.15 2 Broke Girls** (9:24)
**22.40 Drop Dead Diva** (5:13)
**23.25 Gossip Girl** (21:24)
**00.10 The No. 1 Ladies' Detective Agency** (5:7)
**01.10 In Treatment** (61:78)
**01.35 The Doctors** (151:175)
**02.15 Fréttir Stöðvar 2**
**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray (e)**
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.15 The Biggest Loser** (8:20) (e)
**16.45 Being Erica** (9:13) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 The Firm** (19:22) (e)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (11:48) (e)
**19.30 30 Rock** (11:23) (e)
**19.55 Will & Grace** (17:27) (e)
**20.20 Eldhús sannleikans** (9:10) Sigmar B. Hauksson snýr aftur í sjónvarp með nýja seríu matreiðsluþátta. Í hverjum þætti er ákveðið þema og Sigmar útbýr ljúffenga rétti með hjálp gesta.
**20.45 Happy Endings** (2:13) (e)
**21.10 Blue Bloods** (21:22) Vinsælir bandarískir sakamálaþættir sem gerast í New York borg. Dauði eyðslusams manns lítur grunsamlega út. Jamie er settur í stofufangelsi þegar skotið er á „Jimmy Riordan".
**22.00 The River** (3:8) Hrollvekjandi þáttaröð um hóp fólks sem lendir í yfirnáttúrulegum aðstæðum í Amazon.
**22.50 Jimmy Kimmel** Jimmy lætur gamminn geisa og fær gesti sína til að taka þátt í ótrúlegustu uppákomum.
**23.35 Law & Order: Criminal Intent** (5:16) (e)
**00.20 Unforgettable** (11:22) (e)
**01.10 Blue Bloods** (21:22) (e)
**02.00 Camelot** (4:10) (e)
**02.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** AT&T National - PGA Tour 2012 (4:4) **12.00** Golfing World **12.50** Golfing World **13.35** AT&T National - PGA Tour 2012 (4:4) **18.35** Inside the PGA Tour (27:45) **19.00** The Greenbrier Classic - PGA Tour 2012 (1:4) **23.00** Presidents Cup Official Film 2011 (1:1) **23.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## BBC entertainment

**06.30** Keeping Up Appearances **07.30** One Foot in the Grave **08.05** New Tricks **09.45** Deal or No Deal **10.20** EastEnders **10.50** Come Dine With Me **11.40** QI **12.40** Keeping Up Appearances **13.40** One Foot in the Grave **14.50** The Graham Norton Show **15.35** QI **16.35** Come Dine With Me **17.25** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** The Royal Bodyguard **20.30** Twenty Twelve **21.00** The Graham Norton Show **21.50** Live at the Apollo **22.35** Top Gear **23.24** The Royal Bodyguard **23.55** Twenty Twelve

## DR 1

**12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamie's Great Britain **14.00** Professor Balthazar **14.10** Olivia **14.20** Timmy-tid **14.30** Landet for længe siden **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Gintberg på kanten **18.30** 80'erne tur retur **19.00** TV Avisen **19.30** Aftentour 2012 **20.00** Ægte mennesker **21.00** Emils damer **21.30** Lulu og Leon **21.31** Lulu og Leon **22.15** Damages **23.00** Arvingen til Glenbogle

## NRK 1

**12.00** Danmark fra kyst til kyst **13.00** NRK nyheter **13.05** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.05** Matador **15.00** NRK nyheter **15.10** Sommeråpent **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Tegnspråknytt **16.10** Team Bachstad **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Kalahari **18.25** Folk **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.15** Farlig spill **20.50** Berulfsens Historiske Perler **21.00** Kveldsnytt **21.15** Farlig spill **22.00** Kalde føtter **22.50** Tinas sommerkjøkken **23.30** På vei til Sel

## svt1

**13.15** Genom Ryssland på 30 dagar **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Next door letters **15.10** Det ljuva livet i Alaska **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Minnenas television **17.15** Mitt i naturen **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Här är ditt kylskåp **18.30** Mitt i naturen Australien **19.00** Schmokk **20.00** Barnläkarna **21.00** Rapport **21.05** Gravid i höga klackar **21.50** Nordkalotten 365 **22.20** Det ljuva livet i Alaska **23.05** Uppdrag Granskning

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Perlur úr myndasafni

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




# Erum að **breyta heiminum**

## – vantar mannskap





### Ferðamálafrömuður
– þarf að geta pakkað pökkum

**Framkvæmdastjóri WOW ferða**
Við leitum að öflugri manneskju til að móta og skipuleggja starfsemi WOW ferða. Þarf að hafa reynslu af pakkaferðum fyrir hópa og einstaklinga og menntun á sviði viðskipta eða ferðamála. Ekki spillir fyrir að vera skipulagður, hafa einlægan áhuga á ferðalögum, mikið keppnisskap og skemmtilega sýn á lífið og tilveruna.

### Söluræðusnillingur
– þarf að geta samið ný ævintýri

**Sölumaður hjá WOW ferðum**
Við leitum að réttu manneskjunni í sölu skipulagðra ferða. Þarf að vera jákvæð, hugmyndarík og geislandi af þjónustulund alla daga. Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg, sem og leikni í mannlegum samskiptum. Sjálfstæð vinnubrögð, vandvirkni og ævintýraþrá þurfa að fylgja – auk hæfileikans til að selja Íslendingum hamingjuna.

### Tekjustýrimaður
– þarf að kunna að besta

**Forstöðumaður tekjustýringar**
Við leitum að hreinræktuðu séníi til að stýra verðlagningu WOW air, bestun á sætanýtingu og öðru því sem dauðlegir menn kunna ekki skil á. Verkfræði- eða stærðfræðimenntun er brýn nauðsyn, skipulagshæfileikar, útsjónarsemi og almenn skemmtilegheit. Viðkomandi má ekki vera haldinn tölvufælni af neinu tagi.

Erum við að leita að þér? Ekki hika við að senda umsókn á **starf@wowair.is** fyrir **12. júlí**.

WOW air

Höfðatún 12 | 105 Reykjavík | Ísland / Iceland | +354 590 3000 | www.wowair.is | wowair@wowair.is

**SUMARFRÍIÐ**



*„Við fjölskyldan erum að flytja og ég verð að vinna í íbúðinni minni allavega næsta mánuðinn, svo förum við feðgarnir í Stereo Hypnosis að spila í Grikklandi og Kanada í ágúst.“*

Pan Thorarensen, einn af skipuleggjendum Extreme Chill - Undir Jökli 2012.

# Sóldögg malar eins og köttur

Hljómsveitin Sóldögg kemur saman eftir ellefu ára hlé á Bestu útihátíðinni um helgina. Bergsveinn Arilíusson söngvari segir mikla eftirvæntingu ríkja meðal hljómsveitarmeðlima.

Ástæðuna fyrir endurkomunni segir Bergsveinn vera tvíþætta. „Annars vegar fannst okkur við aldrei hafa kvatt aðdáendur okkar og hins vegar var stór hópur af krökkum sem keyptu plöturnar okkar of ungur til að mæta á tónleika með okkur og það skipti okkur máli. Það fékk okkur til að segja: „Let's do it! Komum saman eitt fallegt sumarkvöld á fallegum stað.“ Við hlökkum mjög mikið til að „feisa“ fólkið og það er engin lygi,“ segir Bergsveinn.

Sóldögg var upp á sitt besta í lok tíunda áratugar síðustu aldar og árið 1998 kom sveitin fram á um 108 tónleikum. Þó langt sé um liðið frá því sveitin kom síðast saman segir Bergsveinn meðlimi hennar vera undirbúna fyrir tónleikana um helgina.

„Það kom okkur á óvart hversu vel æfingar hafa gengið. Þetta var eins og gömul þýsk vél sem hrökk í gang og malaði eins og köttur. Þó skammtímaminnið sé beyglað þá man ég, merkilegt nokk, flesta textana. Það er svo álitamál hvort við séum enn í nógu góðu líkamlegu formi, við erum ekki 22 ára lengur.“

Að sögn Bergsveins mun sveitin einungis leika gamla slagara og nefnir í því samhengi lögin Svört sól, Friður og Breyta um lit. Hann segir stærsta vandamálið vera það að velja úr öllu safninu aðeins nokkur lög. „Við höfum úr nógu að moða, vonandi veljum við réttu lögin.“

Besta útihátíðin verður haldin á Gaddstöðum við Hellu um helgina og á meðal þeirra tónlistarmanna og hljómsveita sem munu stíga á stokk eru Sykur, Páll Óskar, Gus Gus, Botnleðja og Dikta. - sm



**UPPLIFA GÖMLU DAGANA** Bergsveinn Arilíusson og félagar hans í hljómsveitinni Sóldögg koma saman í eitt skipti á Bestu útihátíðinni um helgina.








**DÓMNEFNDIN**

Þau Friðrika Hjördís Geirsdóttir, Ólafur Örn Ólafsson og Eyþór Rúnarsson ætla að finna nýjan meistarakokk í íslensku útgáfunni af MasterChef sem hefur göngu sína á Stöð 2 í lok árs.

**ÞÓR FREYSSON:** DRAMATÍK, TÍMAÞRAUTIR OG GIRNILEGUR MATUR

# Íslensk útgáfa af Master Chef í loftið í lok ársins

„Matreiðsluþættir virðast alltaf hitta í mark hér á landi, hjá ungum sem öldnum,“ segir Þór Freysson, framleiðandi hjá Saga Film, sem hefur veg og vanda að íslenskri útgáfu af MasterChef sem verða á dagskrá Stöðvar 2 í lok árs.

MasterChef eru þekktir raunveruleikaþættir þar sem áhugakokkar spreyta sig við eldavélina í kapp við tímann um leið og þeir þurfa að heilla dómnefnd. Dómnefnd íslensku útgáfunnar skipa þau Friðrika Hjördís Geirsdóttir sjónvarpskokkur, Eyþór Rúnarsson, kokkur á Nauthól, og Ólafur Örn Ólafsson, yfirþjónn á Hótel Marína. Þór segir Saga Film lengi hafa viljað gera íslenska útgáfu af kokkaþættinum vinsæla og hefur trú á að það leynist margir áhugakokkar á íslenskum heimilum sem vilja láta ljós sitt skína í sjónvarpi.

„Við höfum verið að undirbúa þetta í tvö ár núna og höfum fulla trú á að þetta verði vinsælt hjá sjónvarpsáhorfendum. Þetta hefur allt sem til þarf, dramatík, tímaþrautir og girnilegan mat,“ segir Þór en tökur hefjast í ágúst.

Íslenska MasterChef verður níu þátta sería sem byrjar á vinnubúðum fyrir stóran hluta umsækjenda. Af þeim verða svo 30 manns boðið í áheyrendaprufur. Prufunum svipa til Idol-þáttanna nema í stað þess að syngja þá er eldað. „Þá mæta þátttakendur með tilbúinn rétt fyrir dómnefndina. Af þessum 30 manna hóp komast svo átta í úrslit en þá hefst útsláttur. Að lokum standa svo tveir eftir í úrslitaþættinum.“

Enginn kynnir verður á MasterChef en Þór segir dómnefndina fá stærra hlutverk fyrir vikið. Þau Friðrika, Eyþór og Ólafur eiga að keyra þáttinn áfram og fá það vandasama hlutverk að miðla matarupplifuninni áleiðis til áhorfandans heima í stofu.

Skráning í þáttinn hefst í dag á Stod2.is og hvetur Þór alla áhugaog ástríðukokka að skrá sig til leiks en 1 milljón króna er í verðlaunafé. „Þetta er fyrir þá sem hafa gaman af því að elda. Ekki endilega bara flókna rétti heldur líka einfaldan heimilismat fyrir fjölskylduna.“ alfrun@frettabladid.is

# Slær hann út Eið og City?

„Röðin er nú ekki farin að myndast enn, enda kannski ótímabært þar sem nýja treyjan er ekki komin til landsins og Gylfi ekki kominn með númer á bakið,“ segir Viðar Valsson, starfsmaður Jóa Útherja, um sölu á treyjum fótboltaliðsins Tottenham sem Gylfi Sigurðsson skrifaði undir samning við í gær.

Gylfi, sem verður 23 ára í september, mun spila með úrvalsdeildarliðinu á komandi leiktíð en hann hefur verið á mála hjá þýska liðinu 1899 Hoffenheim frá því í ágúst 2010. Viðar segir Tottenham-treyjur hafa verið þokkalega vinsælar í sölu síðustu tvö árin en hann búist við mikilli aukningu nú þegar Gylfi komi til með að spila í henni. „Um leið og hann skorar fyrsta markið á salan eftir að verða vitlaus,“ segir Viðar og hlær. Hann spáir því að Tottenham verði í þriðja sæti yfir best seldu treyjurnar hjá Jóa Útherja þetta árið, á eftir risunum í Manchester United og Liverpool. „Hún nær þeim eflaust ekki en hún verður örugglega vinsælli en Manchester City-treyjan,“ segir hann, sem er merkilegt í ljósi þess að Citymenn eru handhafar enska deildarbikarsins eins og er. Aðspurður segist hann einnig spá því að Gylfi verði vinsælli en Eiður Smári var á sínum tíma.

Jói Útherji á von á sendingu með nýrri treyju Tottenham í ágústmánuði. „Í ljósi þessara frétta erum við að gera okkar besta til að fá þær í hús fyrr en áætlað var,“ segir Viðar. Hann segir verslunina einnig ætla að reyna að koma höndum yfir aðrar vörur merktar Gylfa. „Við vonum svo bara að birgjarnir okkar úti verði duglegir að setja hann á plaköt og aðrar vörur, þá verðum við að sjálfsögðu með það í sölu,“ segir hann. - trs



**VINSÆLAR TREYJUR** Flutningur Gylfa yfir til enska úrvalsdeildarliðsins Tottenham á eflaust eftir að skila sér í aukinni sölu á treyju liðsins hérlendis.

SUMAR 2012

# NÝJAR VÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Regatta GREAT OUTDOORS

Dare 2b

CRAGHOPPERS

BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS

## ÚTIVISTAR „MARKAÐUR“

**Hjá okkur má skila og skipta**

## Dömur & herrar

| | |
|---|---|
| Bolir | 1.990,- |
| Skyrtur | 2.990,- |
| Buxur | 4.990,- |
| Kvart buxur | 4.990,- |
| Zip/off buxur | 7.990,- |
| Softshell buxur | 7.990,- |
| Stretch buxur | 7.990,- |
| Flís peysur | 3.990,- |
| Softshell peysur | 4.990,- |
| Isotex jakkar | 7.490,- |
| Isotex kápur | 7.490,- |
| Undirföt buxur | 2.990,- |
| Undirföt bolur | 2.990,- |
| Isotex 20000 stretch jakkar | 16.990,- |
| Bakpokar, skór ofl. | |

## Börn

| | |
|---|---|
| Bolir | 1.490,- |
| Flís peysur | 1.990,- |
| Softshell peysur | 3.990,- |
| Regnbuxur | 1.490,- |
| Regnjakkar | 4.490,- |
| Zip/off buxur | 3.990,- |
| Softshell buxur | 4.490,- |
| Undirfatasett | 3.990,- |
| Skór | 4.990,- |



**OPIÐ**
VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16

ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550
www.utivistogsport.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Umtalaður Gylfi

Fótboltakappinn **Gylfi Sigurðsson** skrifaði undir samning við breska úrvalsdeildarliðið Tottenham í gær, eins og fjölmiðlar víða um heim hafa greint frá. Notendur samskiptasíðunnar Twitter voru afar duglegir við að ræða um málefni Gylfa í gær, svo duglegir að nafn hans var á lista yfir umtöluðustu málefni síðunnar í Bretlandi og á heimsvísu á tímabili. Það þarf vart að taka fram að Twitter er á meðal vinsælustu samskiptasíðna heims með tugi milljónir notenda um allan heim.



### Franskt bíófár

Íslenskir kvikmyndaunnendur hafa sannarlega tekið frönsku myndinni Intouchables fagnandi þar sem nær 12.000 manns hafa séð hana á síðustu þremur vikum og er ekkert lát á. Þannig segir í tilkynningu að aðsóknin hafi aukist hverja helgi, sem sé þvert á lögmál bransans, og raunar hafi enn bætt í í upphafi þessarar viku. Þessar vinsældir hljóta að gleðja **Ísleif B. Þórhallsson** og félaga hjá Græna ljósinu, sem flytur myndina inn, enda segir í tilkynningunni að allt stefni í að öll met verði slegin fyrir aðsókn að myndum frá öðrum löndum en Bandaríkjunum og Íslandi.



- afb, þj

### Mest lesið VÍSIR

1. Atriði Of Monsters and Men í Jay Leno
2. Upprættu stærsta barnaklámshring í sögunni
3. Tímaspurning hvenær banaslys hlýst af
4. Eldsvoðinn í Kópavogi rannsakaður
5. Háttalag trjágeitungsins einsdæmi




